

**SKOÐUN** Vilja stuðla að umræðu um samkeppnishvata í heilbrigðis- og menntamálum, skrifar Páll Gunnar. 22



**MENNING** Ástrós Erla Benediktsdóttir er skólastjóri nýja förðunarskólans NN Make Up School. 50



**SPORT** Katrín Jónsdóttir kveður íslenska kvennalandsliðið í fótbolta í kvöld eftir 19 ára þjónustu. 44







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**26. september 2013**
226. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Lítið vitað um áhrif brennisteinsvetnis

Mikil þörf er sögð á rannsóknum á heilsufarsáhrifum brennisteinsvetnis. Áhrif á tæki og mannvirki eru sönnuð. 12

**Fordæmalaus ákvörðun** Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG og fyrrverandi umhverfisráðherra, segir áform um að afturkalla lög um náttúruvernd fordæmalaus og svik. 2

**Lítið svigrúm til hækkana** Samtök atvinnulífsins telja að í nýjum kjarasamningum verði að nást „þjóðarsátt“ um lækkun verðbólgu og vaxta. 4

**Boðar sættir og samlyndi** Rúhaní Íransforseti virðist staðráðinn í að bæta samskiptin við Bandaríkin og önnur Vesturlönd. 10




22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | | NA | 7 |
| Akureyri | 5° | | NA | 3 |
| Egilsstaðir | 7° | | NV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | | SV | 2 |
| Reykjavík | 10° | | N | 3 |

**DÁLÍTIÐ VÆTA** Í dag verður yfirleitt fremur hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Dálítil væta en úrkomulítið S- og V-til. Hiti 4-10 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Sparneytnir bílar | Fólk




# Samtök á vinnumarkaði vilja vera með í úttekt á viðræðum

SA, ASÍ og Viðskiptaráð vilja taka þátt í fyrirhugaðri úttekt stjórnvalda á stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Hafa ritað forsætisráðherra formlegt bréf þar sem þau lýsa áhuga sínum. Stjórnvöld hafa ekki svarað.

**STJÓRNMÁL** Alþýðusambandið, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð hafa skrifað Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og lýst áhuga sínum á að taka þátt í úttekt á stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Ríkisstjórnin ákvað fljótlega eftir að hún komst til valda að gera hlé á viðræðunum en að gerð yrði úttekt á stöðu þeirra og þróun mála innan Evrópusambandsins. Að þessari vinnu vilja aðilar vinnumarkaðarins koma.

„Við viljum ráðast í úttekt á stöðu aðildarviðræðna og öðrum þeim kostum sem við stöndum frammi fyrir hvað varðar peningamál og efnahagsumgjörðina,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Aðilar vinnumarkaðarins vilja að skipaður verði hópur fagfólks til að gera úttektina. Bréfinu fylgja hugleiðingar um hvað þurfi að kortleggja og hvaða spurninga þurfi að spyrja varðandi ESB. Samtökin vilja fá svör við því hvernig hægt sé að taka aftur upp viðræður við ESB og ljúka þeim á þann hátt að þjóðin geti tekið afstöðu til aðildar.



GYLFI ARNBJÖNSSON



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

„Það eru ýmis tækifæri fólgin í Evrópusamvinnu en það eru líka ýmis ljón í veginum þegar kemur að sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamálum,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins. Hann segir að ASÍ vilji ekki útiloka neina möguleika í stöðunni. Það sé bæði gott og viturlegt að skoða kosti og galla Evrópusamvinnu. Gylfi segir að samtök á vinnumarkaði vilji gjarnan koma því til leiðar að umræða um Evrópusambandsmál verði á málefnalegri nótum en hún hefur verið síðustu vikur og mánuði.

Stjórnvöld hafa ekki svarað bréfi aðila vinnumarkaðarins. - jme



**TÍUÞÚSUNDKALL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri með nýja tíu þúsund króna seðilinn sem bankinn setur í umferð í næsta mánuði. Seðillinn er tileinkaður Jónasi Hallgrímssyni. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eigandinn fann köttinn sjálf:

# Fann Nuk á flugvellinum

**FÓLK** „Ég er mjög hamingjusöm,“ sagði Susanne Alsing, eigandi læðunnar Nuk, sem strauk úr einkaþotu á Reykjavíkurflugvelli á mánudagskvöld. Hún fann köttinn á flugvallarsvæðinu um klukkan átta í gærkvöldi.



SUSANNE ALSING

„Ég var að leita að henni þegar ég varð vör við hana undir skýli, einhverjum 300 metrum frá flugvélinni,“ sagði Alsing. Talið var að kötturinn hefði farið af flugvallarsvæðinu og upp í Öskjuhlíð. Í örvæntingu sinni fékk Susanne aðstoð frá björgunarsveitum við leit að kettinum. Þá hét hún því að hver sá sem fyndi læðuna fengi hundrað þúsund krónur í fundarlaun.

„Nuk var dálítið ringluð en það rjátlaðist af henni eftir nokkrar mínútur,“ sagði Alsing spurð hvernig kettinum liði. - vg / sjá síðu 2

Saksóknari segir morðárás á Egilsstöðum hafa verið „svakalega ofsafengna“:

# Krefst 16 ára dóms fyrir morð

**DÓMSMÁL** Saksóknari krefst sextán ára fangelsisdóms yfir Friðriki Brynjari Friðrikssyni, sem ákærður er fyrir að hafa ráðið Karli Jónssyni bana með eldhúshníf í íbúð þess síðarnefnda við Blómvang á Egilsstöðum í maí.

„Við ákvörðun refsingar verður að horfa til þess að þarna var um svakalega ofsafengna árás að ræða gegn nánast algjörlega ókunnugum manni,“ sagði Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari þegar hún flutti málið í Héraðsdómi Reykjaness í gærkvöldi.

Hún sagði framburð Friðriks hafa breyst í sífellu og að svo virtist sem hann hefði lagað hann jafnóðum að því sem fram hefði komið við rannsóknina. Hann ætti sér ekki neinar málsbætur. Fullyrðing hans um að Karl hefði kynferðislegar langanir til barna hefði verið rannsökuð sérstaklega í þaula án þess að nokkuð kæmi fram sem renndi stoðum undir hana.

„Það liggur sextán ára fangelsi við broti af þessu tagi og ég held að það sé engin ástæða til að færa þá refsingu eitthvað niður,“ sagði Kolbrún.

> **Við ákvörðun refsingar verður að horfa til þess að þarna var um svakalega ofsafengna árás að ræða.**
>
> *Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari*

Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi Friðriks, viðurkenndi að framburður hans hefði verið reikull, en eitt hefði þó verið stöðugt: Hann hefði aldrei viljað kannast við að hafa beitt hníf.

Hún sagði að ekki væri útilokað að Friðrik hefði, eins og hann heldur sjálfur fram, lent í stimpingum við Karl og yfirgefið íbúð hans, komið aftur skömmu síðar og þá hefði Karl verið látinn. Raunverulegur gerandi gæti jafnvel hafa verið enn inni í íbúðinni – til dæmis inni á baðherbergi.

„Auðvitað er þetta ekki líklegt, þetta er ekki sennilegt – þetta er frekar ótrúlegt – en er þetta ómögulegt? Raunveruleikinn er stundum ótrúlegri en nokkur skáldskapur,“ sagði verjandinn. - sh / sjá síðu 6







## SPURNING DAGSINS



Ástráður, er þetta ekki orðið gott?

**Nei, orðið er ennþá laust.**

Ástráður Eysteinsson, forseti Hugvísindasviðs Háskólans, kynnti á þriðjudag leitina að fegurstu orðum íslenskunnar.

Fyrrverandi umhverfisráðherra sakar núverandi ráðherra um svik:

# Segir ákvörðun fordæmalausa

**STJÓRNMÁL** Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra, segir að áform Sigurðar Inga Jóhannssonar umhverfisráðherra um að afturkalla lög um náttúruvernd séu fordæmalaus og þar að auki svik við samkomulag sem gert var á síðasta kjörtímabili.

Málið var afgreitt frá Alþingi stuttu fyrir kosningar í vor en gildistöku var frestað samkvæmt samkomulagi milli þáverandi stjórnar og stjórnarandstöðu.

„Það að ráðherra skuli með þessu móti kippa löggjöfinni í heild úr sambandi held ég að sé fordæmalaust. Ráðherra hefði verið í lófa lagið að skoða það sem hann vil skoða betur en kannski hefur hann einfaldlega horn í síðu náttúruverndar,“ segir Svandís.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Frumvarpið var mjög umdeilt. Meðal þeirra sem mótmæltu frumvarpinu var Ferðaklúbburinn 4x4. Sveinbjörn Halldórsson, formaður ferðaklúbbsins, fagnar ákvörðun ráðherra. „Hann [ráðherra] sýnir með þessu mikla ábyrgð í starfi. Við báðum um það á sínum tíma að þetta yrði tekið af dagskrá og endurskoðað í heild,“ segir Sveinbjörn. - hks

Skólar bundnir trúnaði:

# Sérfræðingar eru kallaðir til

**MENNTAMÁL** Félag skólastjórnenda í Reykjavík segir stefnu grunnskóla borgarinnar að tryggja öryggi og velferð nemenda. Félagið sendi frá sér yfirlýsingu vegna fjölmiðlaumræðu síðustu daga.

Þar segir að unnið sé eftir skýrum ferlum þegar upp koma erfið mál. Sé ekki hægt að leysa mál innan skólans séu kallaðir til sérfræðingar. Þá eru skólastjórnendur og aðrir starfsmenn skóla sagðir bundnir trúnaði og geti því ekki tjáð sig um einstök mál. -ebg



**ÁNÆGÐ MEÐ GJÖFINA** Krakkarnir í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði voru augljóslega ánægðir með að fá mjólk að gjöf á skólamjólkurdeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Alþjóðlegi skólamjólkurdagurinn var haldinn í gær:

# Gáfu 70 þúsund börnum mjólk

**MENNTAMÁL Alþjóðlegi skólamjólkurdagurinn var haldinn í fjórtánda sinn víða um heim í gær fyrir tilstuðlan Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna.**

**Í tilefni dagsins buðu íslenskir kúabændur og Mjólkursamsalan öllum 70.000 leikskóla- og grunnskólabörnum landsins upp á mjólk í skólunum.**

**Reiknað er með að hérlendis hafi alls sextán þúsund lítrar af mjólk verið drukknir þennan dag. Skólamjólkurdagurinn var kynntur í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði í gærmorgun. Þar var ljóst að börnunum leiddist ekki gjöfin góða, enda holl og bragðgóð.** - vg

188.300 á vinnumarkaði:

# Minna atvinnuleysi var í ágúst

**EFNAHAGSMÁL** Skráð atvinnuleysi í ágúst var 4,4 prósent. Atvinnuleysi hefur minnkað um 1,3 prósentustig frá sama mánuði í fyrra þegar það var 5,7 prósent. Þetta kemur fram í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

Atvinnuleysi í mánuðinum var 4,6 prósent meðal karla miðað við 4,9 prósent í ágúst í fyrra. Á meðal kvenna var það 4,2 prósent miðað við 6,7 prósent í ágúst 2012. Í ágúst voru 188.300 manns á vinnumarkaði. Af þeim voru 180.000 starfandi og 8.300 án vinnu og í atvinnuleit. - hg

Lögð áhersla á aðhald:

# Orkuveitan greiðir skuldir

**REYKJAVÍK** Orkuveita Reykjavíkur ætlar að greiða skuldir fyrirtækisins niður um 80,3 milljarða króna á næstu árum samkvæmt fjárhagsáætlun sem stjórn fyrirtækisins hefur samþykkt. Lögð er áhersla á áframhaldandi aðhald meðan staðinn sé vörður um grunnþjónustu.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár Orkuveitunnar fylgi verðlagi en þróun ytri þátta, svo sem gengis, vaxta og álverðs, getur raskað þeim áformum og þung skuldabyrði í erlendum gjaldmiðlum gerir fyrirtækið viðkvæmara fyrir sveiflum þessara þátta. -ebg

# Endurskoða verklag vegna kattarins Nuk

**Starfsmenn Tollstjóra funduðu í gær vegna hvarfs dönsku læðunnar Nuk úr einkaflugvél á Reykjavíkurflugvelli aðfaranótt þriðjudags. Yfirtollvörður segir embættið ætla að endurskoða verklag við tollaeftirlit þegar dýr finnast í einkaflugvélum.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það er greinilegt að þarna urðu mistök sem við hörmum og við ætlum að endurskoða hvort við hefðum getað gert betur,“ segir Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður eftirlitsdeildar Tollstjóra, um atvikið sem varð á Reykjavíkurflugvelli aðfaranótt þriðjudags þegar danska læðan Nuk strauk úr einkaflugvél eiganda síns.

Starfsmenn Tollstjóra funduðu í gær vegna málsins og tóku ákvörðun um að fara í endurskoðun á verklagi við tollaeftirlit þegar dýr finnast í einkaflugvélum.



KÁRI GUNNLAUGSSON.

Kári segir að tollafgreiðsla umræddrar einkaflugvélar hafi farið fram með hefðbundnum hætti. „Þegar tollverðir sáu dýrið var óskað eftir því að það yrði geymt í lokuðu búri og að hvorki það né úrgangur úr því færi frá borði. Okkur var því ekki kunnugt um að dýrið fengi að ganga frjálst um vélina.“

Þegar einkaflugvélar sem lenda á Reykjavíkurflugvelli hafa farið í gegnum skoðun Tollstjóra er eina eftirlitið með þeim og áhöfn þeirra fólgið í því að Isavia, sem fer með rekstur flugvallarins, gætir þess að óviðkomandi aðilar fari ekki inn á flugvallarsvæðið eða út á flugbrautir.

Spurður hvort ekki sé ákveðin brotalöm fólgin í því að farþegar einkaflugvéla geti sleppt dýrum sínum lausum að lokinni tollskoðun segir Kári að svo sé. „Við hins vegar getum ekki vaktað einstaka vélar því við erum ekki með mannskap til þess. En við reynum að hafa gott eftirlit með þessu og erum í góðu samstarfi við Matvælastofnun. Hluti af þessari endurskoðun á verkferlum okkar mun felast í því hvort við getum séð til þess að dýrin séu geymd í lokuðu rými á meðan þau eru hér á landi.“



**UMFANGSMIKIL LEIT** Björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni að Nuk á miðvikudag og sex búrum var komið fyrir í nágrenni Reykjavíkurflugvallar. MYND/VILHELM

Að sögn Kára er nokkuð um að dýr komi hingað til lands í fylgd eigenda í einkaflugvélum. Hann nefnir þekkt dæmi frá síðasta ári þegar tónlistarkonan Lady Gaga kom hingað til lands með hundinn sinn og lenti á Reykjavíkurflugvelli. „Það á sérstaklega við þegar aðilar eru að millilenda hér í lengri ferðum á milli landa sem hleypa dýrum óhindrað inn,“ segir Kári.

**„Málið byggir fyrst og fremst á mannlegum mistökum eiganda dýrsins sem taldi nauðsynlegt að opna rifu á hurð flugvélarinnar svo kötturinn kafnaði ekki.**

*Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður.*

Hann segir að mál danska kattarins sé vissulega slæmt. „Málið byggir fyrst og fremst á mannlegum mistökum eiganda dýrsins sem taldi nauðsynlegt að opna rifu á hurð flugvélarinnar svo kötturinn kafnaði ekki,“ segir Kári.

haraldur@frettabladid.is






Nýr borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins mun hefja störf bráðlega:

# Gísli Marteinn hættir í pólitík

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Gísli Marteinn Baldursson mun hætta afskiptum af pólitík og láta af störfum sem borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Þetta kom fram í tilkynningu frá Páli Magnússyni útvarpsstjóra RÚV í gær en Gísli mun á næstunni hafa umsjón með nýjum umræðuþætti í Sjónvarpinu sem verður á dagskrá fyrir hádegi á sunnudögum.

Gísli Marteinn birti á vef sínum pistil um ákvörðunina. „Það er heilmikið álag að vera í stjórnmálum. Ég hélt alltaf að það hlyti að vera auðveldara ef ég vissi fyrir hvað ég stæði og hefði trú á mínum hugmyndum,“ segir Gísli og bætir við að honum finnist leiðinlegt að standa í stöðugum illdeilum, ekki síst við félaga og vini sem honum þyki vænt um.

Ekki er staðfest hvenær Gísli Marteinn hættir störfum hjá borginni en Júlíus Vífill Ingvarsson oddviti sjálfstæðismanna segir að ekki hafi verið ákveðið hvernig þeim störfum sem Gísli hefur sinnt verði deilt niður.

Jórunn Frímannsdóttir er fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins en hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lítið tekið þátt í pólitísku starfi undanfarið. Næst á eftir Jórunni á lista er



**HÆTTUR** Unnið er að því að deila verkefnum Gísla Marteins milli borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hildur Sverrisdóttir, sem hefur starfað með Gísla Marteini í umhverfis- og skipulagsráði undanfarin ár. - ebg

dyson

*Hágæða pokalausar ryksugur, mjög öflugar handryksugur og hljóðlátar glæsilegar viftur. Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.*



Sem verkfræðingar verðum við að sjá handan við núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er í raun drifkrafturinn hjá Dyson – ný hugsun sem leysir hversdagsleg vandamál. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina á þessum forsendum. Ég vissi að það hlyti að vera betri leið en gamla stíflaða tæknin. Einhverjum 5.127 frumgerðum síðar, hafði ég lausnina.“

**JAMES DYSON**
uppfinningarmaður
cyclone vacuum
tækninnar

# 15%

## AFSLÁTTUR AF DYSON RYKSUGUM Í SEPTEMBER



dyson

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## SVONA ERUM VIÐ



**84% Íslendinga segjast oftast nota olíu við matargerð en hlutfall þeirra sem nota smjörlíki er aðeins um 8%.**

**Í elsta aldurshópnum nota 73% oftast olíu, 14% smjörlíki og 10% smjör, en í öðrum aldurshópum er hlutfallið 88% olía, 6% smjörlíki og 4% smjör.**

*Heimild: Hvað borða Íslendingar. Könnun á mataræði Íslendinga, 2011.*

Raforkuverð gæti hækkað með tilkomu sæstrengs til Bretlands en ábati er sagður gríðarlegur:

# Strengur gæti skilað 40 milljörðum árlega

**ORKUMÁL** Sala á raforku frá Íslandi til útlanda í gegnum sæstreng gæti skilað þjóðarbúinu 40 milljörðum króna á ári. Þetta kemur fram í skýrslu sem fjármálafyrirtækið GAMMA vann fyrir Landsvirkjun um áhrif sæstrengs á hag íslenskra heimila.

Í skýrslunni kemur fram að lagning sæstrengs auki öryggi og skilvirkni í orkuvinnslu.

Ásgeir Jónsson, efnahagsráðgjafi GAMMA, segir viðbúið að raforkuverð muni hækka hér á landi með tilkomu sæstrengs en hægt væri að bregðast við því með því að nota hluta af hagnaði raforkusölunnar til að niðurgreiða verð til heimila. „Raforkuverð á Íslandi er mun lægra en þekkist í Evrópu. Það gæti einhver hækkun átt sér stað en óvíst er hversu mikil hún kynni að verða. Raforkuverð á Íslandi verður alltaf lægra en í útlöndum. Bara flutningskostnaður í gegnum strenginn þýðir að við verðum með lægra raforkuverð en úti,“ segir Ásgeir.

Ásgeir segir hagkvæmast að leggja sæstreng til Bretlands. „Það er töluverður skortur á grænni orku í Bretlandi. Bretar eru lengst frá því að uppfylla markmiðin um nýtingu grænnar orku og þeir eru því tilbúnir að bjóða hátt verð,“ segir Ásgeir. - hks



**FUNDAÐ UM SÆSTRENG** Hörður Arnarson var meðal gesta á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÓLÍFUR** Erfðaefni úr þjófi fannst á steini úr ólífu. NORDICPHOTOS/GETTY

Innbrot í Svíþjóð:

## Steinn úr ólífu sönnunargagn

**SVÍÞJÓÐ** Steinn úr ólífu varð til þess að upp komst um þjófa í Svíþjóð sem taldir eru tilheyra alþjóðlegu þjófagengi.

Fjórir menn eru nú í haldi grunaðir um fjölda innbrota í íbúðir í Stokkhólmi, Eskilstuna og Uppsölum í sumar. Meðal sönnunargagna er steinn úr ólífu sem lá á eldhúsgólfinu í einu húsanna sem brotist var inn í. Erfðaefni fannst á steininum, sem var úr ólífu sem einn þjófanna hafði gætt sér á.

Við handtöku mannanna fann lögreglan tvo stóra geymslustaði með þýfi úr um þrjátíu innbrotum. -ibs

### STJÓRNSÝSLA

**Heimsótti Þjóðminjasafnið**

Forsætisráðherra heimsótti Þjóðminjasafnið í byrjun vikunnar. „Dagskrá forsætisráðherra lauk með kynningu í Þjóðmenningarhúsi á áformum safnsins varðandi uppbyggingu þar í næstu framtíð,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins. Málefni tengd varðveislu menningararfsins og minjavernd heyra undir forsætisráðuneytið.

### LEIÐRÉTT

Rangt var farið með tölur um fjölgun heimafæðinga hér á landi síðastliðin tíu ár í frétt blaðsins í gær. Hið rétta er að slíkum fæðingum fjölgaði um 296 prósent milli 2002 og 2012. Þá var heimafæðingaljósmóðirin Arney Þórarinsdóttir rangnefnd í fréttinni.

# Lítið svigrúm sagt til launahækkana

Samtök atvinnulífsins telja að í nýjum kjarasamningum verði að nást sátt um lækkun verðbólgu og vaxta. Samtökin vilja ekki semja lengur en til eins árs. Stefna verði að „þjóðarsátt“. Kallað á breytt vinnulag við gerð kjarasamninga.

**KJARASAMNINGAR** „Við viljum nýja þjóðarsátt um betri lífskjör með lækkun verðbólgu og vaxta,“ sagði Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, þegar samtökin kynntu áherslur sínar í komandi kjarasamningum.

Samtökin telja að betra efnahagsumhverfi leiði til aukinna fjárfestinga fyrirtækja og kröftugri hagvaxtar.

Þau telja að aukin fjárfesting skili 10 til 15 þúsund störfum á næsta ári. Samtökin telja ekki mikið svigrúm til launahækkana. Þorsteinn segir að samtökin líti til Norðurlandanna í því sambandi. Þar hafi mönnum tekist að halda verðbólgu í skefjum en þar hafa launabreytingar á ári verið hálft til tvö prósent. Reynslan frá Norðurlöndunum sýni að hægt sé að auka kaupmátt með hófstilltum launahækkunum yfir lengri tíma og það hafi gerst á tímum þjóðarsáttarsamninganna hér á landi.

Björgólfur Jóhannsson, formaður samtakanna segir að þau vilji semja til eins árs. Á þeim tíma ætti að vera komin skýrari mynd af stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum næstu ár og áform um afnám gjaldeyrishafa ætti að liggja fyrir.

Samtökin telja að á næsta ári verði að huga að því að breyta vinnulagi við gerð kjarasamninga. Þeir verði að byggjast meira á getu hverrar atvinnugreinar til að greiða laun. „Það yrði samið um kostnaðarsvigrúm kjarasamnings en ekki hin eiginlegu laun í heildarkjarasamningi,“ segir Þorsteinn. Samningar um laun myndu færast inn í fyrirtækin. johanna@frettabladid.is



**NÝ ÞJÓÐARSÁTT** Samtök atvinnulífsins vilja nýja þjóðarsáttasamninga. Aðildarfyrirtæki SA eru um tvö þúsund. Hjá félagsmönnum SA starfar um helmingur launamanna á almenna vinnumarkaðnum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Vantar átta þúsund störf

Samtök atvinnulífsins segja að nærri níu þúsund manns hafi flutt af landi brott umfram aðflutta á árunum 2009 til 2012. Þrátt fyrir það vanti enn um átta þúsund störf fyrir fólk á Íslandi sem er án vinnu. Ef vel ætti að vera þyrfti því að skapa 10-15 þúsund störf hér á landi á næstu árum en á hverju ári bætast allt að tvö þúsund manns við vinnumarkaðinn.

### Skulda tvö þúsund milljarða

Samtök atvinnulífsins segja að skuldir heimilanna nemi tvö þúsund milljörðum króna. Hver prósenta í verðbólgu leggi 20 milljarða króna byrði á heimilin í formi vaxta og verðbóta. Heildarlaun landsmanna nema 800 milljörðum króna og því hækka tekjur heimilanna um 8 milljarða þegar laun hækka um eina prósentu og um fimm milljarða eftir greiðslu tekjuskatts. Ávinningur heimilanna af eins prósents hjöðnun verðbólgu sé að minnsta kosti fjórfalt meiri en af eins prósenta launahækkun.





**INNKALLAÐ** Bónus karríkrydd hefur verið innkallað. MYND/MAST

Vara frá Kötlu innkölluð:

## Salmonella í karríkryddi

**NEYTENDUR** Bónus karríkrydd, framleitt í síðasta mánuði, hefur verið innkallað vegna gruns um salmonellumengun.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun kemur fram að Salmonella muenchen hafi greinst í einni dós af vörunni við innra eftirlit hjá Kötlu matvælaiðju sem framleiðir kryddið.

Þeim sem hafa keypt vöruna þar sem síðasti söludagur er 13.08.2014 er bent á að skila henni til framleiðanda. - þj

Réðu Sigurð Má Jónsson:

## Nýr upplýsingafulltrúi ríkisins

**STJÓRNSÝSLA** Sigurður Már Jónsson hefur verið ráðinn upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar og hefur störf 1. október næstkomandi.



**SIGURÐUR MÁR JÓNSSON.**

Sigurður, sem fæddur er 1960, hefur starfað við blaðamennsku síðan 1985, þar á meðal sem aðstoðarritstjóri og ritstjóri Viðskiptablaðsins. Sigurður sagði í samtali við Fréttablaðið að ráðningin hefði ekki átt sér langan aðdraganda. - hg






PIZZAOSTUR Á TILBOÐI
ÞÚ FINNUR GIRNILEGAR UPPSKRIFTIR
Á GOTTIMATINN.IS


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**ÚRKOMULÍTIÐ SYÐRA** Það verður norðlæg átt ríkjandi á landinu næstu daga með úrkomu norðan og austan til en annars úrkomulítið. Gengur í suðlæga átt um helgina og léttir víðast hvar til.





**Á morgun**
3-8 m/s.





**Laugardagur**
5-10 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Billund | 14° | Gautaborg | 13° | London | 19° | Orlando | 31° | San Francisco | 20° |
| Basel | 25° | Frankfurt | 20° | Kaupmannahöfn | 13° | Mallorca | 28° | Ósló | 13° | Stokkhólmur | 9° |
| Berlín | 14° | Friedrichshafen | 24° | Las Palmas | 27° | New York | 21° | París | 24° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

FIMMTUDAGINN 26. SEPT.

Ódýrast!
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur

# Ofurdagur




## 10 kr.

afsláttur af
lítranum í dag

## +

## 2 kr.

## til Á allra vörum

Í dag færðu 10 kr. Ofurdagsafslátt hjá Orkunni og Shell þegar þú greiðir með kortum eða lyklum Orkunnar, eða Staðgreiðslukorti Skeljungs.

**Í tilefni af Ofurdeginum láta Orkan og Shell 2 krónur af hverjum seldum lítra renna til Á allra vörum sem safnar fyrir sérstakri bráðageðdeild.**

**Notaðu Orkuna þína til góðra verka í dag.**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM57602

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mikið hraðar súrnar hafið en áður var talið?
**2.** Hvaða þjóðhöfðingi afþakkar heimboð Bandaríkjaforseta vegna njósnamáls?
**3.** Að hverju leitar Hugvísindasvið Háskóla Íslands þessa dagana?

**SVÖR:**
**1.** Tífalt hraðari. **2.** Dilma Rousseff, forseti Brasilíu. **3.** Fegurstu orðum íslenskrar tungu.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra um framlög til Rannsóknasjóðs:

# Forsendur skorti fyrir hækkun framlaga

**MENNTUN** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra tekur undir með kennurum og vísindamönnum við helstu háskóla landsins um að framlög til rannsókna séu mikilvæg til framþróunar og aukins hagvaxtar. Hins vegar hafi áform fyrri ríkisstjórnar um 550 milljóna aukningu framlaga til Rannsóknasjóðs byggt á veikum forsendum um fjármögnun.

Í fjárfestingaáætlun fyrri ríkisstjórnar var gert ráð fyrir 550 milljónum í viðbótarframlög til Rannsóknasjóðs, sem nú býr yfir 800 milljónum króna. Illugi segir að það komi í ljós við framlagningu fjárlaga í næstu viku hver framlögin verði. Það sé fjármálaráðherrans að kynna fjárlögin. „En ég get auðvitað tekið undir áhyggjur þeirra af stöðu þessara mála,“ segir menntamálaráðherra og vísar þar til greinar fjórtán kennara og vísindamanna í Fréttablaðinu í gær.

Hins vegar hafi framlögin verið tengd fjárfestingaáætlun fyrri stjórnar sem byggði á veiðigjaldi sem aldrei hefði skilað þeim tekjum sem ætlast var til.



> **Ég get auðvitað tekið undir áhyggjur þeirra af stöðu þessara mála.**
>
> *Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra*

„Sem sýnir hversu óheppilegt er að tengja jafn mikilvæg mál eins og vísindastarfsemina í landinu við slíka skattstofna.“ Framlög sem þessi eigi að fjármagna beint úr ríkissjóði eins og önnur mikilvæg útgjöld.

Illugi minnir á að ríkissjóður sé skuldum hlaðinn og vaxtabyrði þeirra skulda sé gífurleg. Rannsóknastarf sé mikilvægt til eflingar atvinnu- og efnahagslífs enda mikið fé veitt í þær. Hér sé aðeins verið að ræða áðurnefnda aukningu. **- hmp**

# Friðrik Brynjar taldi sig hafa drepið mann

Upptaka af samtali grunaðs morðingja við Neyðarlínuna var leikin í héraðsdómi í gær. Í því segist hann hafa slegið mann og jafnvel banað honum. Stór eldhúshnífur gekk í gegnum rifbein hins látna og brot úr hnífnum sátu eftir í höfði hans.

**DÓMSMÁL** „Já halló, ég heiti Friðrik Brynjar. Ég held ég hafi drepið mann.“

Á þessum orðum hefst símtal Friðriks Brynjars Friðrikssonar í Neyðarlínuna aðfaranótt þriðjudagsins 7. maí síðastliðins. Upptaka af samtalinu var leikin í Héraðsdómi Reykjaness í gær, þar sem fram fór síðari hluti aðalmeðferðar í manndrápsmáli á hendur Friðriki Brynjari.

Friðrik Brynjar er ákærður fyrir að hafa ráðið nágranna sínum, Karli Jónssyni, bana í íbúð þess síðarnefnda við Blómvang 2 á Egilsstöðum, veitt honum ótal áverka með hnífi og skilið hann eftir liggjandi í blóði sínu á svölum íbúðarinnar.

Friðrik Brynjar hefur neitað sök en segist hafa farið heim til Karls í tvígang þessa nótt. Í fyrra skiptið hafi þeim lent saman og Friðrik síðan rokið á dyr, en í seinna skiptið hafi hann komið að honum látnum.

„Ég kýldi hann einu sinni, beint hnefahögg, og hann datt niður og ég dró hann með mér út fyrir svalirnar,“ heyrist Friðrik segja við starfsmann Neyðarlínunnar.

Í samtalinu fullyrðir Friðrik að hann hafi ekki slegið Karl að ástæðulausu. „Hann réðst á mig,“ sagði hann, og: „Hann reyndi að kyssa mig.“

Sambýliskona Friðriks bar vitni fyrir dómnum í gær. Hún lýsti kvöldinu örlagaríka á þann veg að þau hefðu verið í heimsókn hjá vinnufélaga Friðriks og hefðu þurft að leita á heilsugæslustöð eftir að hundur húsráðandans beit Friðrik í fingurinn. Eftir heimkomuna hefði Friðrik Brynjar farið út að ganga með tík þeirra, nokkuð við skál, en snúið aftur í fylgd lögreglu, mun ölvaðri.

„Hann var mjög rólegur,“ fullyrti hún, hefði síðan afklæðst inni í eldhúsi og lagst til svefns. Þá hefði lögregla horfið af vettvangi. Sjálf sagðist hún hafa verið vakandi í klukkustund á eftir að sinna grátandi dóttur þeirra, sem þá var átta mánaða, og aftók með öllu að Friðrik Brynjar hefði farið aftur út um nóttina. „Hann fór ekki út aftur – ég hefði vaknað við það.“

Þá lýsti þýskur réttarmeinafræðingur því fyrir dómnum að spor eftir hund hefðu fundist í blóði inni á heimili Karls.

Hann lýsti því að morðinginn hefði veitt Karli 92 áverka með hnífi „með miklum ofsa og ofbeldi“.



**NEITAR SÖK** Friðrik Brynjar hefur aldrei viðurkennt að hafa ráðist að Karli með hnífi. MYND/PRESSPHOTOS

### Var ofurölvi

Í máli deildarstjóra Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði kom fram að útreikningar á áfengismagni í blóði Friðriks bentu til þess að fyrr um kvöldið eða nóttina hafi það verið 2,5 til 3 prómill, og jafnvel enn meira en það. Samkvæmt skala sem þar sé notaður þýði það að hann hafi verið mjög ölvaður eða með áfengiseitrun.

Til marks um ofsann nefndi sá þýski að gríðarlegt afl þurfi til að stinga hníf í gegnum rifbein manns, auk þess sem brot úr hnífnum hefðu orðið eftir í höfði Karls.

Búast má við dómi innan fjögurra vikna. **stigur@frettabladid.is**

Persónuvernd úrskurðaði að Fiskistofa mátti ekki nota myndavélar:

# Bannað að nota falda myndavél

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd úrskurðaði í gær að Fiskistofu hefði verið óheimilt að beita falinni myndavél í Njarðvíkurhöfn í febrúar síðastliðnum. Ástæðan var skortur á viðvörunum.

„Þetta er mikilvæg lögglöf sem Persónuvernd er að framfylgja þarna en eftirlit með myndavélum er gríðarlega mikilvægt fyrir Fiskistofu. Við þurfum mjög á því að halda að geta beitt myndavélum í okkar eftirliti,“ sagði Eyþór Björnsson fiskistofustjóri um niðurstöðuna.

Að sögn Eyþórs eru allir eftirlitsmenn Fiskistofu búnir myndavélum til að geta tekið ljósmyndir og eins myndbandsbrot.

Úrskurðurinn virðist ávísun á að illmögulegt sé að koma upp um brot af þessu tagi. „Þetta er mjög erfiður málaflokkur. Erfitt að upplýsa brot ef við megum ekki nota myndavélar og gerir okkur erfitt fyrir. Það er svo mikilvægt fyrir okkur að átta okkur á því hvernig aðilar haga sér við að fremja brotin svo við getum gripið inn í og stöðvað þau brot,“ segir Eyþór.

Fiskistofu er gert að eyða öllum upptökum. **- jbg/vg**



**NJARÐVÍKURHÖFN** Fiskistofu var óheimilt að beita falinni myndavél á höfninni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Villibráðarhlaðborð

26. október & 2. nóvember.

**Meðal rétta í hlaðborðinu:**

Ísl. Hreindýr - Ísl. Gæs - Ísl. Önd - Krónhjörtur
Rjúpusúpa - Dúfa - Lynghæna - og margt fleira.

**Verð aðeins 9.500 kr. á mann.**

Ef þú vilt bæta við gistingu þá kostar gisting með morgunverðarhlaðborði og villibráðarhlaðborði 15.900 kr. á mann í tveggja manna herbergi. Verð fyrir einn í herbergi er 19.900 kr. á mann.



Magnús og Jóhann

sjá um lifandi tónlist fyrir gesti að loknu borðhaldi.

**Pantanir í síma**
**430 8600**

Klettsbúð 9 - 360 Hellissandur - S: 430 8600
hotelhellissandur@hotelhellissandur.is
www.hotelhellissandur.is
Hótel Hellissandur



LS

**Verðtryggð skuldabréf**
**Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu LSS150224 dagsett 24. apríl 2013 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. **www.lanasjodur.is** fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 27. september 2013 er 150.000.000 kr. heildarnafnverð lokksins er þá 30.614.500.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð Jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

*Reykjavík, 26. september 2013.*
*Lánasjóður sveitarfélaga ohf*

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM SKÓM**
26.-29. SEPTEMBER.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. september.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

www.renault.is

RENAULT

SPARNEYTNIR
Á GÓÐU VERÐI



RENAULT MEGANE 4,2 L/100 KM*
SPORT TOURER 1,5 l, sjálfsk. dísil
Verð: 3.890 þús. kr.



RENAULT CLIO 3,4 L/100 KM*
EXPRESSION 1,5 l, beinsk. dísil
Verð: 2.890 þús. kr.




RENAULT SCENIC 4,7 L/100 KM*
Sjálfsk. dísil
Verð: 4.290 þús. kr.
GRAND, 7 MANNA: 4.690 þús. kr.

*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda í blönduðum akstri

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

ENNEMM / SÍA / NM58709

# Fyrsti nýi peningaseðillinn í átján ár

**Seðlabanki Íslands kynnti í gær nýja tíu þúsund króna seðilinn. Hann er tileinkaður Jónasi Hallgrímssyni. Á seðlinum má finna vísanir í störf Jónasar sem skálds, íslenskumanns, alþýðufræðara og náttúrufræðings. Fréttablaðið skoðaði seðilinn.**

## 10.000 KRÓNA SEÐILLINN
### HUGSUNIN Á BAKVIÐ HÖNNUNINA

**FRAMHLIÐ**




**Mynstrið undir fjárhæð seðilsins** er unnið út frá mynstursbekk á kápu tímaritsins Fjölnis.

**Ljóðlínur á framhlið** eru úr kvæðinu Ferðalok og eru í rithönd Jónasar. Fyrir aftan efri línurnar má sjá tungl.

**Hæðarlínur fjallsins Skjaldbreiðs** í fjarvíddarvörpun mynda grunnmynstur framhliðar.

**Mynstrið á öryggisborða** er unnið út frá mynstursbekk á kápu tímaritsins Fjölnis, en Jónas var einn af stofnendum tímaritsins.

Á hægri hlið framhliðar er **mynd af Jónasi Hallgrímssyni**. Á seðlinum má einnig sjá Háafjall og Hraundranga mótuð úr nýyrðum Jónasar, en Jónas var mikilvirkur nýyrðasmiður og ættaður frá Hrauni í Öxnadal.

**BAKHLIÐ**




**Hæðarlínum Skjaldbreiðs** er varpað inn á myndina í fjarvíddarvörpun.

**Blýantsteikning Jónasar af fjallinu Skjaldbreið** frá áningarstað hans við Neðri-Brunna ásamt vetrarljósmynd af fönnum fjallsins.

Á seðlinum má sjá myndir af **lóum og hörpudisk**.

**Ljóðlínur á bakhlið** eru í rithönd Jónasar, úr fyrsta erindi kvæðisins Fjallið Skjaldbreiður sem er eftir Jónas.

### ➜ Hönnuðurinn



**Kristín Þorkelsdóttir,** myndlistarmaður og grafískur hönnuður, hannaði nýja seðilinn. Samstarfsmaður og meðhönnuður hennar er Stephen Fairbairn. Þau Kristín hafa hannað alla íslenska peningaseðla frá árinu 1978.

Frábærar McCain franskar á 5 mínútum




Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði. Einföld og fljótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana. Prófaðu núna!

McCain



THAILAND
Santa Maria
Thai
Santa Maria
CHICKEN THAI WOK
Spice Mix
2-3
RÉTTA BRAGÐIÐ ÚR AUSTRI
COCONUT MILK
OYSTER SAUCE
THAI SOYA SAUCE
SATAY SAUCE
SWEET CHILI SAUCE
PREMIUM
EGG NOODLES
FISH SAUCE
Fæst í verslunum
Hagkaups og Bónus
BÓNUS
HAGKAUP

Auglýsing um útgáfu

10000 KRÓNA PENINGASEÐILS

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968 mun Seðlabanki Íslands gefa út og setja í umferð hinn 24. október nk. 10000 króna peningaseðil af svofelldri gerð:







Upplýsingar um öryggisþætti seðilsins og myndefni hans má finna á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is

Reykjavík, 26. september 2013
FJÁRMÁLA– OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ





**MÓTMÆLENDUR Í NEW YORK** Á ýmsu hefur gengið í samskiptum Bandaríkjanna og Írans síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Íransforseti boðar sættir og samlyndi

**Rúhaní Íransforseti virðist staðráðinn í að bæta samskiptin við Bandaríkin og önnur Vesturlönd. Hann vill samningaviðræður um kjarnorkumálin og lætur, ólíkt forvera sínum í embætti, alveg vera að tala illa um Ísrael og Bandaríkin.**

**ÍRAN** Í dag hittast á fundi í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna þeir Múhammad Javad Zaríf, utanríkisráðherra Írans, og John Kerry, hinn bandaríski starfsbróðir hans.

Þetta verður einn af sárafáum fundum sem svo háttsettir fulltrúar þessara þjóða hafa átt síðan bylting var gerð í Íran árið 1979. Á fundinum verða einnig starfsbræður þeirra frá Rússlandi, Kína, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Umræðuefnið verður hin umdeilda kjarnorkuáætlun Írans, sem Bandaríkjamenn og Ísraelar óttast að stefni í áttina að kjarnorkuvopnum.

Íranar hafa síðustu árin ekki haft mikinn áhuga á að ræða þessi mál við Bandaríkin eða önnur Vesturlönd.

Það hefur breyst eftir að Hassan Rúhaní tók við embætti forseta Írans síðla sumars.

Hann virðist staðráðinn í að bæta samskipti lands síns við umheiminn og hefur notað hvert tækifæri til að gera öðrum löndum þetta ljóst.

Hann ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York á þriðjudag og kvað þar við allt annan tón en þegar forveri hans, Mahmúd Ahmadínedjad, talaði þar. Hann lét það til dæmis alveg vera að tala illa um Ísrael eða Bandaríkin.

> ➜ Rúhaní ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York á þriðjudag og kvað þar við allt annan tón en þegar forveri hans, Mahmúd Ahmadínedjad, talaði.

Rúhani sagðist vilja uppbyggileg samskipti við önnur ríki byggð á gagnkvæmri virðingu og sameiginlegum hagsmunum. Hann fullyrti að heimsbyggðinni stafaði engin hætta af Íran og sagðist endilega vilja viðræður við Barack Obama Bandaríkjaforseta um kjarnorkuáætlun Írans.

Minnstu munaði reyndar að þeir Obama hittust á þriðjudaginn, þegar þeir fluttu báðir ávarp á allsherjarþinginu. Báðum þótti það hins vegar ekki ráðlegt og ákváðu að geyma það til betri tíma að ræða saman.

Obama sagðist hins vegar, í sínu ávarpi, jafn staðráðinn og fyrr í að koma í veg fyrir að Íranar gætu komið sér upp kjarnorkuvopnum.

gudsteinn@frettabladid.is



## Nýr forseti með nýjan tón

- 2013, 4. ágúst: Hassan Rúhaní, 65 ára, tekur við forsetaembætti Írans.
- 30. ágúst: Allir ráðherrar ríkisstjórnar Rúhanís opna Facebook-síður.
- 4. september: Rúhaní sendir nýárskveðjur á Twitter til gyðinga sem halda upp á Rosh Hashana.
- 5. september: Múhammad Javad Zarif, nýr utanríkisráðherra Írans, fordæmir fjöldamorð þýskra nasista á gyðingum, og þar með lauk helfararafneitunartímabili íranskra stjórnvalda.
- 18. september: Rúhaní lýsir því yfir að Íran muni aldrei reyna að útvega sér gereyðingarvopn, að kjarnorkuvopnum meðtöldum. Sama dag leysir hann tólf þekkta pólitíska fanga úr haldi.
- 22. september: Ákvörðunarvald í kjarnorkumálum fært frá hinu harðlínusinnaða þjóðaröryggisráði til ráðuneytis Zarifs.
- 23. september: Rúhaní sýnir sáttahug gagnvart Bandaríkjunum og fleirum í fyrsta ávarpi sínu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Mynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS





30% af rúmfötum með hverri dúnsæng

Ný heimasíða www.lindesign.is

100% dúnsæng

Áður 34.990 kr
Nú 24.990 kr
Þú sparar 10.000 kr

Eingöngu 100% náttúruleg efni, dúnn & bómull.

Fylling: 100% dúnn
Dúnmagn: 790 gr
Stærð: 140x200

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri



Viðskiptatengsl Íslands og Kína: Hvað er framundan?



Viðskiptafræðideild

Föstudaginn 27. september kl. 12:00-13:00 í Aðalbyggingu, stofu 220

Fyrirlestrarröð Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa og Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands.

Hvernig getur Ísland hagnast á þeim ávinningi að vera fyrsti fríverslunarsamningsfélagi Kína í Evrópu? **Pétur Yang Li** varpar ljósi á mikilvægi fríverslunarsamnings Íslands og Kína, sem teygir sig lengra en hinn hefðbundni tvíhliða samningur.

Erindið fer fram á ensku.

**Pétur Yang Li** er viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í Peking.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands standa fyrir sameiginlegri fyrirlestraröð um viðskipti við Kína frá ýmsum sjónarhornum.

Allir velkomnir

NORÐURLJÓS

HÁSKÓLI ÍSLANDS VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD




**Í FLUGSTÖÐINNI** Gestir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar greiða 490 krónur fyrir klukkutíma aðgang að þráðlausu neti.

Uppfæra þarf tækjabúnað:

## Beðið eftir fríu neti í Leifsstöð

**UPPLÝSINGATÆKNI** Prófanir hefjast á ný á nýju þráðlausu netsambandi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar um miðjan nóvember.

Frá þessu er greint á vef Túrista þar sem segir að núverandi tölvukerfi Keflavíkurflugvallar sé ekki nógu öflugt til að hægt sé að bjóða upp á nettengingu í flugstöðinni.

Til stóð í byrjun sumars að hætta að rukka farþega fyrir aðgang að þráðlausu neti. Verkefnið reyndist hins vegar flóknara en gert var ráð fyrir og hefur Túristi það eftir Isavia, rekstraraðila flugvallarins, að sérstakur búnaður sé nauðsynlegur til þess að hægt sé að ráða við álagið sem fylgir notkuninni. - ibs




Dressmann XL
WWW.DRESSMANNXL.COM
SMÁRALIND




LS

**Verðtryggð skuldabréf**
**Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150434**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu LSS150434 dagsett 24. apríl 2013 og viðauka dagsettann 30. maí 2013 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. **www.lanasjodur.is** fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 27.september 2013 er 440.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins er þá12.127.852.565 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. apríl og 15. október ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 2012 og í síðasta sinn 15. apríl 2034. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150434 og ISIN númer IS0000020691.

*Reykjavík, 26. september 2013.*
*Lánasjóður sveitarfélaga ohf*

Hátt í 300 manns létu lífið þegar jarðskjálfti upp á 7,7 stig varð í Pakistan:

# Ný eyja varð til í jarðskjálfta

**PAKISTAN** Ný eyja varð til skammt frá strönd Pakistans á þriðjudag, ekki langt frá höfninni í Gwadar. Eyjan er 200 metra löng og myndaðist í jarðskjálfta, sem mældist 7,7 stig.

Zahid Rafi, yfirmaður jarðfræðistofnunar Pakistans, staðfestir að eyjan hafi orðið til vegna skjálftans, en vísindamenn væru að reyna að átta sig á því hvað hefði gerst.

Hann segir mögulegt að í skjálftanum hafi hreyfing komist á gas undir sjávarbotninum og það hafi þrýst aur og leðju upp. Þá myndist eins konar gervigígur.

Jarðskjálftinn kostaði hátt í 300 manns lífið í suðvestanverðu landinu. Fjölmörg hús eru rústir einar eftir hamfarirnar og þúsundir manna höfðust við undir berum himni í fyrrinótt, ýmist vegna húsnæðismissis eða af ótta við eftirskjálfta. **- gb**



**NÝJA EYJAN** Eyjan er talin hafa myndast vegna þrýstings frá gasi undir sjávarbotninum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lítið vitað um áhrif af brennisteinsvetni

Mikil þörf er á rannsóknum á heilsufarsáhrifum brennisteinsvetnis. Áhrifin á mannvirki og tæki eru sönnuð en kostnaður samfélagsins þess vegna liggur ekki fyrir. Íslendingar losa meira brennisteinsvetni en önnur norræn ríki.

**UMHVERFISMÁL** Ísland losar meira brennisteinsvetni en Noregur, Svíþjóð og Danmörk til samans. Lítið er vitað um áhrif brennisteinsvetnis á heilsu fólks.

Þetta er meðal þess sem kom fram á ráðstefnu Félags umhverfisfræðinga á Íslandi í gær um áhrif brennisteinsvetnis á umhverfi, heilsu og hagkerfi.

Sérstakur gestur ráðstefnunnar var dr. Michael Bates, sérfræðingur við Kaliforníuháskóla, sem flutti erindi um rannsókn á áhrifum brennisteinsvetnis á heilsu. Hann stýrir nú stórri rannsókn á Nýja-Sjálandi. Meginniðurstaða rannsókna hans og samstarfsmanna, í mjög einfaldaðri mynd, er að brennisteinsvetni hafi lítil áhrif á heilsu fólks. Byggir það á rannsókn í smáborginni Rotorua í Nýja-Sjálandi, þar sem íbúar eru útsettir fyrir brennisteinsvetni allt árið um kring. Hins vegar tók dr. Bates það fram að rannsóknin væri miklum takmörkunum háð og án frekari rannsókna væri lítið sem ekkert hægt að fullyrða um þetta atriði.

Hanne Krage Carlsen, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, gerði hins vegar grein fyrir íslenskum rannsóknum. Hún hefur rannsakað brennisteinsvetni í samhengi við astmalyfjanotkun og bráðainnlagnir í Reykjavík. Þær rannsóknir gefa vísbendingu um samband milli losunar og notkunar lyfja við öndunarfærasjúkdómum.

Eitt það haldbærasta sem kom fram á ráðstefnunni var að mjög væri þörf á rannsóknum á heilsufarsáhrifum brennisteinsvetnis, ekki síst langtímaáhrifum vetnis í lágum styrk. Eins er sannað að áhrif gastegundarinnar á mannvirki og tæki eru veruleg og unnið er að því að meta hver kostnaður samfélagsins er af þeim völdum. Frá þessu sagði María Maack, doktorsnemi í visthagfræði við Háskóla Íslands.

Þorsteinn Jóhannsson frá Umhverfisstofnun sagði frá því að á undanförnum árum hefði markvisst verið unnið að því í Evrópu að minnka losun brennisteinsvetnis. Súrt regn væri orðið vandamál enda milljónir tonna losaðar út í andrúmsloftið ár hvert. Þegar litið er til losunar einstakra landa kemur í ljós að norrænu ríkin, að Íslandi undanskildu, hafa skrifað undir svokallaða Gautaborgartilskipun um samdrátt í losun brennisteinsvetnis. Í dag er Ísland komið upp fyrir öll hin norrænu ríkin; reyndar er losað meira hérlendis en í Noregi, Svíþjóð og Danmörku samanlagt. **svavar@frettabladid.is**



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Þegar kalt er og stillt eru mestar líkur á mikilli brennisteinsvetnismengun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Meginniðurstaða umfangsmikilla rannsókna dr. Michael Bates á Nýja Sjálandi er að brennisteinsvetni hafi lítil áhrif á heilsu fólks.



# CLINIQUE

## dagar í Hagkaup

26. september –
2. október




## Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru 2 eða fleiri Clinique vörur*

KAUPAUKINN INNIHELDUR:

- Moisture Surge Face Spray, Thirsty Skin Relief, 30 ml - Rakasprey
- Repairwear Uplifting Firming Cream, 15 ml – Næturkrem fyrir þurra-blandaða húð
- Take The Day off Makeup Remover, 30 ml - Augnfarðahreinsir
- Deep Comfort Hand and Cuticle Cream, 30 ml - Handáburður
- High Impact Waterproof Maskari, Black. – Svartur maskari
- Long Last Lipstick. Litur: Soft Bloom – Endingargóður varalitur

*Meðan birgðir endast.




**Dramatically Different Moisturizing Lotion +**
Nýtt og betrumbætt DDML+
Sama áferð en tvöfaldur raki allan daginn, styrkir húðina og gefur henni ljóma.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# STOMP



## „Heillandi, dáleiðandi, stórbrotið“

The Independent


HARPA
Miðasalan hefst í dag á hádegi
á harpa.is og í síma 528 5050
Eldborg
18., 19. & 20.
desember
Harpa kynnir STOMP í samstarfi við Stomp Productions
og Glynis Henderson Productions
Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!
Brandenburg
ICELANDAIR er aðalstyrktaraðili Hörpu
Arion banki

### → Ölvunardrykkja, daglegar reykingar og kannabisneysla í 10. bekk




### → Hvað gerist milli skólastiga?




### → Viðhorf foreldra til drykkju að mati nemenda

**10. BEKKUR 2013**

**68%** Algerlega á móti

**2%** Næstum alveg sama

**1. ÁR Í FRAMHALDSSK.**

**34%** Algerlega á móti

**10%** Næstum alveg sama

*Heimild: Rannsóknir og greining*

# Stökkið milli skólastiga afdrifaríkast

Ný könnun Rannsóknar og greiningar (R&G) leiðir í ljós jákvæða þróun í neyslumynstri grunn- og framhaldsskólanema, en þó má greina mikla aukningu í áfengisdrykkju þar sem ungmenni verða ölvuð og í kannabisreykingum milli 10. bekkjar og fyrstu ára í framhaldsskóla.

**FRÉTTASKÝRING**
Hvað líður vímuefnaneyslu ungmenna?

Neysla á tóbaki, áfengi og vímuefnum í grunnskólum landsins hefur dregist ört saman síðustu árin.

Þetta kemur fram í könnun sem framkvæmd var af R&G við Háskólann í Reykjavík í ár og tók til allra nemenda á mið- og eldra stigi grunnskóla landsins og allra framhaldsskólanema, og var kynnt í gær. Þó er víða pottur brotinn, sérstaklega hvað varðar stökkið milli grunnskóla og framhaldsskóla.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, hjá R&G, kynnti niðurstöðurnar á fundi í gær og benti meðal annars á að á meðan fimm prósent 10. bekkinga síðasta vor sögðust hafa orðið ölvuð síðustu 30 daga, svöruðu 35 prósent sextán og sautján ára framhaldsskólanema þessari spurningu játandi. Margrét Lilja segir í samtali við Fréttablaðið að sú forvarnarvinna sem unnin sé, skili sér greinilega, en þarna verði greinileg viðhorfsbreyting milli skólastiga, bæði í hópi foreldra og ungmenna, sem vinna þurfi á.

„Þegar komið er upp í framhaldsskólana segjast krakkar verða vör við breytt viðhorf heima fyrir og að foreldrar gefi þeim lausari tauminn.“ Margrét segir að þörf sé á því að skýra stefnu varðandi hlutverk framhaldsskólanna í forvörnum.

„En svo snýst þetta auðvitað um okkur foreldrana og að við eigum ekki að sætta okkur við það að börn undir sjálfræðisaldri séu að drekka áfengi.“

thorgils@frettabladid.is

## Hvað segja nýnemarnir?

**Verður þú var/vör við annað viðhorf til áfengisneyslu nú heldur en þegar þú varst í tíunda bekk. Spurt í MH.**



**Ívar Dór Orrason**
„Ekki hvað varðar sjálfan mig, en aðrir – já. Ég er enn þá ákveðinn í að drekka ekki, flestir úr tíunda bekk hafa núna prófað að drekka. Í framhaldsskóla nú er allt umtal um að drekka mun jákvæðara.“



**Þorbjörg Erna Mímisdóttir**
„Ég hef ákveðið að drekka ekki, en mér finnst núna ekki eins hræðilegt og áður að aðrir á mínum aldri drekki. Það þykir bara eðlilegt og allir eru að réttlæta þetta.“



**Drífa Rós Bjarnadóttir**
„Já. Í tíunda bekk var litið neikvætt á að drekka, en í menntaskóla er talað þannig að ef þú drekkur ekki getir þó ekki skemmt þér nóg.“



**Anna Kristín Semey Bjarnadóttir**
„Þegar ég var í tíunda bekk voru nokkrir farnir að drekka og reykja. Ég hef því verið í kringum krakka sem gera það, án þess að ég reyki eða drekki sjálf, svo það var ekki mikil breyting að upplifa það núna.“



**Gunnar Hlynur Úlfarsson**
Já, maður þekkir miklu fleiri núna sem drekka og reykja heldur en maður gerði í tíunda bekk. Krökkum finnst þetta mikið eðlilegra.“



**Rebekka Margrét Ágústsdóttir**
„Já. Það var eiginlega um leið og útskriftin úr tíunda bekk var búin. Þá héldu allir að það væri allt í lagi að fara að drekka. Kannski því að þeim þykir þau vera svo fullorðin.“



# ÚTSALA

# SÍÐUSTU DAGAR

## enn meiri verðlækkun af völdum vörum!

ALLIR HAUSTLAUKAR 20% AFSLÁTTUR FIM- SUN






Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 92.900

NÚ **73.990** kr.

þú sparar: 18.910 kr

**Þvottavél Electrolux**
EWP1064TDW, 1000 snúninga, 6 kg.
1805656




ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

VERÐ ÁÐUR 15.995

NÚ **10.995** kr.

þú sparar: 5.000 kr

**Háþrýstidæla C105.6-5** NILFISK
105bar, 5m slanga. 440ltr/klst.
5254249




ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

VERÐ ÁÐUR 13.995

NÚ **9.795** kr.

þú sparar: 4.200 kr

**Rafhlöðuborvél 12V** BLACK&DECKER
EPC12CAB 2 rafhlöður.
5245999

# LAGERHREINSUN

# 10% AUKAAFSLÁTTUR

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

## 10% AUKAAFSLÁTTUR AF VÖRUM Á LAGERHREINSUN



LAGERHREINSUN

~~1.500 kr/m²~~

~~750 kr/m²~~

NÚ **675** kr/m²

**Veggflísar**
MOYUA MARRON 27X41.5 cm
8600546



LAGERHREINSUN

~~29.875 kr~~

~~9.999 kr~~

NÚ **8.999** kr

**Sturtuhorn**
8028601

### Lagerhreinsun markaður í Skútuvogi

Flísar • Hreinlætistæki
Málningarvörur • Parket
Festingavörur • Verkfæri
Fatnaður • Baðfylgihlutir
Búsáhöld og margt fleira.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur, úrval getur verið misjafnt milli verslanna.

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 18.09.13 – 24.09.13






**1** Heilsubók Jóhönnu
Jóhanna Vilhjálmsdóttir

**2** Maður sem heitir Ove
Frederik Backman







**3** Vettlingaprjón
Guðrún S. Magnúsdóttir

**4** Ripleys 2014
Robert Ripley







**5** Iceland small world
Sigurgeir Sigurjónsson

**6** Norðurslóðasókn - Ísland og tækifærin - Heiðar Guðjónsson






**7** Árið sem tvær sekúndur bættust við tímann - Rachel Joyce

**8** Stígum fram
Sheryl Sandberg







**9** Sýnisbók safnamanns
Þórður Tómasson

**10** Lág kolvetna ljúfmeti
Ulrika Davidsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson

**NEYTANDINN Elín Hirst**

## Notaði línuskautana einu sinni



„Bestu kaupin sem ég hef gert um ævina voru fyrir jólin í fyrra. Þá fór ég í verslun sem selur notaðar flíkur sem fluttar eru inn frá ýmsum löndum og fann dýrindis kápu með loðkraga sem kostaði mig líklega einn fimmta eða minna af því sem sambærileg flík hefði kostað ný í tískuvöruverslun,“ segir Elín Hirst alþingismaður.

„Verstu kaupin eru líklega línuskautar og alls konar hlífðarbúnaður sem ég festi kaup á fyrir mörgum árum og hef einu sinni notað. Þá staulaðist ég meðfram grindverkinu heima á skautunum góðu nokkra metra og ákvað síðan að leggja „skautana“ á hilluna.“

Elín segir að sér hafi fundist þetta spennandi fararmáti. „Ég sá fólk á öllum aldri svífa um á þessum skautum. Eiginmaður minn keypti sér líka sett svo sóunin er í raun tvöföld. Hann var samt aðeins duglegri en ég en síðan hafa skautarnir verið óhreyfðir niðri í geymslu. Okkur fannst þetta bara eitthvað svo einfalt og spennandi sem það var ekki.“

Að sögn Elínar kostuðu línuskautarnir sitt, auk alls hlífðarbúnaðarins. „Þarna fóru að minnsta kosti 10-20 þúsund krónur beint út um gluggann. Línuskautarnir atarna, plús aukabúnaðurinn, fást gefist fyrir þá sem hafa áhuga. Þeir eru númer 40.



**Í SVEFNHERBERGI** Mælt er með því að svalara sé í svefnherbergjum en í öðrum herbergjum.

# Er of heitt í svefnherberginu þínu?

Norskir sérfræðingar mæla með því að hitinn í svefnherberginu sé 14 gráður og alls ekki hærri en 18 gráður. Ofnar eiga að vera kaldir neðst við snertingu.

Þótt það sé farið að kólna úti er ekki ástæða til þess að hækka hitann innanhúss upp úr öllu valdi. Á vefsíðu Orkubús Vestfjarða segir að flestir telji 20 gráður hæfilega hitastillingu þar sem fólk hefst mest við að degi til en lægri í svefnherbergjum, t.d. 18 gráður. Þar segir jafnframt að fyrir hverja gráðu sem hitastillingin er hækkuð aukist orkunotkunin um fimm til sex prósent.

Norska lýðheilsustofnunin og Samtök um betra umhverfi innanhúss fyrir börn, Norsk forum for bedre innemiljø for barn, mæla með því að hitastigið í svefnherbergjum sé 14 gráður og alls ekki hærra en 18 gráður. Í viðtali við norska ríkisútvarpið segir Tore Andersen, formaður fyrrgreindra samtaka, að umfangsmiklar rannsóknir sem þau hafi gert í samvinnu við lýðheilsustofnunina sýni að hiti í svefnherbergjum sé of hár, sérstaklega í svefnherbergjum barna.



BJÖRN ÁRDAL

Björn Árdal, barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmi og astma, kveðst ekki hafa séð gögn um rannsóknir Norðmannanna.

„Þetta fer hins vegar saman við það sem flestir gera. Menn eru yfirleitt með 20 gráður innanhúss og svalara í svefnherberginu. Ég held að asmasjúklingar geri það. Það er hiti sem er þægilegur fyrir lungun.“

Á vefsíðu norsku samtakanna er bent á að sé hitastigið innanhúss hátt geti menn fundið fyrir slappleikatilfinningu og vanlíðan auk þess sem margir fái höfuðverk. Jafnframt aukist uppgufun frá ýmsum efnum.

Kai Gustavsen, ráðgjafi hjá Astma og ofnæmissamtökunum í Noregi, segir 20 gráður æskilegt hitastig innanhúss en hitastigið í svefnherbergjum eigi að vera lægra. Hann segir einbeitinguna verða betri þegar ekki er of heitt. Þegar kólnar tekur í veðri ætti að loftræsta með því opna bæði dyr og glugga í stutta stund af og til, að mati Gustavsen.

Orkubú Vestfjarða segir hitakerfið gott þegar allir ofnar virðast kaldir neðst við snertingu (25 til 30 gráður) og innihitinn 20 gráður sem sé þægilegur innihiti. Á vefsíðu orkubúsins er mælt með því að heimilisfólk kanni reglulega ofnhitann með því að þreifa á neðsta hluta ofnanna. Sé innihitinn ekki þægilegur og ofnar ekki kaldir eða volgir viðkomu neðst sé eitthvað að. Þá sé líklegt að verið sé að sóa fjármunum að óþörfu.

ibs@frettabladid.is

## Verja meiri tíma í útlit en lærdóm

Stúlkur á táningsaldri verja meiri tíma í útlitið heldur en í lestur og lexíur. Þetta segir félagsfræðingurinn Sanna Sarromaa í viðtali við norska blaðið Aftenposten.

Hún tók viðtöl við tuttugu stelpur í fimm hópum og hitti þær mörgum sinnum til þess að kanna viðhorf þeirra til eigin líkama og hverjar fegurðarímyndir þeirra voru. Hún fylgdist einnig með bloggi stelpnanna og var vinur þeirra á Facebook. Að sögn Sarromaa voru stelpurnar „minnst óánægðar“ með andlitið. Brjóstin voru „aðalvandamálið“. „Það er sláandi hversu uppteknar stelpurnar eru af brjóstunum sínum,“ segir Sarromaa.

Að meðaltali áttu stelpurnar 29 mismunandi snyrtivörur en fjöldinn var allt frá tólf upp í 62. Þær voru 30 til 60 mínútur að snyrta sig á morgnana.



## Verðmerkingar í ólagi í 17 verslunum

Verðmerkingar voru ekki í lagi í sautján af 119 sérverslunum í miðbæ Reykjavíkur þegar fulltrúar Neytendastofu fóru í eftirlitsferð 12. til 22. ágúst síðastliðinn. Skoðað var hvort verðmerkingar inni í verslunum sem og í sýningargluggum væru sýnilegar, að því er kemur fram á vef Neytendastofu. Verslanirnar Álafoss, Calvi, Cintamani, Couture, Dr. Denim Jeansmakers, Einvera, GK Reykjavík, Jör, Kassetta, Leynibúðin, Náttúrulækningabúðin, Nordic Store, Púkinn 101, Rammagerðin, Rumputuski, Spiral design og Zo-on voru með merkingar í ólagi. Niðurstaðan var mun betri en í eftirlitsferð sem gerð var í júlí 2011 en þá voru verðmerkingar í um 67 prósent verslana í ólagi.



# Yljaðu þér með rífandi góðu chili con carne!

Nýtt



**695,-**

Veitingastaður IKEA býður upp á **sjóðheitt chili con carne í takmarkaðan tíma**. Til 6. október standa kokkarnir í ströngu og sýna nýja takta við pottana. Bragðlaukarnir þurfa að prófa þetta!

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

## Fleiri bragðgóðir réttir á Veitingastaðnum



**590,-**

**Septembertilboð**
Sushi - 10 bitar til að njóta á staðnum
Verð áður ~~1.190,-~~

Nýtt



**695,-**

Glútenfríir lágkolvetnaréttir
Ýmsar tegundir

Nýtt



**795,-**

Laxalasagne m/gufusoðnu grænmeti og graslaukssósu

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®






**ÚTBURÐUR Á SPÁNI** Margir Spánverjar hafa farið illa út úr kreppunni. Þarna er lögreglan í Madrid að bera út sex manna fjölskyldu.

## ÁSTAND HEIMSINS






**SAMKYNHNEIGÐIR MÓTMÆLA Í RÚSSLANDI** Nikolaí Alexejev, einn helsti baráttumaður fyrir réttindum samkynhneigðra í Rússlandi, forðar sér undan óeinkennisklæddum lögreglumanni í Sochi, þar sem vetrarólympíuleikarnir verða haldnir á næsta ári.



**FATAFRAMLEIÐENDUR MÓTMÆLA Í BANGLADESS** Verkafólk í fataverksmiðju í Bangladess efndi til mótmæla og krafðist hærri launa. Lögregla tók hart á móti.



**LÖGREGLUKONUR Í AFGANISTAN** Lögreglukonur á námskeiði í Kabúl hlæja að brandara. Um 2.200 lögreglukonur eru að störfum í Afganistan.



**TRÚARHÁTÍÐ Í ÍSRAEL** Heittrúaðir gyðingar taka þátt í bænahaldi í tilefni laufskálahátíðar, sem haldin er árlega til minningar um eyðimerkurdvöl gyðinga. Allir halda þeir á pálmablöðum og greinum samkvæmt gamalli hefð.



// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-18 ALLA DAGA**

**KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

**ALDREI MEIRA ÚRVAL!**

**Gömul teiknimyndablöð**

**Úrval hljóðbóka**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




6 kíló á 6 vikum
**990,-**




Hárið
**1.990,-**




Orð, krydd og krásir
**990,-**




Betri næring - betra líf
**1.990,-**




Matur sem yngir og eflir
**990,-**




Hlaupið í skarðið
**990,-**



Blíðfinnur • 3 bækur á aðeins
**1.500,-**




Stelpupakki • 3 bækur á aðeins
**1.500,-**




Krimmapakki 4 bækur á aðeins
**1.500,-**




Dan Brown pakki • 4 bækur á aðeins
**1.500,-**




Ísl. krimmar • 4 bækur á aðeins
**1.500,-**

# BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

Þrengt að þekkingarfyrirtækjum og rannsóknum:

# Þekking á flótta

Hver er undirstaða velferðar og velgengni íslenzku þjóðarinnar í framtíðinni? Að sjálfsögðu menntun þjóðarinnar og þekking, sem mun bæði skapa velferð og verðmæti. Mannauðurinn er ótakmörkuð auðlind og ætti með réttu að standa undir hagvexti í framtíðinni. Náttúruauðlindirnar okkar eru dýrmætar, en þær eru takmarkaðar og við munum ekki ná mikið meiru út úr þeim með hefðbundinni nýtingu. Með þekkingu og rannsóknum má hins vegar nýta þær betur, hvort sem við horfum til orkunnar, fiskstofnanna, náttúruperlanna eða ræktarlandsins.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Samt er það svo að á Íslandi nútímans tekst ekki að skapa þær aðstæður að þekkingin sæki inn í landið. Þvert á móti virðist dýrmætasta þekkingin á hröðum landflótta.

Þetta er áberandi í heilbrigðiskerfinu, þar sem starfsfólk með dýrmæta þekkingu er eftirsótt á alþjóðlegum vinnumarkaði og kýs að fara snemma til framhaldsnáms í útlöndum eða koma ekki heim úr slíku námi vegna óviðunandi kjara og starfsaðstæðna hér heima. Fyrr í vikunni var sagt frá könnun meðal nemenda í heilbrigðisgreinum við Háskóla Íslands. Aðeins 13 prósent þeirra sáu Landspítalann, stærsta þekkingarfyrirtæki landsins, fyrir sér sem framtíðarvinnustað sinn.

Vísindarannsóknir á Íslandi eru fjársveltar. Í gær skrifuðu fjórtán kennarar við stærstu háskóla landsins grein í Fréttablaðið, þar sem þeir lýstu áhyggjum af því að hugsanlega yrði engum nýjum styrkjum úthlutað úr Rannsóknasjóði Rannís á næsta ári og þarnæsta. Vísindamennirnir segja að þá sé fjöldi rannsóknarhópa í hættu. Það muni bitna sérstaklega á ungu vísindafólki sem sé að hasla sér völl við rannsóknir og geti ekki beðið í tvö ár eftir að sjóðurinn rétti úr kútnum.

Hvað er líklegast að verði um þetta fólk? Jú, auðvitað að það snúi aftur til útlanda þar sem eftirspurn er eftir starfskröftum þess og vísindarannsóknir fjármagnaðar með styrkjum úr öflugum samkeppnissjóðum. Framlag þess nýtist þá til framfara og atvinnuuppbyggingar í einhverjum öðrum löndum.

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti, sagði líka frá því í gær að Samtök iðnaðarins hefðu miklar áhyggjur af því að þekkingar- og tæknifyrirtæki flýðu úr landi. Undanfarin ár hafa sex slík flutt burt eða hætt starfsemi, sjö verið seld eða flutt höfuðstöðvarnar til útlanda og hluti stjórnendateymis fimm til viðbótar flutt úr landi. Lykilfólk sem hefur lagt mikið til þróunar hátækniiðnaðar á Íslandi býr nú annars staðar. Gjaldeyrishöftin eru helzti áhrifavaldurinn um þessa þróun. Flest fyrirtækin hafa þó haldið áfram þróunarstarfi hér á landi og Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá SI, segir að þróunarumhverfið hér á landi sé að mörgu leyti gott.

Land, sem þarf að byggja upp eftir hrun, má ekki við því að missa færustu vísindamennina og efnilegustu sprotafyrirtækin úr landi. Hvernig er hægt að vinna á móti þeirri þróun? Til dæmis með því að forgangsraða í þágu vaxandi greina og skera frekar niður óhagkvæma styrki til staðnaðra frumframleiðsluatvinnugreina. Með því að efla samkeppnissjóði sem styrkja vísindarannsóknir en draga úr fjárveitingum beint til stofnana eftir atvinnugreina- eða byggðapólitískum sjónarmiðum. Með því að viðurkenna að hæfasta fólkið með dýrmætustu þekkinguna er hreyfanlegast og eftirsóttast á alþjóðavettvangi. Og með því að setja fram trúverðugt plan um afnám gjaldeyrishaftanna. Þetta væri alltént góð byrjun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

BORG RESTAURANT & NORA MAGASIN

-AUGLÝSA EFTIR FRAMÚRSKARANDI FÓLKI-

BORG RESTAURANT
óskar eftir að ráða:
- lærða þjóna í 100% stöðu
- hlutastarfsfólk í sal
- barþjóna

ÞÚ ÞARFT AÐ HAFA:
- reynslu
- metnað, drifkraft og frumkvæði
- hæfni í mannlegum samskiptum

NORA MAGASIN
óskar eftir að ráða:
- barþjóna
- starfsfólk í sal
-fullt starf og hlutastarf

ÞÚ ÞARFT AÐ HAFA:
- reynslu
- metnað, drifkraft og frumkvæði
- hæfni í mannlegum samskiptum

ERTU TIL? Hafðu þá samband og láttu ferilskrá fylgja með.
Netfangið er gudlaug.maria@borgrestaurant.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sjónarsviptir úr borginni

Nú er Gísli Marteinn barasta hættur í pólitík og kominn yfir á RÚV til þáttagerðar. Þetta er nú sennilega ekki útspil til að kveða niður tal um vinstri slagsíðu á RÚV, enda er Gísli Marteinn ekki í miklum hávegum hafður í þeim kreðsum sem hæst hafa látið um stofnunina. Hins vegar verður fróðlegt, mögulega einkennilegt, að sjá hvernig hann mun/mun ekki tækla komandi borgarstjórnarkosningar í vor.



### Allir fái þátt

Nú ættu annars allir aðrir flokkar – samkvæmt furðulega víðtekinni skilgreiningu á hlutlægnishugtakinu – að fá eins og einn sveitarstjórnarfulltrúa í þáttastjórnun fyrir Sjónvarpið. Gísli Marteinn er annálaður fyrir hressleika og það hljóta að finnast einhverjir slíkir í öðrum flokkum. Augljóst val fyrir Framsóknarmenn er Ómar Stefánsson í Kópavogi, sem hefur vakið athygli fyrir opinská ummæli og hugmyndir eins og að breyta nafni bæjarins í Kópavogsborg og að kanna hvort banna ætti reykingar alfarið í landi sveitarfélagsins.



### Athugasemd

Vegna þess sem fram kom í þessum dálki í gær vill blaðamaðurinn Ómar R. Valdimarsson taka fram að hann hafi ekkert við það að athuga að fjallað sé um fjármál fótboltamannsins Eiðs Smára Guðjohnsen opinberlega. Hins vegar telji hann framsetningu fréttar DV á mánudag rætna og ósmekklega, sérstaklega að ónafngreindur heimildarmaður sé fenginn til að tjá sig um hugsanlegt gjaldþrot Eiðs Smára og vangaveltur um að Eiður þurfi mögulega í náinni framtíð að spila á Íslandi „eða í annarri mjög lágt skrifaðri deild í Evrópu" fjárhagsstöðu sinnar vegna. Því er hér með komið á framfæri.

thorgils@frettabladid.is,
stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Af samkeppnishvötum í heilbrigðis- og menntamálum

SAMKEPPNI



**Páll Gunnar Pálsson**
forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Í aðsendum greinum á vefnum visir.is er að finna athyglisverða grein frá 14. september sl. eftir Benedikt Ó. Sveinsson lækni, undir yfirskriftinni „Er fákeppni að sliga Landspítalann?". Þar rekur Benedikt frá sínum sjónarhóli sögu spítalasameininga og vekur á því athygli að með sameiningunum hafi samkeppnishvötum í spítalarekstri verið eytt. Færir hann meðal annars rök fyrir því að skortur á samkeppni kunni að vera rót þess mannauðsvanda sem Landspítalinn stendur frammi fyrir.

Grein Benedikts er allrar athygli verð. Hún minnir okkur á að þær leiðir sem yfirvöld hafa farið hér á landi í þróun heilbrigðiskerfisins eru mjög frábrugðnar þeim leiðum sem frændur okkar Svíar hafa farið.

Þarlend yfirvöld hafa lagt á það áherslu að nýta krafta samkeppninnar til þess að tryggja góða og hagkvæma heilbrigðisþjónustu, t.d. með því að auka valfrelsi sjúklinga. Uppbygging menntakerfisins þar í landi er byggð á sömu forsendum. Þetta gera Svíar án þess að slá í nokkru af norrænni velferðarstefnu.

Stjórnvöld hér á landi hafa því miður ekki haft sömu stefnu að leiðarljósi. Liggur við að sú litla samkeppni sem finna má á þessum sviðum sé litin hornauga. Fyrir einhvern misskilning ber hugtakið einkavæðingu fljótt á góma þegar talið berst að þessu.

Samkeppnisyfirvöld hér á landi vilja stuðla að umræðu um samkeppnishvata í heilbrigðis- og menntamálum. Á ráðstefnu sem haldin verður föstudaginn 27. september nk. verður fjallað sérstaklega um þessi álitaefni.

Á meðal þátttakenda í vinnustofu um þetta verða Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, Kristina Geiger, aðstoðarforstjóri sænska samkeppniseftirlitsins, Oddur Steinarsson, læknir í Gautaborg, Viktor Norman, prófessor við Norges Handelshöjskole og Cristiana Vitale, hagfræðingur hjá OECD. Vilhjálmur Egilsson, rektor á Bifröst, stýrir vinnustofunni.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á vef Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.

# Fullur vaskur af orku

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



Í dag innheimtir ríkissjóður ekki virðisaukaskatt af rafmagnsbílum sem kosta minna en sex milljónir króna. Auk þess eru hvorki innheimtir tollar af slíkum bílum né vetnisbílum. Ástæðan er einföld. Enn sem komið er kosta rafmagnsbílar töluvert meira en sambærilegir bensín- eða díselbílar og því var talið æskilegt að fella niður tolla og skatta af rafmagnsbílum, a.m.k. tímabundið. Markmiðið er að fleiri sjái sér hag í því að kaupa rafmagnsbíla.

Um næstu áramót verður aftur byrjað að innheimta virðisaukaskatt af rafmagnsbílum nema lögin verði framlengd. Ríkisstjórn Íslands þarf því að ákveða hvort betra sé fyrir ríkið að innheimta fullan virðisaukaskatt af rafmagnsbílum eða ekki. Það þarf því að meta hvort fjölgun rafmagnsbíla á Íslandi sé æskileg þróun og raunhæf, eða ekki.

### Að missa tekjustofn?

Vasklausir rafmagnsbílar seljast betur. Ef margir taka upp á því að aka um á slíkum bílum mun þeim mun minna seljast af bensíni og díselolíu á Íslandi. Það er einmitt þetta sem einhverjir virðast óttast sem hugsa um hag ríkisins. Ástæðan fyrir óttanum er sú að ríkið fær nokkra milljarða á ári í tekjur af virðisaukaskatti af sölu eldsneytis. Sá skattur stendur undir kostnaði við vegaframkvæmdir og fleira. Þetta hefur heyrst sem ein röksemdafærslan fyrir því að ekki væri gott fyrir ríkið að halda áfram að stuðla að frekari sölu rafmagnsbíla á Íslandi með skattaafslætti.

Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. Sala á eldsneyti gefur ríkinu jú tækifæri til að innheimta gríðarlegan skatt af bensínsölu sem nýttur er til að fjármagna alls kyns hluti. Þegar nánar er að gáð hljómar þó slíkt tal eins og að betra sé að eiga eyrinn og kasta krónunni.

Ef Ísland væri fyrirtæki myndu rök um hversu vont væri fyrir ríkið að missa af innheimtu skatts af eldsneyti hljóma eins og rifrildi milli deilda í fyrirtækinu. Ríkið er nefnilega eign okkar allra og skattarnir fjármunir frá eigendum ríkisins. Innheimta skatts af eldsneyti er einungis tilfærsla fjármuna frá einum hópi til annars. Þeir sem kaupa bensínið borga skatt sem er dreift til okkar allra, bæði þeirra sem nota bílana í formi vega og brúa en einnig til annarra hópa ef peningurinn er notaður í eitthvað annað, ótengt bílum.

Það að stuðla ekki að fjölgun rafmagnsbíla á þessum forsendum er því krafa um að þessi millifærsla geti haldið áfram. Eftir sem áður þyrfti fyrirtækið Ísland að kaupa inn eldsneyti fyrir tugi milljarða króna á ári, í erlendum gjaldeyri. Hvatinn til kaupa á rafmagnsbílum væri tekinn burt þegar mikil þörf er á endurnýjun bílaflota landsmanna. Og þetta er kjarni málsins. Í stað þess að flytja inn eldsneyti sem mun einungis hækka í verði á komandi árum gætum við notað rafmagn sem við eigum til í miklu magni. Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur telja að fyrirtækið geti útvegað orku fyrir allt að 50.000 rafmagnsbíla án þess að þurfa að gera nánast nokkrar

> Ef Ísland væri fyrirtæki myndu rök um hversu vont væri fyrir ríkið að missa af innheimtu skatts af eldsneyti hljóma eins og rifrildi milli deilda í fyrirtækinu. Ríkið er nefnilega eign okkar allra og skattarnir fjármunir frá eigendum ríkisins.

ráðstafanir á sínu veitukerfi.

Þarf mikið að reikna til að sjá hvor leiðin sé betri? Önnur felur í sér betri nýtingu á hreinni orku sem við eigum sjálf til og kostar lítið sem ekki neitt og hin felur í sér innkaup á gríðarlegu magni af mengandi orku sem við þurfum að borga fyrir með erlendum gjaldeyri sem við eigum ekki til. Nei, það þarf ekki reiknikunnáttu til að sjá hvor leiðin er betri fyrir okkur.

### Raunhæfir valkostir

Fyrir örfáum árum hefði þessi umræða annars öll verið til einskis ef ekki hefði orðið þróun síðustu örfáu misserin sem gjörbreytir stöðunni varðandi framboð á rafmagnsbílum. Bæði eru hefðbundnir bílaframleiðendur farnir að bjóða upp á fullkomlega raunhæfa valkosti eins og þeir vita sem hafa skoðað t.d. Nissan Leaf. Mesta breytingin á þessu sviði er þó vafalaust framleiðsla nýrra rafmagnsbíla á vegum fyrirtækis sem heitir Tesla. Fyrirtækið býður upp á raunverulegan valkost við bensínbíla, m.a. í kjölfar öflugrar stefnumörkunar og hvatakerfis Kaliforníuríkis í Bandaríkjunum.

Fyrir einungis 15 mánuðum höfðu fáir trú á að Tesla tækist það sem það hefur nú gert, sem er að bjóða upp á frábæran bíl sem gengur fyrir rafmagni. Í Bandaríkjunum hefur sá bíll verið valinn besti bíll ársins af nær öllum sem fjalla um bíla auk þess sem hann hefur sprengt öll viðmið hvað varðar öryggi í umferðinni. Allar líkur eru á að bíllinn muni hafa afgerandi áhrif á hraða þróunar í framleiðslu á rafmagnsbílum og draga úr óvissu um hvaða orkugjafi verður ofan á í þessum efnum.

### Ísland einstakt

Viðskiptamódel Tesla gengur hins vegar ekki út á að selja dýra bíla í tiltölulega litlu magni heldur framleiðslu á samkeppnishæfum bíl sem kostar lítið og á að seljast í miklu magni. Eftir árangur Model S sem selst nú betur en nær allir aðrir bílar í sama gæðaflokki í t.d. Kaliforníu, efast fáir um að Tesla takist ekki þetta ætlunarverk sitt. Afleiðing þessa er að aðrir bílaframleiðendur gætu nú loksins þurft að spýta í lófana varðandi framboð rafmagnsbíla ef þeir vilja ekki að fari fyrir þeim eins og Nokia og Blackberry eftir að Apple hóf framleiðslu á farsímum með nýju sniði fyrir örfáum árum.

Við Íslendingar erum í einstakri stöðu og getum með vistvænni orku tekið stærri skref og hraðari en flestir aðrir. Ríkisstjórnin á að senda þau skilaboð til bíleigenda að við ættum að stefna markvisst að vistvænum bílaflota. Forðumst að ákveða að skola fjármunum niður um eldhúsvaskinn með því að treysta á áframhaldandi skattheimtu af eldsneyti sem við þurfum ekki að flytja inn fyrir erlendan gjaldeyri sem við eigum ekki til.

LIQUI MOLY Klima Fresh
Eyðir sýklum, gerlum og fúkkalykt í miðstöðinni



Innihald: 150 ml Vörunúmer: 4065
ÞÝSK GÆÐAVARA

- Eyðir vondri lykt úr loftkælingunni og miðstöðinni.
- Þrífur og sótthreinsar þannig að blásturinn verður aftur ferskur.
- Auðvelt að nota án þess fjarlægja frjókorna-eða loftsíuna
- Kemur í veg fyrir ofnæmisviðbrögð.
- Eyðir sýklum, gerlum og fúkkalykt sem koma úr loftkælingunni.

Virka efnið í brúsanum dreifist um loftkælinguna með viftunni í miðstöðinni í bílnum.



Framúrskarandi fyrirtæki 2012
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



MÁLÞING
Aðgengi og algild hönnun

Mannréttindi hversdagsins
föstudaginn 27. september kl. 13.00 – 16.30 á Grand Hóteli

Dagskrá:

13.00 – 13.10 Setning: Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands
13.10 – 13.20 Ávarp: Stefán Thors, ráðuneytisstjóri umhverfis- og auðlindaráðuneytisins
13.20 – 13.40 Aðgengi er forsenda þátttöku – Ný íslensk rannsókn: Steinunn Þóra Árnadóttir, MA í fötlunarfræði
13.40 – 14.00 Algild hönnun: Snæfríður Þóra Egilson, prófessor í fötlunarfræði
14.00 – 14.20 Ný byggingarreglugerð: Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar
14.20 – 14.30 Umræður
14.30 – 15.00 Kaffihlé
15.00 – 15.20 Aðgengi: Upplýsingar og úrbætur: Harpa Cilia Ingólfsdóttir, ráðgjafi og ferlihönnuður
15.20 – 15.40 Aðgengi að alnetinu: Birkir Rúnar Gunnarsson, vefhönnuður hjá Advania
15.40 – 16.00 Hugleiðingar
• Aðgengi að náttúrunni: Bergur Þorri Benjamínsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar
• Aðgengi að menningu: Eva Þórdís Ebenezersdóttir, þjóðfræðingur
• Aðgengi að vörum og þjónustu: Ágústa Gunnarsdóttir, ráðgjafi hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Málþingsstjóri: Þuríður Harpa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Nýprents

Allir velkomnir, ekkert þátttökugjald
Síðasti skráningardagur er 26. september
Skráning, upplýsingar um túlkun og fleira á vef Öryrkjabandalags Íslands www.obi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Félag um fötlunarrannsóknir, FuF
ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS



# Rannsóknir – undirstaða framþróunar

VÍSINDI

**Andri Steinþór Björnsson** Sálfræðideild, HÍ.
**Arnar Pálsson** Líf- og umhverfisvísindadeild, HÍ.
**Ármann Gylfason** Tækni- og verkfræðideild, HR.
**Erna Magnúsdóttir** Læknadeild, HÍ.
**Eyjólfur Ingi Ásgeirsson** Tækni- og verkfræðideild, HR.
**Guðrún Valdimarsdóttir** Læknadeild, HÍ.
**Henning Úlfarsson** Tölvunarfræðideild, HR
**Hlynur Stefánsson** Tækni- og verkfræðideild, HR.
**Helga Zoëga** Læknadeild, HÍ.
**Jón Guðnason** Tækni- og verkfræðideild, HR.
**Jón Þór Bergþórsson** Læknadeild, HÍ.
**Leifur Þór Leifsson** Tækni- og verkfræðideild, HR.
**Magnús Örn Úlfarsson** Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, HÍ.
**Margrét Helga Ögmundsdóttir** Læknadeild, HÍ.
**Páll Melsted** Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, HÍ.
**Pétur Henry Petersen** Læknadeild, HÍ.
**Sigríður Rut Franzdóttir** Læknadeild, HÍ
**Sigurður Yngvi Kristinsson** Læknadeild, HÍ.
**Stefán Sigurðsson** Læknadeild, HÍ.
**Valierie Maier** Líf- og umhverfisvísindadeild, HÍ.
**Ýmir Vigfússon** Tölvunarfræðideild, HR.
**Zophonías O. Jónsson** Líf- og umhverfisvísindadeild, HÍ.
**Þorvarður Jón Löve** Læknadeild, HÍ.

Grunnrannsóknir á sviði tækni og vísinda gegna mikilvægu hlutverki í nútíma samfélagi og mynda þá kjölfestu sem þekkingarleit og nýsköpun eru byggðar á. Sá sjóður sem er einna mikilvægastur fyrir fjármögnun grunnrannsókna á Íslandi er Rannsóknasjóður Rannís, sem fjármagnar stóran hluta allra rannsóknaverkefna hér á landi. Nú eru hins vegar blikur á lofti um fjármögnun sjóðsins og tvísýnt að hægt verði að fjármagna ný verkefni á næstu árum. Ef dregið verður úr stuðningi við grunnrannsóknir og því klippt á þekkingarsköpun í landinu niður við rót er nær öruggt að hagnýtar rannsóknir munu einnig bera mikinn skaða af.

Fjárfestingar í grunnrannsóknum skila beinum arði til samfélagsins í réttu hlutfalli við þær fjárhæðir sem eru veittar þótt arðurinn skili sér hægt. Þess vegna hafa flestar vestrænar þjóðir lagt mikið upp úr því að efla grunnrannsóknir, þar sem opinberir aðilar gegna lykilhlutverki í að tryggja styrkveitingar til rannsókna og efla samkeppnisumhverfi í kringum þær. Tilgangurinn er oft háleitur, þar sem stórþjóðir hafa það að markmiði að takast á við helstu áskoranir sem mannkynið stendur frammi fyrir. Ísland er vissulega í hópi þjóða sem lagt hafa lóð á vogarskálarnar til þess að bæta lífskjör og stuðla að framförum í heiminum. Það þarf ekki nema að hugsa til þeirra sprotafyrirtækja sem hér hafa sprottið upp og náð miklum árangri á alþjóðavísu.

### Styðjast við nema

Rannsóknir kosta fé en í hvað fer það fé? Í raun styðjast flest allar rannsóknir á háskólastigi að miklu leyti við nema í framhaldsnámi til þess að framkvæma þær.

**➜ Í raun styðjast flest allar rannsóknir á háskólastigi að miklu leyti við nema í framhaldsnámi...**

Styrkjafé fer því að mestu leyti í það að styrkja nemendur og búa þeim umhverfi til skapandi náms. Þannig hljóta vísindamenn mikilvæga þjálfun í upphafi ferils síns, þar sem þeir læra vinnubrögð, aðferðafræði og vísindalega hugsun, á meðan tryggt er að þekkingin sem skapast berist til næstu kynslóðar vísindamanna. Þannig eflist og vex þekkingin með hverri kynslóð og nemar koma vel undirbúnir úr framhaldsnámi og taka þátt í tækni- og þekkingariðnaðinum sem fer hratt vaxandi í landinu og stuðla þannig beint að auknum hagvexti. Einnig eru ungir vísindamenn, nýdoktorar og hópstjórar sem eru að hefja sjálfstæðan vísindaferil algerlega háðir styrkfé úr samkeppnissjóðum. Að spara fé til rannsókna er því sambærilegt því að éta útsæðið. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar.

Algengur misskilningur er að íslenskir vísindamenn geti hreinlega bætt upp skort á rannsóknastyrkjum á Íslandi með styrkjasókn í erlenda sjóði. Sannleikurinn er sá að þegar sótt er um erlent styrkfé er lykilatriði að fyrir séu góðir innviðir og styrkir sem hafa verið veittir í heimalandinu. Þannig veita erlendir sjóðir ekki fé til rannsókna nema sýnt þyki að til staðar sé sá mannauður, tækjakostur og hugvit sem þarf til þess að fjárfesting í rannsóknum beri árangur. Þess vegna er fjárfesting í grunnstoðum íslensks vísindasamfélags forsenda þess að erlendir styrkir fáist til landsins.

### Skiptir sköpum

Nýliðun á þeim mannauði sem verður til við grunnrannsóknir skiptir sköpum þegar viðhalda skal þekkingar- og nýsköpun. Flestir vísindamenn hljóta hluta þjálfunar sinnar í öðrum löndum og margir þeirra snúa til baka með mikla reynslu og þjálfun sem er undirstaða þess að rannsóknaumhverfið á landinu haldi í við strauma og stefnur erlendis. Þess vegna er lykilatriði að skapa skilyrði á Íslandi fyrir ungt vísindafólk að snúa aftur til landsins eftir þjálfun á doktors- og nýdoktorsstigi til þess að við fáum stöðugt blásið nýju lífi í það frjóa umhverfi sem grunnrannsóknir þrífast í. Þannig hámörkum við afköst þess mannauðs sem við höfum yfir að búa.

Fyrstu árin eftir að vísindamaður lýkur grunnþjálfun er sá tími sem er einna viðkvæmastur á ferlinum og sker oft úr um það hvort einstaklingur hljóti tækifæri til þess að halda áfram rannsóknum. Falli nýjar styrkveitingar til grunnrannsókna niður, þrátt fyrir að staðið sé við eldri skuldbindingar, mun það hafa hrapalleg áhrif fyrir þá vísindamenn sem eru í þann mund að ljúka við grunnþjálfun og stefna að því að snúa aftur til landsins. Líklegt er einnig að við missum marga hæfileikaríka vísindamenn endanlega úr landi og þeir ungu vísindamenn sem fyrir eru muni snúa sér að öðrum störfum og áralöng fjárfesting í þjálfun þeirra muni fara í súginn.

# Sjávarútvegur, auðlindagjald, þjóðin og sáttin

SJÁVAR ÚTVEGUR



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sjávarútvegur á Íslandi hefur verið, er og verður ein helsta undirstaða farsældar þegna þessa lands. Tölulegur mælikvarði sýnir að heildarvirðiskeðja sjávarútvegsins nemur 27% af landsframleiðslu og af útflutningstekjum vöru nemur hlutur sjávarútvegs 42%, hvorki meira né minna.

Ég hef að undanförnu heimsótt sjávarútvegsfyrirtæki víða um land. Það sem kemur á óvart er að mörg hver eru hátæknifyrirtæki þar sem afli er gernýttur, jafnvel til hluta sem maður tengir ekki sérstaklega við fiskvinnslu. Hver hefði til dæmis trúað því fyrir nokkrum árum að búin væri til gervihúð fyrir mannfólkið úr fiskroði á Ísafirði? Þá má geta þess að á Íslandi eru starfandi í það minnsta 60 tæknifyrirtæki sem þjóna haftengdri starfsemi á einn eða annan hátt og mörg þeirra flokkast sem hátæknifyrirtæki.

Nú er hafin vinna við að kortleggja hvernig álagningu veiðigjalds, „auðlindagjalds“, verði best háttað og einnig endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Ég vonast til að við getum rætt saman af skynsemi og með virðingu fyrir þessari merku atvinnugrein, þar sem fjölmörg tækifæri liggja svo víða. Og ekki síður með virðingu fyrir samfélaginu sem með réttu vill fá að vera þátttakandi þegar kemur að stefnumótun og því að njóta afraksturs okkar mikilvægu auðlindar. Í þessari fyrri grein minni af tveimur langar mig að ræða veiðigjöldin en gera vinnu við endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins að umfjöllunarefni í þeirri næstu.

### Hverjir þurfa að sættast?

Að ná sátt um sjávarútveginn er eitthvað sem flestir hafa heyrt getið um. Um hvað á sú sátt að snúast? Hverjir þurfa að sættast við hverja? Eru útgerðarmenn á móti öllum, eða allir á móti þeim? Landsbyggð á móti höfuðborgarsvæðinu? Stjórn á móti stjórnarandstöðu? Svarið er ekki einhlítt. Útgangspunktur minn er sá að þjóðin sem eigandi auðlindarinnar fái sem mest út úr henni, með sanngjörnum og sjálfbærum hætti. Að þjóðin sé sátt við arðinn sem af auðlindinni kemur og þeir sem í sjósókn og vinnslu standa séu einnig sáttir við það sem þeir bera úr býtum.

Allir útgerðarmenn sem ég hef hitt á undanförnum vikum eru tilbúnir að greiða veiðigjöld. Það er mitt mat að gjöldin eigi að standa undir rekstri stofnana sjávarútvegsins, endurspegla afkomu útgerðarinnar og skila þjóðinni ávinningi fyrir þann einstaka rétt að fá að nýta auðlindina. Við verðum að slá því föstu að ef hagnaðurinn er mikill er eðlilegt að gjöldin séu hærri. En jafnframt að vera tilbúin til þess að horfa á að hagnaður stóru fyrirtækjanna sumra er ekki eingöngu vegna veiða og vinnslu heldur afleiddrar starfsemi; til dæmis fiskeldis og starfsemi erlendis. Við verðum að hafa í huga að gjaldið má ekki svipta sjávarútvegsfyrirtækin þeim mikilvæga drifkrafti sem þau búa yfir og gagnast atvinnulífinu öllu. Þau gegna mikilvægu hlutverki í byggðum landsins, sem vinnuveitendur og við uppbyggingu nærsamfélagsins.

### Yrkja einstaka auðlind

Það er lítið rætt hvað fyrirtæki á einstökum stöðum hafa lagt til síns byggðalags, sem oft og tíðum er æði mikið. Einnig hvað nýsköpun innan sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur skotið stoðum undir verðmæt sprotafyrirtæki sem sum hver hafa vaxið upp í öflug útflutningsfyrirtæki. Hvað mörg sjávarútvegsfyrirtækja verja fjármunum til rannsókna og eiga í öflugu samstarfi við háskóla, fé sem kemur innan frá en ekki úr ríkisrekstrinum.

**➜ Hverjir þurfa að sættast við hverja? Eru útgerðarmenn á móti öllum, eða allir á móti þeim?**

Þetta geta fyrirtækin í krafti stöðu sinnar og góðrar afkomu og þeim ber skylda til að leggja lóð á vogarskálar samfélagsins. Þau yrkja einstaka auðlind í eigu íslensku þjóðarinnar og fyrir það ber að greiða eðlilegt og sanngjarnt gjald. Þeim ber einnig að umgangast auðlindina þannig að eigendur hennar hafi af henni sem mestan arð; það er þeirra hagur, það er allra hagur. Þau þurfa að leitast við að skapa sem flestum atvinnu og í vel reknu fyrirtæki ber að greiða sómasamleg laun og bjóða upp á tækifæri til starfsþróunar. Og almenningur og stjórnvöld þurfa samhliða þessu að viðurkenna að nægir fjármunir verði eftir hjá fyrirtækjunum sem gera þeim kleift að uppfylla þetta hlutverk sitt. Þá þarf einnig að horfast í augu við það að samfélagsleg þátttaka sjávarútvegsfyrirtækja er meiri á landsbyggðinni þar sem þau gegna oft lykilhlutverki; eru hornsteinn í héraði. Ekki má draga úr möguleikum þeirra þar til að þau geti sem best þjónað sínu hlutverki sem atvinnurekendur og stuðlað að almennri velsæld og þróun samfélaga. Á þessum grunni langar mig að skipuleggja vinnu og umræður um hvernig veiðigjöld komi okkur öllum til góða, hvort sem við erum til sjávar eða sveitar, í borg eða bæ.

# Vöndum okkur í umræðunni um einelti

EINELTI



**Ragnar Þorsteinsson**
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Undanfarin kvöld hefur Stöð 2 fjallað um ofbeldi og harðræði í íslenskum grunnskólum. Umfjöllunin hefur verið óvægin og órökstuddar fullyrðingar settar fram. Þá hafa meintir atburðir verið sviðsettir og börn notuð sem leikarar.

### Rétt skal vera rétt

Mér brá við að heyra hugsjónamanninn Stefán Karl Stefánsson, stofnanda og formann Regnbogabarna, halda því blákalt fram að vanræksla og ofbeldi í íslensku skólakerfi sé svo algeng að brotið sé á börnum á hverjum degi, bannað sé að ræða ofbeldið og ef upp kemst sé það þaggað niður. Þetta eru þung orð. Stefán heldur því einnig fram að engar tölur séu til um kvartanir nemenda eða forráðamanna gagnvart skólum og að viðbrögð í slíkum málum virðist tilviljanakennd.

Á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar eru öll ágreiningsmál foreldra og skóla sem þangað berast skráð og unnið með þau samkvæmt skýru verklagi í samstarfi við sérfræðiþjónustu skóla og barnaverndar. Mikill metnaður og alúð er lögð í að leysa mál í sátt og engum málum er vísað frá eða stungið undir stól.

Það er því ábyrgðarhluti þegar einstaklingar sem eru málsmetandi í jafn alvarlegum málum og ofbeldi gegn börnum koma fram með svo órökstuddar fullyrðingar. Slíkur málflutningur er ekki til þess fallinn að uppeldissamfélag barna og ungmenna taki saman höndum og vinni gegn því meini sem einelti er. Hann er fremur til þess fallinn að grafa undan trausti milli foreldra og skóla, búa til sökudólga og særa stolt og fagmennsku þeirra sem helgað hafa sig því mikilvæga starfi að kenna börnum og ungmennum.

Upphaf umfjöllunar Stöðvar 2 um ofbeldi í grunnskólum má rekja til sorglegs máls sem upp kom í Vesturbæjarskóla í Reykjavík þar sem tiltekinn kennari er ásakaður um ofbeldi og harðræði gagnvart einstökum nemendum. Svo alvarlegar ásakanir er hvorki hægt að umbera né hunsa og hefur verið óskað eftir því við Barnavernd Reykjavíkur að þær verði kannaðar á grundvelli barnaverndarlaga.

Í upphafi skólaárs óskaði skólastjóri eftir því að óháð rannsókn færi fram á meintu ofbeldi kennarans og að jafnframt yrði skoðuð sú fullyrðing sem sett hefur verið fram af hálfu foreldris við skólann, að skólastjóri hefði ekki aðhafst neitt í málinu í eitt og hálft ár. Á grundvelli þessa hefur verið ákveðið að fá óháða aðila til að rannsaka þetta mál. Á meðan rannsókn stendur yfir mun umræddur kennari vera í leyfi frá störfum.

### Baráttan heldur áfram

Í Vesturbæjarskóla er unnið gott faglegt starf. Kannanir skóla- og frístundasviðs frá því í byrjun árs sýna að 97% foreldra telja kennara skólans vera hæfa og metnaðarfulla og 94% foreldra telja að skólinn mennti nemendur vel. Námsárangur þeirra er mjög góður. Einelti mælist marktækt minna í skólanum en að meðaltali í reykvískum grunnskólum og hefur minnkað til muna frá mælingu fyrir þremur árum. Í skólanum mælist hæsta hlutfall ánægðra foreldra í grunnskólum Reykjavíkur með úrvinnslu eineltismála. Níu af tíu foreldrum barna sem orðið höfðu fyrir einelti árið 2013 voru ánægð með úrvinnslu skólans í málinu.

**➜ Umfjöllunin hefur verið óvægin og órökstuddar fullyrðingar settar fram.**

Það er okkur skólafólki hvatning að staðfest er ár eftir ár í foreldrakönnunum, í Skólapúlsinum og í Olweusaráætluninni að sífellt dregur úr einelti í grunnskólum borgarinnar. Baráttan heldur áfram. Til viðbótar við aðrar eineltisáætlanir skólanna hefur skóla- og frístundasvið innleitt verkefnið Vinsamlegt samfélag þar sem hugmyndafræði og vinnubrögð menntastefnu Evrópuráðsins um skóla án ofbeldis eru höfð að leiðarljósi. Meginmarkmið þess er að leiða betur saman alla sem starfa með börnum og ungmennum í borginni, hvort í skóla- eða frístundastarfi.

Engin mál eru jafn viðkvæm og flókin og erfið eineltismál. Oft upplifa starfsfólk, foreldrar og börn sig vanmáttug. Þá reynir á alla í skólasamfélaginu að vinna faglega og málefnalega að úrlausn, börnunum til heilla. Gífuryrði og órökstuddar yfirlýsingar hjálpa ekki til, þær beinlínis vinna gegn hagsmunum þolenda. Það er von mín að okkur beri gæfa til að taka höndum saman gegn þeim vágesti sem einelti er og standa saman um velferð barna og ungmenna. Þannig náum við bestum árangri.

A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME

# TILBOÐSDAGAR



**Glös og diskar 20%**



**Húsgögn 10%**

GILDIR FYRIR EINU HÚSGAGNI AÐ EIGIN VALI

HVER AFSLÁTTARMIÐI GILDIR Í EITT SKIPTI



**Luktir 15%**



**Púðar 30%**

Gildir ekki með öðrum tilboðum

the PIER

Tilboðið gildir 26. sept-2.okt

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

DOBÍA



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og vinur,

**ERLINGUR STURLA EINARSSON**
**Grettisgötu 38, Reykjavík,**

verður jarðsettur frá Guðríðarkirkju í Grafarholti föstudaginn 27. september kl. 13.00.

**Guðbjörg Erlingsdóttir**
**Þóra Erlingsdóttir**
**Einar Leó Erlingsson**
**Sigríður Ásdís Erlingsdóttir**
**Magnea Þóra Erlingsdóttir**
**Vignir Oddsson**
**og barnabörn.**
**Bergur H. Birgisson**
**Kristinn Már Sveinsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**VIGFÚS SKÍÐDAL GUNNLAUGSSON**
**byggingameistari,**
**Ólafsfirði,**

lést sunnudaginn 22. september. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 28. september klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalarheimilið Hornbrekku.

**Hólmfríður Rósa Jóhannsdóttir**
**Anna Rósa Vigfúsdóttir**
**Elva Björg Vigfúsdóttir**
**Selma Vigfúsdóttir**
**Svala Vigfúsdóttir**
**og afabörnin.**
**Geir Hörður Ágústsson**
**Jóhann Örlygsson**
**Júlíus Geir Guðmundsson**
**Sigurgeir Ólafsson**

---



✝

Elsku faðir okkar, bróðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**GRÉTAR HARALDSSON**
**Seljalandi 7, Reykjavík,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 22. september. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 1. október kl. 13.00.

**Margrét Grétarsdóttir**
**Jóna Björk Grétarsdóttir**
**Sveinbjörn Snorri Grétarsson**
**Ólafur Haraldsson**
**Haraldur Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**
**Gunnar Halldórsson**
**Grétar Ómarsson**
**Irena Ásdís Óskarsdóttir**

---



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HARALDUR SIGFÚSSON**
**fv. vélstjóri,**
**Nausti, Þórshöfn,**

sem lést á Sjúkrahúsi Húsavíkur mánudaginn 23. september verður jarðsunginn frá Svalbarðskirkju í Þistilfirði laugardaginn 28. september kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Nausti, Sjúkrahúsi Húsavíkur og Sjúkrahúsi Akureyrar fyrir alúð og hlýju í hans garð.

**Álfheiður Haraldsdóttir Taylor**
**Jón Sigfús Haraldsson**
**Jóhann Hjálmar Haraldsson**
**Anthony Martyn Haraldsson**
**Karl Herbert Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Christopher Taylor**
**Amanda Sigfússon**
**Mandy Sigfússon**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**PÉTUR SIGURBJÖRNSSON**
**Garðaflöt 1, Garðabæ,**

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 14. september sl. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 27. september kl. 13.00. Innilegu þakklæti viljum við skila til Karitas heimahjúkrunar fyrir ómælda aðstoð og hlýja umönnun í gegnum árin.

**Elín Halldóra Hafdal**
**Kristján Grétar Pétursson**
**Pétur Sigurbjörn Pétursson**
**Rakel Björk Pétursdóttir**
**Heimir Þór Pétursson**
**Brynhildur Pétursdóttir**
**og afabörn.**
**Steinunn Erna Otterstedt**
**Berglind Ósk Kjartansdóttir**
**Marinó Jónsson**
**Vilborg Drífa Gísladóttir**
**Jóhann Pálsson**

---

Minning

# Einar Vilhjálmsson



**✝ Einar Vilhjálmsson fæddist í Reykjavík þann 5. mars árið 1947. Hann lést á krabbameinsdeild Landspítalans 13. september sl. Foreldrar Einars voru hjónin Guðný Kristjánsdóttir d. 1962 og Vilhjálmur Jónasson d. 1980.**

**Systkini Einars eru Ragnhildur f. 1934, maki Birgir Jakobsson. Þau eiga fjögur börn. Guðný Kristjana f. 1939, maki Guðmundur Guðmundsson. Þau eiga sex börn. Einar átti tvíburabróður sem lést við sex mánaða aldur.**

**Einar kvæntist R. Ester Jónsdóttur f. 18. janúar 1947, þann 26. október 1968. Foreldrar hennar voru Kristín F. Jóhannesdóttir d. 19. október 2012 og Jón Elías Jónsson d. 17. nóvember 2001.**

**Synir Einars og Esterar eru: 1) Jón Þór f. 1970, kvæntur Þóru Elísabetu Kjeld f. 1971. Þau eiga fimm börn: Ármann Elías, Einar Alex, Elísabetu Maríu, Önnu Margréti og Jón Þór. 2) Eyjólfur f. 1970, í sambúð með Jónu Einarsdóttur f. 1966. Þau eiga tvíburana Snædísi Ester og Jón Elías. 3) Vilhjálmur f. 1980, kvæntur Ester Sif Harðardóttur f. 1982. Þau eiga tvær dætur: Anítu Sif og Viktoríu Karen.**

**Einar ólst upp í Reykjavík til níu ára aldurs en þá flutti hann ásamt fjölskyldu sinni í Hófgerði 16 í Kópavogi. Hann gekk í Kársnesskóla en lauk síðan landsprófi frá Gagnfræðaskóla Kópavogs. Síðar fór hann í Loftskeytaskólann og útskrifaðist þaðan árið 1966. Eftir útskrift var hann til sjós í eitt ár sem loftskeytamaður á togaranum Neptúnusi. Í maí árið 1967 byrjaði hann að vinna hjá Pósti og síma, síðar Símanum og þar vann hann allt til dauðadags sem tæknifulltrúi.**

**Einar starfaði mikið að félagsmálum. Hann var félagi í björgunarsveitinni Stefni í Kópavogi í mörg ár. Hann tók virkan þátt í uppbyggingu skíðadeildar Breiðabliks. Hann var óeigingjarn á tíma sinn þegar deildin byggði nýjan skála í Bláfjöllum og lagði sitt af mörkum í sjálfboðavinnu þegar deildin keypti nýju skíðalyftuna í Drottningargili í Bláfjöllum.**

**Einar var í aðalstjórn Breiðabliks í nokkur ár og sat m.a. í nefnd sem sá um áramótabrennuna í Kópavogi. Hann var félagi í Kiwanisklúbbnum Eldey í Kópavogi frá 1983 og forseti klúbbsins á árunum 1995-1996. Einar og Ester byggðu sér sumarhús á Minna-Mosfelli en þar vildi Einar verja öllum sínum frístundum með fjölskyldu og vinum. Hann var barngóður og naut þess að vera með börnum og barnabörnum hvort heldur var í útilegum eða heima við.**

**Útför Einars fer fram í dag 26. september frá Fríkirkjunni í Reykjavík kl. 15.00.**

Góður vinur er fallinn frá aðeins sex vikum eftir að við bárum saman kistu föður míns.

Einar var mágur föður míns og báðir biðu þeir lægri hlut í baráttu sinni við krabbamein.

Ég man eftir Einari frá fyrstu tíð. Í æsku eyddi ég miklum tíma með honum og tvíburunum hans, Eyjólfi og Jóni Þóri, og seinna meir yngsta bróðurnum Vilhjálmi. Einar hafði með eindæmum gott skap, sem er gott þegar maður er giftur inn í skapstóra fjölskyldu. Ég man þó eftir einu skipti þegar við Eyjó og Jón höfðum gert okkur að leik að breyta Bjöllunni hans í skíðabrekku og renna okkur af þakinu niður yfir húddið. Þá var Einari alls ekki skemmt.

Margar samverustundir okkar voru tengdar skíðum og skíðaferðum. Ófáar skíðaferðir voru farnar í Bláfjöll þar sem Einar vann hörðum höndum við að byggja upp skíðadeild Breiðabliks. Í fyrstu var labbað upp brekkurnar í 30 mínútur og svo var maður tvær mínútur að renna sér niður – en ferðin var hverrar sekúndu virði. Einar ásamt öðrum breytti þessu og stuttu seinna var komin lyfta.

Hann hvatti mann óspart í hverju því sem maður tók sér fyrir hendur. Ég man eftir einu skipti. Ég hafði fengið flensu í skíðaferð okkar í Kerlingarfjöll. Daginn eftir átti að fara í fjallgöngu. Fyrir hvatningu Einars dröslaði ég mér af stað og náði toppi fjallsins, yngstur í hópnum. Síðustu orð Einars til mín lýstu honum vel, þegar hann sagði: „Stattu þig strákur.“

Einar var virkur í félagsstörfum, var í björgunarsveitinni og hafði gaman af að vera innan um fólk enda hafði hann einlægan áhuga á fólki, eitt af því sem strákarnir hans hafa erft frá föður sínum. Í fjölskyldunni var Einar alltaf sá sem var til í að hjálpa manni. Ef einhver var að flytja eða mála var hann mættur fyrstur allra, vopnaður pensli og stríðnisglampi í augum. Hann var einnig trygglyndur maður, sem kristallaðist kannski hvað best í því að hann vann hjá sama vinnuveitenda, Símanum, í hartnær fjóra áratugi.

Einar var alls staðar vel liðinn.

Hann hafði skemmtilegan og skarpan húmor og hafði einstakt lag á því að sjá það skemmtilega og fyndna í hlutunum allt til enda. Það var gott að spjalla við Einar um alla skapaða hluti.

Einars verður sárt saknað af mörgum. Hann var mikill fjölskyldumaður og vinmargur.

Ég sendi Ester, Jóni, Eyjó, Villa og fjölskyldum mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Ég sakna vinar í stað.
**Jón Ásgeir Jóhannesson**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 26. SEPTEMBER 1915

# Með frelsisskrá í föðurhendi

Minnisvarði um Kristján konung níunda var afhjúpaður við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík þennan dag árið 1915, á afmæli Kristjáns tíunda.

Minnisvarðinn, sem er eftir Einar Jónsson myndhöggvara, sýnir konunginn með skjal í hægri hendi sem hann réttir fram. Skjalið á að tákna stjórnarskrána sem Kristján IX gaf þjóðinni á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874 og öðlaðist gildi 1. ágúst það ár. Skáldið Matthías Jochumsson þakkaði með ljóði. Þar standa þessi orð:

*„Með frelsisskrá í föðurhendi*
*þig fyrstan Guð oss sendi;*
*kom heill, kom heill að hjarta Fróns.“*



---



✝

Elsku dóttir mín, systir okkar,
mágkona og frænka,

**SÓLVEIG REYNISDÓTTIR**
**Brekkuási 5, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 24. september.

**Dóra S. Guðmundsdóttir**
**Eyjólfur Reynisson**
**Sigrún Reynisdóttir**
**og systkinabörn hinnar látnu.**
**Guðbjörg S. Sigurz**

---



✝

Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna fráfalls eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**GUÐLAUGS SVANBERGS**
**EYJÓLFSSONAR**
**frá Stuðlabergi, Keflavík.**

Sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun til starfsfólks lyfjadeildar FSA og legudeildar HSS. Guð blessi ykkur öll.

**Halla Gísladóttir og fjölskyldur.**

---



✝

Elsku maðurinn minn, faðir okkar,
bróðir, tengdasonur og mágur,

**ANDRÉS SVAVARSSON**
**Þingási 45, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk mánudaginn 23. september.

**Þóra Stephensen**
**Örvar Andrésson**
**Dagbjört Andrésdóttir**
**Guðni B. Svavarsson**
**Þórir Stephensen**
**Elín Stephensen**
**Ólafur Þ. Stephensen**
**Viðar Gíslason**
**Kristín Ólafsdóttir**
**Dagbjört G. Stephensen**
**Halldóra Traustadóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**EINAR VILHJÁLMSSON**
**rafeindavirki,**
**Marbakkabraut 18, Kópavogi,**

sem lést 13. september síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag, fimmtudaginn 26. september, kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Ester Jónsdóttir**
**Jón Þór Einarsson**
**Eyjólfur Einarsson**
**Vilhjálmur Einarsson**
**Þóra Elísabet Kjeld**
**Jóna Einarsdóttir**
**Ester Sif Harðardóttir**
**og barnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ENGIN DÝRAMYNSTUR

Dýragarðurinn Chessington World of Adventures í Bretlandi hefur beðið gesti sína að klæðast ekki fötum með hlébarða- eða tígrisdýramynstri í nýlegu friðlandi garðsins. Dýragæslumenn hafa tekið eftir að slík mynstur hræða dýrin í garðinum.


TÆKIFÆRISGJAFIR

IVV handunnið frá Ítalíu




MUNNBLÁSIÐ - HANDUNNIÐ
Fæst eingöngu hjá
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



GLÆSILEGAR
Hettu- Dúnúlpur
m/ekta skinni

Skoðið
laxdal.is/yfirhafnir

BERNHARÐ LAXDAL

Vertu vinur á Facebook



HÁAR Í MITTIÐ!
ÞRJÁR SÍDDIR
Bláar og svartar

PULZ JEANS

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook




# ÍSLENSK ULL Í SLÁR OG PEYSUR

**TÍSKA** *Edda Skúladóttir klæðskeri vann við sniðagerð í Los Angeles í níu ár, meðal annars hjá merkinu bebe. Hún framleiðir nú eigin flíkur undir merkinu Fluga design á vinnustofu sinni í Hamraborg.*

Ég öðlaðist góða reynslu úti í Los Angeles. Þegar ég flutti heim fór ég svo að fikta mig áfram með mitt eigið. Byrjaði smátt en nú hefur þetta undið upp á sig," segir Edda Skúladóttir klæðskeri en hún framleiðir kvenfatnað undir merkinu Fluga design.

Edda bjó í níu ár í Los Angeles og vann við sniðagerð fyrir fataframleiðendur, meðal annars fyrir merkið bebe. Hún flutti heim árið 2005 og kom Fluga design á koppinn fyrir þremur árum. Hún vinnur meðal annars úr íslenskri ull, silki og bómull. ▶

**FLUGA DESIGN** Edda Skúladóttir framleiðir kvenfatnað úr bómull, silki og íslenskri ull. Nánar má forvitnast um hönnun Eddu á www.fluga.is og á Facebook. MYND/PJETUR




Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com

KORTER.IS




- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt er að fá búnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Frábært tilboð

| | |
|---|---|
| REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 379.900.-** | REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 499.900.-** |
| Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 249.900.-** | Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 369.900.-** |

*3.5% lántökugjald




Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Ný sending

af fallegum gráum og svörtum drögtum!

Tilvalið fyrir Oddfellow. Mikið úrval af litríkum peysum. Vinsælu viskos buxurnar komnar í svörtu, bláu og brúnu.



BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
Leiðsögunámið í Ferðamálaskóla Íslands bætti miklu við þekkingu mína á landinu sem og sögu og menningu þjóðarinnar. Þessir þættir voru ofnir saman á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og kryddað margs konar fróðleik og frásögnum. Auk þess spannaði námið allt frá leiðsögutækni til laxveiðáa, frá skyndihjálp til skógræktar og frá hvalafræðum til hverasvæða svo nokkuð sé nefnt. Skipulag námsins var sveiganlegt en með ákveðnu aðhaldi stjórnenda sem skapaði gott andrúmsloft í þessum alþjóðlega hópi nemanda. Þessum tíma var mjög vel varið hvort sem maður hyggur á ferðaleiðsögn eða ekki.



Magnús Jónsson
fv. veðurstofustjóri

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Mikið úval
af flottum yfirhöfnum
fyrir flottar konur

Stærðir 38-58




belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á


„Mér finnst mjög gaman að vinna með ullina en ég byrjaði á því fyrir rúmu ári. Prjónastofan Glófi prjónar fyrir mig voðir sem ég vinn úr stórar peysur og slár. Ég er að gera nýjar peysur þessa dagana og er í fullum gangi að undirbúa sýningu með Handverki og hönnun í Ráðhúsinu í nóvember," segir Edda.

„Ég sauma bæði sparikjóla og bómullarkjóla til að nota hversdags, leggings og peysur og geri líka klúta og slaufur. Ég geri einnig mikið af því að breyta peysum, nota nýjar peysur sem ég fæ, lita, klippi til og bæti inn í þær silki. Þannig öðlast þær nýtt líf."

Edda vinnur allt sjálf á vinnustofu sinni í Hamraborg 1 í Kópavogi og er hægt að heimsækja hana þangað. Einnig fást flíkurnar hennar í Kraumi og í Húsi handanna á Egilsstöðum.



**ÍSLENSK ULL** Edda vinnur peysur og slár úr íslenskri ull.



**UNDIRBÝR SÝNINGU** Handverk og hönnun verður í Ráðhúsinu dagana 7.- 11. nóvember. Edda tekur þátt.



**SPARI OG HVERSDAGS** Edda hannar kjóla, bæði spari og hversdags, úr silki og bómull.

MYND/NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

# HLÝLEGT HAUST

*Prjónapeysur eru kjörnar á köldum haustdögum og því eru tískuhönnuðir sammála. Á tískusýningum fyrir haustið 2013, sem flestar voru haldnar síðastliðið vor, bar nokkuð á prjónuðum peysum. Flíkurnar eru af mismunandi gerðum, allt frá fínlegum v-hálsmáls peysum við fáguð pils frá Marc Jacobs til grófra prjónapeysa frá Ralph Lauren og Dries Van Noten. Á tískusýningunum voru flestar peysurnar paraðar við pils, bæði stutt og síð.*



**RALPH LAUREN** Fáguð kaðlapeysa við skósítt pils.



**CHANEL** Gróf prjónapeysa við stutt pils og þykkar gammosíur.



**DRIES VAN NOTEN** Síð og víð kaðlapeysa við litríkt pils.

NORDICPHOTOS/GETTY



**MARC JACOBS** Fínleg peysa við fágað pils.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


JAMES SPADER
THE BLACKLIST
STÆRSTI ÞÁTTUR VETRARINS
HEFST Í KVÖLD KL. 21:10
„Þú getur ekki tekið augun af James Spader.“
The Hollywood Repoter
„Líklega besti dramaþáttur vetrarins.“
Chicago Sun-Times
„Eins og framhald af Silence of the Lambs.“
Variety
„Þvílík spenna, þáttur sem enginn má missa af.“
Logi Bergmann Eiðsson
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447






**J. MENDEL** Leikkonan Leslie Mann í kjól frá J. Mendel.



**CALVIN KLEIN** Rose Byrne í kjól frá Calvin Klein.



**PRADA** Downton Abbey-leikkonan Michelle Dockery í Prada-kjól.

# UPP Í HÁLS Á EMMY

**EKKERT FLEGIÐ** *Stjörnurnar mæta á rauða dregilinn og tískulöggurnar eru alls staðar til að dæma kjólana. Sitt sýnist hverjum en það eru stjörnurnar sem leggja línurnar í kjólatískunni.*

Kjólarnir skipta orðið svo miklu máli að frægir tískuhönnuðir keppast við að fá að klæða stjörnurnar. Skartgripir virðast ekki skipta minna máli, allt er þetta sýnt í beinni í sjónvarpinu. Emmy-verðlaunaafhendingin fór fram í Los Angeles á sunnudaginn þar sem sjónvarpsstjörnur fjölmenntu og klæðaburðurinn olli ekki vonbrigðum hjá tískuáhugafólki.

Þótt veturinn sé á næsta leiti klæddust stjörnurnar tísku sem hönnuðir hafa kynnt fyrir næsta vor. Sumarlegir litir voru áberandi, fölbleikur, ljósblár og hvítur.

Það vakti þó nokkra athygli að bert hold og brjóstaskorur voru minna áberandi en oft áður. Margir kjólar náðu upp í háls þótt handleggir væru berir. Óvenju margar leikkonur voru klæddar slíkum kjólum. Þá voru þær margar sem voru í kjólum með síðum ermum. Hér á síðunni má sjá nokkra kjóla sem allir eru með svipuðu hálsmáli.

MYNDIR/GETTY






**J. MENDEL** Zooey Deschanel í kjól frá J. Mendel.



**KAUFMANFRANCO** Padma Lakshimi í kjól frá Kaufmanfranco.



**THAKOON** Taylor Schilling í kjól frá Thakoon.



**RAUÐUR OG KYNÞOKKAFULLUR** Christina Baranski, sem leikur í The good wife, í fallegum rauðum kjól.






# SPARNEYTNIR BÍLAR

FIMMTUDAGUR **26. SEPTEMBER 2013** | **Kynningarblað** Metanbílar, rafbílar, sparakstur og góð ráð.

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET




## 2.990 ÞÚS. KR.

MEIRA AÐ SEGJA VERÐIÐ ER FALLEGT




EINNIG FÁANLEGUR 1.7 L DÍSEL
4.5 l/100 km
Í BLÖNDUÐUM AKSTRI

Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ

## CHEVROLET CRUZE

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar. Komdu í heimsókn og kynntu þér þennan glæsilega bíl. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn frá Chevrolet – á enn lægra verði.

EURO NCAP www.euroncap.com TEST 2011

Chevrolet Cruze LT 1.8 l • bensín • bsk
**Verð aðeins: 2.990 þús. kr.**

Aksturstölva • bakkskynjarar • bluetooth • hraðastillir • hiti í sætum • loftkæling
ESP skriðvörn • leðurstýri og fleira • kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



„Ef ég keyri þúsund kílómetra á mánuði spara ég 12.500 krónur í hverjum mánuði. Sú upphæð fer langt til að vega upp á móti fjármagnskostnaðinum sem felst í því að yngja upp,“ lýsir Arnþór Jón sem keypti nýjan bíl sem eyðir umtalsvert minna en gamli bíllinn. MYND/GVA

# Sparakstur er góður fyrir budduna

**Arnþór Jón Þorvarðarson hefur mikinn áhuga á sparakstri. Áhuginn vaknaði þegar hann ákvað að skipta út gamla bílnum fyrir nýjan eyðslugrennri.**

Arnþór Jón Þorvarðarson hefur lengi reynt að aka skynsamlega til að spara bensíndropann. Raunverulegur áhugi á sparakstri vaknaði hins vegar ekki fyrr en hann ákvað fyrir nokkru að skipta út gamla bílnum fyrir nýjan. „Bílaframleiðendum hefur orðið mikið ágengt síðustu ár í smíði á sparneytnum bílum og því umhugsunarefni hvort ekki borgi sig í sumum tilfellum að yngja upp,“ segir Arnþór sem átti áður gamlan VW Golf sem eyddi kringum tíu til ellefu lítrum á hundraðið. Nýi bíllinn, sem einnig er VW Golf, hefur aftur á móti uppgefna eyðslu upp á fimm lítra á hundraðið. „Ef ég keyri þúsund kílómetra á mánuði spara ég 12.500 krónur í hverjum mánuði. Sú upphæð fer langt til að vega upp á móti fjármagnskostnaðinum sem felst í því að yngja upp,“ lýsir hann.

Arnþór segir sparakstur skila sér vel í veskið. „Ég hef reyndar ekki gert sparaksturstilraunir með nýja bílinn en hér áður fyrr tókst mér að lækka eyðsluna um tvo lítra á hundraðið með því einu að aka skynsamlega,“ segir hann og nefnir nokkrar viðmiðunarreglur sem hann hefur í akstrinum.

„Þegar ég tek af stað reyni ég að fara mjúkum fótum um bensíngjöfina í stað þess að botna hana, og eyk hraðann jafnt og þétt,“ segir Arnþór og minnist einnig á að þeir sem aki beinskiptum bílum ættu að kynna sér í hvaða snúningi sé best að aka honum. „Oftast er betra að vera með hann í lágum snúningi.“

Ef Arnþór sér rautt ljós fram undan byrjar hann að hægja á sér með góðum fyrirvara og lætur bílinn renna í mark. „Ef allt gengur að óskum er komið grænt ljós áður en maður stöðvar að fullu sem er mjög gott enda eyðir maður heilmiklu bensíni á því að taka af stað. Síðan hef ég reynt að halda mig í góðri fjarlægð frá næsta bíl, þá get ég haldið mínum hraða og er ekki í stöðugum hraðabreytingum. Fyrir utan að það dregur úr möguleikum á aftanákeyrslu,“ segir Arnþór. Hann bendir á að best sé að vera sallarólegur í umferðinni, jafnvel þó fólk sé orðið of seint. „Hér innanbæjar eru fjarlægðirnar svo litlar að ekki skiptir höfuðmáli að vera á tíu til tuttugu kílómetra meiri hraða, það breytir ekki miklu á endanum.“

Arnþór segist ekki ala með sér draum um sparaksturskeppni. „Nei, ég sá þetta frekar sem tækifæri til að kaupa nýjan bíl án slæmrar samvisku,“ segir hann.

# Ótrúlega fljótt að borga sig

**Magnús N. Reykdalsson, sölustjóri metanbreytinga hjá metanbill.is, segir mikinn ávinning fólginn í því að breyta bíl í metanbíl. Lítrinn af metani kostar 149 krónur, metanbílar leggja frítt í stæði og bifreiðagjöld lækka.**

Magnús N. Reykdalsson hjá metanbill.is, sem sérhæfir sig í að breyta bílum í metanbíla, svarar hér nokkrum algengum spurningum er varða breytinguna.

*Er hægt að breyta öllum bílum í metanbíla?*

Já, það má segja að langflestir bílar séu breytanlegir. Þó eru alltaf undantekningar.

*Hvernig er ferlið – hvernig berið þið ykkur að við að breyta bíl?*

Það fer þannig fram að þú kemur á bílnum þínum til okkar í Gufunesið og við förum saman yfir það hvernig þú vilt hafa kútinn/kútana þar sem hentar best fyrir þig og er framkvæmanlegt. Svo gerum við þér tilboð í breytinguna og bókum tíma ef svo ber undir.

*Hvað tekur breytingin langan tíma?*

Við erum yfirleitt að gefa okkur tíu virka daga.

*Hvaða ávinning hefur það í för með sér að breyta í metanbíl?*

Ávinningurinn er sá að þú ert að nota eldsneyti sem kostar 149 krónur lítrinn og er innlent. Þetta er ótrúlega fljótt að borga sig upp. Eins fá metanbílar að leggja frítt í stæði í borginni, auk þess sem allir metanbílar borga lægstu mögulegu bifreiðagjöld sem eru í dag um 5.600 krónur hvort tímabil. Það getur munað mjög miklu á stærri bílum, sem eru jafnvel að borga hátt í hundrað þúsund á ári í bifreiðagjöld. Ef bíllinn er yngri en sex ára þegar við breytum honum færðu endurgreiðslu á vörugjöldum upp á 20% af verði breytingarinnar en þó að hámarki 100 þúsund.

*Hver er kostnaðurinn?*



Magnús segir hægt að breyta langflestum bílum. MYND/AÐALHEIÐUR

Kostnaðurinn er mjög misjafn, fer eftir fjölda sílindra bílsins sem á að breyta og fjölda kúta sem fara í bílinn. Ódýrasta breytingin kostar 498 þúsund og svo alveg upp úr.

*Hvar er hægt að dæla?*

N1 Ártúnshöfða og Olís í Álfabakka eins og staðan er núna en það opna fleiri stöðvar á næstunni, meðal annars er stefnt á opnun á Akureyri og að því að fjölga stöðum í Reykjavík.

*Hvað eru margir metanbílar á landinu?*

Ég þori nú ekki að segja alveg til um það en ég gæti trúað að það séu um 1.500 metanbílar á landinu núna.

*Hvað hafið þið breytt mörgum bílum?*

Við höfum breytt í kringum 500 bílum.

*Hvernig virkar bíllinn eftir breytingu?*

Bíllinn virkar þannig að hann fer alltaf í gang á bensíni og skiptir svo yfir á metan þegar hann er orðinn um 40 gráðu heitur. Hann sér sjálfur um þetta og lætur þig svo vita þegar metanið er búið. Við komum fyrir takka í bílnum þar sem þú getur fylgst með hve mikið er eftir af metani og þar sem þú getur slökkt á metankerfinu. Við breytum í raun engu í bílnum sjálfum þar sem þetta er alveg „stand alone“ kerfi, sem sagt viðbót, þú getur áfram keyrt eins langt og þig lystir þar sem við minnkum ekkert bensíntank eða þess háttar. Þú getur alltaf slökkt á metankerfinu og þá er bíllinn eins og óbreyttur bíll.

*En er hægt að fá alla nýja bíla sem metanbíla?*

Já, það má segja það, svo fremi að það sé bensínbíll. Það sem meira er, ef þú ræðir það um leið og þú ert að kaupa nýjan bíl færðu endurgreiðslu af vörugjöldum allt að 1.250.000 krónum þannig að stundum kemur það þannig út að bíllinn er ódýrari með metanbreytingu en án hennar. Þetta þarf að gera í nýskráningarferlinu.



## *Brunað án samviskubits*

Það má gera margt skemmtilegt fyrir allan aurinn sem streymir í vasa bíleiganda sem stundar sparakstur. Hér fyrir neðan eru fáein hollráð fyrir sparakstur. Gott er að æfa sig smátt og smátt til að verða meistari.

- **Hafið bílinn beinskiptan. Með því næst betri stjórn á ökutækinu og auðveldara er að fínstilla sparakstur.**
- **Látið hraðakstur eiga sig. Því fastar sem stigið er á bensíngjöfina því meiri verður eldsneytisnotkun. Hraðakstur sparar stundum tíma en sóar peningum. Best er að aka rétt undir leyfilegum hámarkshraða.**
- **Látið bílinn renna í stopp í stað þess að bremsa. Takið fótinn af bensíngjöfinni þegar stöðvunarskylda er fram undan og látið bílinn hægja á sér. Sé beðið með að bremsa fram á síðustu stundu er dýrmætu eldsneyti eytt að óþörfu.**
- **Setjið bílinn í hlutlausan þar sem hann rennur vel. Með því er nær engu bensíni eytt.**
- **Léttið farminn. Því þyngri sem bíll er því meira þarf hann að erfiða. Út með óþarfa farangur og hafið skott og baksæti auð.**
- **Veljið léttu leiðina í stað fallegri leiða sem liggja í gegnum hæðir og dali. Finnið frekar vegi með færri umferðarljósum og traffík. Jafnvel þótt sú leið sé lengri getur hún sparað umtalsvert eldsneyti.**
- **Leggið í sólinni. Það heldur bílnum heitum og eyðir minna eldsneyti en kaldur bíll.**
- **Hafið gluggana opna og fáið ferskt loft í bílinn í stað þess að eyða eldsneyti í loftkælinguna.**
- **Drepið á vélinni og sparið bensínlítra. Bíll í lausagangi eyðir mun meiru en það tekur að ræsa hann aftur.**

# AVIS bílarnir eru komnir á Bílasölu Reykjavíkur




BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans
landsbankinn.is 410 4000

AVIS Bílaleiga

Bíldshöfða 10 • S: 5878888 • br.is



## FYRSTU RAFBÍLARNIR

**Ólíkt því** sem margir halda er rafbíllinn alls ekki nýleg uppfinning. Fyrsti rafbíllinn er talinn vera frá árinu 1888 og var smíðaður í Þýskalandi. Rafbílar nutu talsverðra vinsælda í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum þeirrar tuttugustu, þá helst í Bandaríkjunum. Rafmagnið þótti þægilegur og hentugur kostur til að knýja bíla á þessu tímabili, sérstaklega í innanbæjarakstri. Þeir gáfu auk þess frá sér mun minni hávaða en bensínbifreiðar og voru lausar við þann mikla óþef sem barst frá bensíninu. Ekki þurfti heldur að skipta um gíra á rafbílum, ólíkt bensínknúnum bifreiðum, og eigendur rafbíla þurftu ekki að snúa þeim í gang með handafli eins og nauðsynlegt var á bifreiðum sem gengu fyrir bensíni. Fyrir aldamótin 1900 áttu ýmsar tegundir rafbíla bæði hraða- og lengdamet. Þannig rauf rafbíllinn Jamais Contente 100 kílómetra múrinn árið 1899 þegar hann náði 106 kílómetra hraða. Fram á þriðja áratug síðustu aldar áttu rafbílar í fullu tré við bensínknúna bíla þegar kom að almennu notagildi. Það breyttist þó upp úr 1930 þegar framleiðsla bensínknúinna bifreiða jókst hratt á sama tíma og olíuiðnaðurinn hóf einnig að vaxa að umfangi. Á stuttum tíma varð rafbíllinn nær úreldur en bensínknúnar bifreiðar kostuð þá um helmingi minna en rafbílar.





## AUKAFARANGUR EYKUR ELDSNEYTISEYÐSLU

**Farangursbox sem** fest eru á toppgrind bílsins auka geymsluplássið til muna svo fjölskyldan kemst jafnvel af með minni og eyðslugrennri bíl.

Boxið eykur þó vindmótstöðu bílsins og fullhlaðið eykur boxið þar að auki eldsneytiseyðslu bílsins um allt að fimm prósent.

Farangursboxið skal því skilja eftir í bílskúrnum þegar það er ekki í notkun. Eins ætti að forðast að aka um með óþarfa farangur og dót í bílnum því 45 kíló í skottinu auka eldsneytiseyðslu um eitt til tvö prósent.

Heimild: www.fueleconomy.gov



## ÁHUGI EYKST Á RAFBÍLUM

**Þýskir bílaframleiðendur** hafa upplýst að þeir muni koma með á markað sextán nýja rafbíla fyrir árið 2016. Að auki komi Audi, BMW, Ford, Mitsubishi og Mercedes og jafnvel fleiri með nýja tvinnbíla strax á næsta ári. Bílaframleiðendur eru meðvitaðir um að umhverfisvænir bílar eru framtíðin og mátti sjá glæsilega rafbíla á bílasýningu í Frankfurt nú í september.

Evrópubandalagið hefur lagt til að bílar losi ekki meira en sem svarar 95 grömmum af koltvíildi árið 2020. Margir telja að því markmiði verði einungis náð með aukningu á rafbílum og síðan tvinnbílum. Á bílasýningunni í Frankfurt, sem er sú stærsta í Evrópu, mátti sjá aukinn áhuga framleiðenda á umhverfisvænni bílum og að það er margt að gerast í þeim efnum.





Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér þegar þú lætur skoða bílinn þinn hjá Aðalskoðun. **Nýjasta skoðunarstöðin okkar er að Grjóthálsi 10**. Hlökkum til að sjá þig, það er alltaf heitt á könnunni.

**Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900**

Aðalskoðun, faggiltur skoðunaraðili í 19 ár

Aðalskoðun

**Reykjavík** Grjóthálsi 10 Sími 590 6940

**Reykjavík** Skeifunni 5 Sími 590 6930

**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900

**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935

**Reykjanesbær** Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970

**www.adalskodun.is** og **www.adal.is**




## OPIÐ HÚS

Fimmtud. 26. sept. 12:15 - 13:00



Nánari upplýsingar veitir
**Páll Þórólfsson,** sölufulltrúi
pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

113,4 fm efri sérhæð,
auk 26,3 fm bílskúr
4ra herbergja
Húsið er klætt að utan

Verð: **28,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

## Opin hús í hádeginu í dag frá kl. 12:00 – 12:30

### Daggarvellir 4B – 4ra herbergja




Falleg endaíbúð á annarri hæð til vinstri í snyrtilegu fjölbýli við Daggarvelli í Hafnarfirði. Eignin er 110,6fm en þar af er íbúðin er 103fm. Stæði í bílgeymslu fylgir íbúðinni.
**Verð: 26,9 milljónir**
**Laus strax**
**Ólafía sýnir eignina frá kl. 12:00 – 12:30**

### Vallarás 1 – 3ja herbergja




Vallarás 1 í Árbæ. Góð 3ja herbergja 87,4 fm. íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi.
**21,9 milljónir**
**Laus strax**
**Gísli Rafn sýnir eignina frá kl. 12:00 – 12:30**

### Álfabrekka 17, Kópavogur




387fm hús við Álfabrekku í Kópavogi. Húsið er á tveimur hæðum og skiptist í tvær íbúðir og bílskúr. Sér fullbúin íbúð á neðri hæð. Íbúð á efri hæð næstum tilbúin undir tréverk.
**Verð: 59,9 milljónir**
**Laust strax**
**Davíð sýnir eignina frá kl. 12:00 – 12:30**

FASTEIGNASALAN **fasteign.is**
Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800
Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

# Fasteignir.is
## -Nú með Fasteigna-App

## Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!

- Nýjar, skemmtilegar og áður óþekktar leiðir til að leita að fasteignum í símanum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur

vísir.is






## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

Félag Fasteignasala
vísir

## til sölu

### Til sölu

**Vinsæll, fjölskylduvænn skyndibitastaður.**

Mjög góð staðsetning á Stór-RVKsvæðinu.

Áhugasamir vinsamlegast sendi á box@frett.is merkt „Vinsæll-2609"

## tilkynningar

### Jökuldalsvegur (nr. 923) um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði

**Mat á umhverfisáhrifum**
**Álit Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum ofangreindar framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

**Skipulagsstofnun**

Hörgársveit

### Auglýsing um veitingu framkvæmdaleyfis

**Sbr. 4. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi er hér með auglýst veiting framkvæmdaleyfis**

Sveitarstjórnin í Hörgársveit samþykkti á fundi sínum 18. september 2013 að veita Skútabergi ehf. framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á Moldhaugahálsi. Framkvæmdaleyfið er í samræmi við aðalskipulag og álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu mats á umhverfisáhrifum.
Gögn sem tengjast veitingu framkvæmdaleyfisins liggja frammi á skrifstofu Hörgársveitar og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.horgarsveit.is. Framkvæmdaleyfi er kæranlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, Reykjavík.
Kærufrestur er einn mánuður frá því að leyfi er auglýst.

*23. september 2013*
*Sveitarstjórinn í Hörgársveit*

Hörgársveit

### Auglýsing um veitingu framkvæmdaleyfis

**Sbr. 4. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi er hér með auglýst veiting framkvæmdaleyfis**

Sveitarstjórnin í Hörgársveit samþykkti á fundi sínum 18. september 2013 að veita GV -Gröfum ehf. framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í landi Bjarga II. Framkvæmdaleyfið er í samræmi við aðalskipulag og álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu mats á umhverfisáhrifum.
Gögn sem tengjast veitingu framkvæmdaleyfisins liggja frammi á skrifstofu Hörgársveitar og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.horgarsveit.is. Framkvæmdaleyfi er kæranlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, Reykjavík.
Kærufrestur er einn mánuður frá því að leyfi er auglýst.

*23. september 2013*
*Sveitarstjórinn í Hörgársveit*

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

TOKYO sushi

**TOKYO SUSHI**
er vinsæll veitingastaður í Glæsibæ sem býður ferska og fljótlega hollustu. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum starfsmönnum

1. Aðstoðarfólk til að vinna í eldhúsinu okkar í hluta starfi og fullu starfi.

2. Afgreiðslufólk í sal.

**Sendu okkur umsókn á tokyo@tokyo.is með ferilskrá og mynd. Upplýsingar um staðinn er á www.tokyo.is.**

SÍMSTÖÐIN

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

Hringið í síma 7767400 og 7747400 eða sendið mail á kvoldvinna@simstodin.is

Símaspjall? Heitar upptökur? Djarfar myndir? Góðar aukatekjur í boði fyrir flottar íslenskar konur, 20-40 ára. SexyIceland.com

### Atvinna óskast

Smiðir óska eftir vinnu. Áhugasamir hafið samband í s. 847 0638.

KK.óskar eftir atvinnu hef meiraspróf ýmislegt kemur til greina einnig vaktavinna næturv. uppl. í s. 849 9187.

## til sölu

# *15% Haust afsláttur*

***CTC-1131 fastlínustöð***



***Hægt að tengja 20 þráðlausa skynjara***
***Getur hringt í 6 símanúmer***
***Frábært fyrir heimilið og vinnustaðinn***

***CTC-1132 GSM stöð***



***Hægt að tengja 30 þráðlausa skynjara***
***Getur hringt í 6 símanúmer og sendir SMS***
***Frábært í bústaðinn, heimilið og vinnustaðinn***

***CTC-2716 GSM stöð***



***Hægt að tengja 30 þráðlausa skynjara***
***Getur hringt í 6 símanúmer og sendir SMS***
***Möguleiki á hitaviðvörun, hægt að stjórna með snjallsíma***
***Frábært í bústaðinn, heimilið og vinnustaðinn***

## *ÖRYGGISKERFI FRÁ GARDSMAN*

**Dalvegi 16b**
**sími 554 2727**
**www.hugna.is**

Hugna.is

**Sjá nánar á www.hugna.is**


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:

## App sem þú þarft

**Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann**

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.

FBL

FÍTON / SÍA



FRÉTTABLAÐIÐ

# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.




Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# MEIRA ÚRVAL LÆGRA VERÐ !

## TOSHIBA

### VINSÆLASTA INTEL i7

Þessi er hlaðin öflugum búnaði á ótrúlegu verði vegna magnkaupa. Ivy Bridge Intel i7 örgjörvi, nVidia GeForce GT740M leikjaskjákort með 1GB GDDR3. Skarpur og skýr 15.6“ skjár og góðir Onkyo hátalarar.




15,6”

TOS-L50A105

**149.990**

### 27“ W-LED HÁSKERPUSKJÁR




Örþunnur og glæsilega hannaður skjárammi. Mögnuð myndgæði með AH-IPS skjáfilmu. HDMI-MHL tengi til að tengja síma og spjaldtölvur með Mobile HD Link.

PHS-274E5QHSB

**49.990**

### ÞRÁÐLAUS PRENTARI

EPSON




Allir á heimilinu geta nú prentað þráðlaust úr sama prentara. Hagkvæmt og þægilegt. Fjölnotaprentari sem skannar líka og ljósritar.

EPS-XP402

**14.990**

### 2TB USB3 FLAKKARI

Seagate



Traustur Seagate Expansion gagnaflakkari fyrir bíómyndirnar, ljósmyndirnar og skjölin. Allt að tífalt meiri gagnaflutningshraði með USB3.

SEA-STBV2000200

**16.990**

### HRAÐVIRKUR SSD

SAMSUNG




SSD er ein besta uppfærslan sem hægt er að fá sér fyrir fartölvu eða borðtölvu. Upplifðu ótrúlegan hraðamun á venjulegum hörðum diski og SSD. Mikið úrval.

SAM-MZ7TE120BW

**21.990**

### PHILIPS HÁTALARAKERFI



PHILIPS

Glæsilega hannað 2.1.hátalarakerfi frá Philips með góðum hátölurum og bassaboxi fyrir dýnamískan bassa.

PHS-SPA1330

**6.990**

PROMENNT

### ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 2 | 6 | | | 7 |
| | 6 | | 8 | | 3 | | | 9 |
| | | | | 4 | | 1 | 2 | |
| 7 | | | | 6 | | | 4 | |
| | 1 | 2 | | | | 5 | | 8 |
| | 8 | 6 | | | | | | |
| | 5 | 9 | | | | 3 | 1 | |
| 8 | | | | | 4 | | | |
| | | 7 | 5 | 3 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 9 | | | 1 | | | |
| 4 | 7 | | | | | 2 | | 1 |
| | | 5 | 8 | | 9 | | 6 | |
| | 1 | | | | 4 | 7 | | 9 |
| 2 | | 4 | 5 | | | | | |
| | | | | 3 | 2 | 4 | | |
| 3 | | | | | | 1 | | 4 |
| 8 | | | | 7 | | | 3 | |
| 9 | | | | | | 5 | | 2 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | | 2 | | | |
| | | | | 1 | | | 4 | 7 |
| 1 | 2 | | | | 8 | 3 | | 9 |
| 8 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | | | 9 | |
| | | 2 | 6 | 4 | 7 | | | |
| 6 | | | | | 5 | 7 | | |
| | 5 | 3 | | | | | 1 | |
| | | | 8 | 6 | | | 5 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 9 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 4 | 9 | 6 | 2 |
| 6 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 9 | 5 | 6 | 1 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 |
| 1 | 3 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 9 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 1 | 5 | 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 1 | 2 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 6 | 2 | 7 | 4 |
| 6 | 2 | 1 | 5 | 7 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 9 | 4 | 8 | 3 | 2 | 1 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 1 |
| 5 | 6 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 4 |
| 2 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 3 | 2 | 8 | 1 | 4 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

Ef hjón eru alltaf sammála er annað þeirra harðstjóri.

*Óþekktur*



### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** berjast, **6.** íþróttafélag, **8.** vefnaðarvara, **9.** farvegur, **11.** tveir eins, **12.** kappsemi, **14.** teygjudýr, **16.** pípa, **17.** fjallaskarð, **18.** óðagot, **20.** mun, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT 1.** listi, **3.** tveir eins, **4.** asfalt, **5.** drulla, **7.** röndóttur, **10.** er, **13.** iðn, **15.** síll, **16.** iðka, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** kr, **8.** tau, **9.** rás, **11.** rr, **12.** ákefð, **14.** amaba, **16.** æð, **17.** gil, **18.** fum, **20.** ku, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** tt, **4.** jarðbik, **5.** aur, **7.** rákaður, **10.** sem, **13.** fag, **15.** alur, **16.** æfa, **19.** mm.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hrund Hauksdóttir (1679) vann Sigurlaugu R. Friðþjófsdóttur (1735) í 3. umferð c-flokks Gagnaveitu-mótsins–Haustmóts TR.**

**Svartur á leik**



25...Hf3!! 26. Kh2 (26. gxf3 Bxf3) 26...Hfxh3+! 27. gxh3 Bf3 28. Dc1 Hxh3+! 29. Kxh3 Df5+ 30. Kg3 Dg4+. Glæsilega teflt hjá Hrund. Kristófer Ómarsson og Valgarð Ingibergsson eru efstir í c-flokki að loknum þremur umferðum.

**www.skak.is.** Undanrásir Tölvuteks-hraðskákmótsins í kvöld.


Nýtt! 2í1




Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli



Otrivin Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



14. alþjóðlegi

**SkólaMjólkurdagurinn**

# Mjólk
## í ýmsum myndum

**Sýning á verðlaunamyndum grunnskólanema**




Í tilefni af 14. alþjóðlega skólamjólkurdegi Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna standa Mjólkursamsalan og íslenskir kúabændur fyrir sýningu á verðlaunamyndum 4. bekkinga, síðustu sex ára, þar sem þeir gera viðfangsefninu **mjólk** skil á frjóan og skemmtilegan hátt.



**Sýningin verður í Kringlunni og á Glerártorgi Akureyri**
**26.-28. september.**

Mjólk í sinni vinsælustu mynd, ísköld með súkkulaðiköku, verður í boði fyrir gesti og gangandi.

**Allir hjartanlega velkomnir.**

# Kominn tími til að spila á Íslandi

Tríó Sunnu Gunnlaugs hefur í kvöld tónleikaferð um landið til að fagna útkomu disks síns Distilled, sem hlotið hefur einróma lof í erlendum tónlistartímaritum. „Sérlega smekklegur píanisti" segir gagnrýnandi London Jazz News til dæmis um Sunnu.

Diskurinn kom reyndar út í júlí en við vorum öll úti um hvippinn og hvappinn þannig að við náðum ekki að halda neina tónleika þá," útskýrir Sunna Gunnlaugs spurð hvað valdi því að tríó hennar er að leggja upp í tónleikaferð um landið til að kynna diskinn Distilled, sem hlotið hefur mikið lof í erlendum tónlistartímaritum undanfarið.

Fyrstu tónleikarnir eru í Hannesarholti í kvöld og þar verður tríóið aftur annað kvöld, en síðan liggur leiðin út á land og viðkomustaðirnir eru Grindavík, Akureyri og Ísafjörður. „Við spilum svo sjaldan hér heima," segir Sunna. „Ég man ekki einu sinni hvenær tríóið var seinast með tónleika á Íslandi, þannig að það var kominn tími til að leyfa fólki að heyra í okkur."

Sunna bjó lengi í New York, en flutti heim fyrir nokkrum árum ásamt manni sínum Scott McLemore, sem er trommuleikari tríósins. Með þeim í tríóinu er Þorgrímur Jónsson bassaleikari.

Þið eruð samt alltaf með annan fótinn úti, ekki satt? „Jú, við spilum miklu meira úti heldur en hérna heima. Við erum einmitt að fara til Þýskalands og Danmerkur í mars til að kynna nýja diskinn og svo erum við að vinna í að komast á kanadískar djasshátíðir næsta sumar."

Distilled hefur eins og áður sagði hlotið einróma lof gagnrýnenda, til dæmis valdi djassgagnrýnandi Rhapsody hann sem einn af tíu bestu diskum septembermánaðar.

Diskurinn fékk einnig nýlega umfjöllun hjá London Jazz News sem segir Sunnu vera „sérlega smekklegan píanista" og diskinn vera „ferskan og óaðfinnanlega fram settan af þéttu tríói, stútfullu af hugmyndum." Jazznytt í Noregi mælir með Distilled í nýjasta tölublaði sínu og Jazz Japan gefur honum einnig frábæra dóma og segir „stemningu disksins ná hæðum sem einungis topp-tónlist nær." Áheyrendur á væntanlegum tónleikum ættu því að eiga von á góðu.

fridrikab@frettabladid



**TRÍÓ SUNNU GUNNLAUGS** Áfangastaðirnir í túrnum eru Reykjavík, Grindavík, Akureyri og Ísafjörður. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON



**1001 NÓTT** Mazen Maarouf, sem er frá Palestínu, og Juan Roman, sem kemur frá Kólumbíu, spjalla fram og aftur um sagnasafnið.

# Hver er höfundur 1001 nætur?

Rithöfundarnir Mazen Marouf og Juan Román skoða hið heimsfræga sagnasafn 1001 nótt í Gerðubergi á laugardaginn klukkan 14.

Síðasta laugardag hvers mánaðar flytur Café Lingua sig í Gerðubergssafn. Laugardaginn 28. september verður þar dagskrá um 1001 nótt í samstarfi við rithöfundana Mazen Marouf og Juan Román. Meðal annars velta þeir félagar því fyrir sér hver sé höfundur þessa fræga sagnasafns.

Mazen Maarouf, sem er frá Palestínu, og Juan Roman, sem kemur frá Kólumbíu, spjalla fram og aftur um sagnasafnið. Þeir munu leiða gesti í gegnum sögu þess og merkingu bæði í vestrænni og austrænni menningu og velta fyrir sér örlögum þess. Stuttir valdir kaflar úr verkinu verða lesnir og gestum boðið að taka þátt í opinni umræðu um textann. Dagskráin fer að langmestu leyti fram á ensku en einnig að hluta á spænsku, arabísku og íslensku.

# Skriðrætur og sakleysi

Reykjavíkur Akademían boðar til málþings.

„Blekking hins sjálfssprottna og fleiri munir úr safni sakleysisins" nefnist málþing sem Reykjavíkurakademían býður til á laugardaginn. Málþingið snýst um skriðrætur og sakleysi og þar munu Njörður Sigurjónsson, Viðar Halldórsson, Margrét Elísabet Ólafsdóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir kynna rannsóknir sínar, ræða kenningalegar undirstöður og aðferðafræðilega nálgun.

Málþingið snertir á hugmyndum um stjórnun menningar og menningu stjórnunar, listasögu og stafrænum veruleika samtímans, mismunarbreytum og tengslum þeirra við sjálfsmyndarhópa og grasrótarhreyfingar. Einnig verður boðið upp á umræður um þekkingu, færni og félagslegt umhverfi.

Umræðustjóri verður Davíð Ólafsson og málþingið stendur frá klukkan 11 til klukkan 15 í sal Reykjavíkurakademíunnar í JL-húsinu við Hringbraut.

1953 - 2013

60 ára

Í tilefni 60 ára afmælis Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna er félagsmönnum boðið í móttöku í Brautarholti 4a á afmælisdaginn, 29. september, á milli kl. 15 og 17.

Skráning er á brautin.is og í síma 588 9070.

brautin
bindindisfélag ökumanna

# Jeppar voru aflgjafar innan túngarðsins

Frá hestum til hestafla er síðasta bókin í þríleik um vélvæðingu landbúnaðarins á Íslandi eftir Bjarna Guðmundsson á Hvanneyri. Hún fjallar bæði um hesta sem dráttardýr og hvernig jeppar voru notaðir við jarðvinnu og slátt.

„Það er kannski dálítið skrýtið að skrifa hlutina aftur á bak en bókin Frá hestum til hestafla, sem er að koma út hjá Uppheimum núna, lýsir tímanum áður en dráttarvélarnar komu til sögunnar," segir Bjarni Guðmundsson, verkefnisstjóri á Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri, sem áður hefur skrifað dráttarvélabækurnar Og svo kom Ferguson og Alltaf er Farmal fremstur. Þar með hefur hann gert skil tímanum frá því menn hófu að nota dráttarhesta við túnrækt og heyskap fram til nútímans, þar sem allt er í raun gert með vélum.

Nú er hægt að fá bækurnar þrjár í einni öskju sem ber titilinn Vinnur meira vit en strit. „Hugsunin á bak við þetta er að halda til haga sögulegum fróðleik og vekja athygli á tækniþróunarsögu landbúnaðarins, sem er í raun sagan um það hvernig losað var um vinnuafl sem vaxandi sérhæfingarsamfélag þurfti á að halda," segir höfundurinn.

Bjarni rekur fyrstu kynni bænda af vélaraflinu til „hins sæla þúfnabana" sem kom til landsins árið 1921. Nýja bókin endar á því hvernig jeppar voru notaðir sem aflgjafar innan túngarðsins, við plægingu, heyskap og fleira, að sögn Bjarna. Hann kveðst ala með sér þá kenningu að Íslendingar eigi heimsmet í jeppanotkun við jarðvinnslu og slátt. „Jepparnir voru sterkur samkeppnisaðili hefðbundinna dráttarvéla á tímabili en svo tóku þær yfir bústörfin en jepparnir urðu samgöngutæki og síðan leiktæki."



**Í LANDBÚNAÐARSAFNINU** Bókarhöfundurinn Bjarni á Herkúles-hestasláttuvél. MYND/ÁSDÍS HELGA BJARNADÓTTIR

Bjarni kveðst hafa verið kennari á Hvanneyri frá því í fornöld! Tengsl við fyrrverandi nemendur hafi nýst honum vel við efnisöflun vegna bókanna og töluvert hafi streymt til hans bæði af fróðleik og myndum. „Um 30 manns hafa líka lagt mér til minningarkafla til að varpa ljósi á hvernig samfélagið tók tæknibreytingunum. Það efni er ekki síður merkilegt en það sem ég hef verið að tína saman," segir hann.

Útgáfuhóf vegna nýju bókarinnar verður í Árbæjarsafni í dag klukkan tvö. Á staðnum verða gamlir jeppar eins og fjallað er um í nýju bókinni.

gun@frettabladid.is

# Syngja upp úr Rauðu bókinni

Hópur nemenda úr tónlistardeild LHÍ mun í hádeginu í dag flytja efnisskrá frá miðöldum til upphafs 17. aldar í Hallgrímskirkju.

Allir nemendur í hverjum árgangi taka einn tónbókmenntaáfanga á önn þar sem þau eru að stúdera ákveðin tímabil í tónlistarsögunni," útskýrir Sigurður Halldórsson, fagstjóri í tónlistardeild LHÍ, spurður hvað liggi að baki tónleikunum í dag. „Hluti af þessum tímum er verklegur þannig að nemendur komist í betra samband við tónlistarsöguna með því að flytja hana og æfa hana og upplifa hana á eigin líkama."

Uppistaða tónleikanna er hluti af katalónska tónlistarhandritinu Llibre vermell - eða Rauðu bókinni frá Montserrat-klaustrinu skammt frá Barcelona. Handritið er frá 14. öld og inniheldur keðjusöngva á latínu og pílagrímasöngva á katalónsku. Hópurinn, sem telur um 25 manns, hefur undanfarnar vikur einbeitt sér að bæði fræðilegum og verklegum þáttum tónlistar frá miðöldum og endurreisn.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.30. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

- fsb



**RAUÐA BÓKIN** Upphaflega handritið að Llibre vermell. Handritið er frá 14. öld.




Reykjavík
International
Film
Festival

Hafðu RIFF í hendi þér
Með RIFF appi Símans færðu allar upplýsingar um dagskrána, myndirnar og leikstjórana og getur sett saman þína eigin dagskrá til að missa ekki af neinu.

Síminn er stuðningsaðili RIFF – Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.



iOS og Android

Síminn




**Tilboðin gilda 26. -29. september**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.







**LAMBAHRYGGUR**
FERSKUR-NÝSLÁTRAÐ
**1.999**
ÁÐUR 2.298 KR/KG



-25%

**SVÍNAHR. 2.5KG Í POKA**
KÓTILETTUR ÞUNNSAGAÐAR
**899**
ÁÐUR 1.198 KR/KG




-25%

**LAMBALIFUR**
FERSK-NÝSLÁTRAÐ
**299**
ÁÐUR 398 KR/KG




-25%

**LAMBAHJÖRTU**
FERSK-NÝSLÁTRAÐ
**299**
ÁÐUR 398 KR/KG




**CAFÉ LIEGE. KAFFIPÚÐAR**
KOFFEINL. /MAGNIF. 18STK
**396**
ÁÐUR 489 KR/PK



-40%

**BERLÍNARBOLLUR**
M/HINDBERJAFYLLINGU
**119**
ÁÐUR 198 KR/STK

# Það mikilvægasta er að menn noti tungumálið

Evrópski tungumáladagurinn er í dag. Hátíðadagskrá í tilefni hans verður í Bratta, fyrirlestrasal Menntavísindasviðs HÍ í Stakkahlíð, og hefst klukkan 16. Yfirskriftin er Tungumálakennsla í takt við tímann.

„Þetta er góður, árviss dagur sem kennarar eru jafnan duglegir að taka þátt í," segir Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, um evrópska tungumáladaginn og drepur á nokkur atriði hátíðadagskrár sem hefst í Bratta klukkan fjögur í dag. Yfirskriftin er Tungumálakennsla í takt við tímann.

Meðal efnis er erindi Michael Dal, dósents í dönsku, um möguleikana sem tölvutæknin felur í sér. „Ég veit að mörgum kennurum er umhugað um að efla hæfileika nemenda til að tjá sig. Tölvan getur bætt þar heilmiklu við ef hún er notuð í þágu námsins," bendir Auður á og rifjar upp að þegar hún hafi kennt dönsku í framhaldsskólum hafi hún beðið vini sína í Danmörku að fylgjast með dagskrá ljósvakamiðla, taka upp valið efni og senda sér í pósti. „Ég gat svo spilað efnið í tímum viku til hálfum mánuði seinna og þetta þótti flott þá. Núna gerir tæknin mögulegt að vera með tungumál í tölvum inni í kennslustund og það ætti að geta bætt nýjum víddum inn í kennsluna, þannig að hún skili meiri árangri."

Auður segir marga skóla hafa byrjað tungumálakennslu mjög snemma, jafnvel á leikskólastigi, sem val. „Þá er verið að nýta hæfileika ungra barna til að tileinka sér talmál og framburð. Á samkomunni í dag mun Sólveig Simha frönskukennari, sem hefur mikla reynslu af því að kenna ungum börnum frönsku, útskýra hvaða aðferðum hún beitir," segir Auður. Hún nefnir líka Idu Semey og Ásdísi Þórólfsdóttur, spænskukennara í MH, sem hafa verið að kenna þriðja tungumál. „Þær lýsa því hvernig þær nota tónlist og myndir til að hjálpa nemendum að tjá sig. Það mikilvægasta er að menn noti tungumálið," bendir hún á og segir marga tungumálakennara hafa áhyggjur af stöðu þriðja máls í skólakerfinu.

Auður segir áhugavert að skoða hver staða enskunnar sé hér á landi. „Börn hafa ensku mun meira á takteinum nú en áður. Þetta þarf skólakerfið að nýta og gera þau afbragðsgóð í ensku, hvað stílbrögð og orðaforða snertir. Það eru ögranir í því og Björn Gunnlaugsson, enskukennari og skólastjóri grunnskólans á Dalvík ætlar að fjalla um það," segir Auður. „Við reynum að nálgast efnið út frá ólíkum sjónarhornum, spáum í hvaða ögrandi verkefnum við stöndum frammi fyrir og fáum kennara sem náð hafa góðum árangri í tungumálakennslu til að miðla fróðleik."

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur að hátíðadagskránni í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – samtök tungumálakennara á Íslandi.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

gun@frettabladid.is



**FORSTÖÐUMAÐUR STOFNUNAR VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR** „Við fáum kennara sem náð hafa góðum árangri í tungumálakennslu til að miðla fróðleik," segir Auður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 26. SEPTEMBER**

### Opnanir

**17.00** Málverkasýning Ragnheiðar Guðjónsdóttur, Nánd, verður opnuð í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu 2 í dag.

### Pub Quiz

**22.00** Orri á X-inu og Matti í Popplandi eru spurningahöfundar og spyrlar á Quiz á Bar 11. Húsið opnar klukkan 21.

### Tónlist

**20.30** Tónleikaröðin Sérfræðingar að sunnan! hefst með tónleikum hljómsveitarinnar Kimono í Hofi í kvöld. Eyfirska hljómsveitin Buxnaskjónar sér um upphitun. Miðaverð er 2.000 krónur en námsmenn fá 25 prósenta afslátt.

**21.00** **Jana María og hljómsveit skemmta á Café Rosenberg.**

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


MEISTARAMÁNUÐUR Á STÖÐ 2

FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 19:20 Í OPINNI DAGSKRÁ

SETTU ÞÉR MARKMIÐ

Þúsundir Íslendinga hafa tekið þátt í Meistaramánuðinum
á síðustu árum og í ár ætlar Stöð 2 að slást í hópinn.
Fylgstu með Meistaramánuðinum út allan október.
Karen Kjartansdóttir og Þorsteinn Kári Jónsson stýra þættinum.

Skráðu þig til leiks á meistaramanudur.is og Stöð 2 fylgir þér alla leið.

#meistaram

MEISTARAMÁNUÐUR 2013




Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

margfalt skemmtilegri!

# BARNADAGAR HJÁ EYMUNDSSON

## Eymundsson mælir með þessum skemmtilegu barnabókum




Verð kr. 3.599




Verð kr. 3.599




Verð kr. 1.999
Minnisleikur með prinsessum
36 bitar í fallegum kassa.

NÝ *VARA*




Verð kr. 1.999
Minnisleikur með sjóræningjum




Verð kr. 2.999




Verð kr. 1.499




Verð kr. 2.999




Verð kr. 2.799




Verð kr. 3.699




Verð kr. 3.999



NÝ *VARA*

Verð kr. 3.999
Púslin eru úr slitsterku efni sem má þurrka af með rökum klút.



Verð kr. 3.999
Mía litla, 24. slitsterk púsl.
Kemur í skemmtilegri öskju.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN

Eymundsson
Bóksali frá 1872



TÓNNINN GEFINN
Freyr Bjarnason

# Með Mr. Big á heilanum

Ekki veit ég hvernig To Be With You með Mr. Big síaðist inn í undirmeðvitund mína. Engu að síður hef ég vaknað með lagið á heilanum síðustu daga, alltaf jafn undrandi yfir hvernig það náði fótfestu.

Einhverjir halda kannski að ég ætli að nota þennan pistil til að úthúða laginu en það er ekki ætlunin. Vissulega er það ekki í uppáhaldi en samt er það ekkert leiðinlegt, enda er viðlagið grípandi með afbrigðum.

To Be With You kom út árið 1991 og er tekið af plötunni Lean Into It. Lagið er það fyrsta og eina með Mr. Big sem hefur komist á topp bandaríska Billboard-listans en alls fór það á toppinn í fimmtán löndum, hvorki meira né minna. Annars er Mr. Big starfandi enn þann dag í dag.



Sveitin var stofnuð í Kaliforníu árið 1988, hætti störfum 2002 en sneri aftur 2009. Áður en To Be With You varð óvæntur hluti af mínu lífi var ég með Beyoncé-lagið Halo á heilanum á hverjum einasta morgni í ansi langan tíma. Ástæðan fyrir því er reyndar kunn því það var sungið óspart í steggjun sem ég var hluti af. Að sjálfsögðu frábærlega sungið lag (ekki af steggnum reyndar) sem grípur mann heljartökum. Lagið kom út 2009, eða átján árum á eftir To Be With You, og fór hæst í fimmta sæti Billboard-listans. Beyoncé kemst því ekki með tærnar þar sem Mr. Big hafði hælana, allavega í þessu tilfelli.

Þegar ég hóf þennan pistil vissi ég ekkert hvert hann myndi leiða mig. En eftir að hafa rannsakað bæði lögin vel og vandlega kom í ljós að þau eiga eitt sameiginlegt, fyrir utan að þau eru ballöður og að ég hef verið með þau bæði á heilanum, og það er írska strákabandið Westlife. Þeir félagar eru miklir aðdáendur laganna, hafa flutt þau bæði opinberlega og vafalítið gert það af mikilli innlifun.

Sem betur fer get ég ekki nefnt eitt lag með Westlife, þó svo að eflaust hafi ég heyrt þau nokkur, og ætti því að vera nokkuð „safe“ næstu morgna. Hvaða lag tekur við af To Be With You hjá mér verður því áfram ráðgáta, allt þar til það skýtur upp kollinum einn „góðan“ veðurdag.

## Í spilaranum







**Hallur Ingólfsson** - Öræfi
**Mark Lanegan** - Imitations
**Snorri Helgason** - Autumn Skies




HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**DRAKE** Rapparinn Drake hefur gefið út sína þriðju plötu, Nothing Was The Same. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í fótspor tveggja risa

**Hinn kanadíski Drake hefur gefið út sína þriðju plötu, Nothing Was The Same. Hún fylgir í kjölfar nýjustu verka kollega hans, rapparanna Jay Z og Kanye West.**

Þriðja plata kanadíska rapparans Drake, Nothing Was The Same, er nýkomin út. Fylgir hún í kjölfar tveggja annarra platna sem komu út í sumar sem flestir rappáhugamenn biðu einnig spenntir eftir, Yeezus með Kanye West og Magna Carta Holy Grail með Jay Z.

Nothing Was The Same kemur út á vegum Young Money Entertainment, Cash Money Records og Universal Republic. Við upptökurnar fékk Drake til liðs við sig hóp gestarappara, eða 2 Chainz, Big Sean, Jay Z, Jhené Aiko og Sampha. Einnig syngur Majid Jordan í smáskífulaginu Hold On, We´re Going Home. Tvö önnur lög hafa komið út á smáskífum, Started From the Bottom og All Me, þar sem 2 Chainz og Big Sean syngja.

Drake er frá borginni Toronto og verður 27 ára í næsta mánuð. Hann varð fyrst þekktur fyrir hlutverk sitt sem Jimmy Brooks í kanadísku unglingaþáttunum Degrassi: The Next Generation. Árið 2006 steig hann fram á sjónarsviðið sem rappari og R&B-söngvari, fyrst með laginu Replacement Girl. Brátt var hann orðinn einn umtalaðasti listamaðurinn í hip hop-bransanum án útgáfusamnings. Ekki skemmdi fyrir að hann naut stuðnings risanna Kanye West, Jay Z og Lil Wayne.

Sumarið 2009 komst smáskífulag Drake, Best I Ever Had, í annað sæti Billboard-listans í flokki R&B- og hip hop-tónlistar. Útgáfufyrirtækið Universal Motown tryggði sér krafta hans og gaf út EP-plötuna So Far Gone sem fékk mjög góðar viðtökur. Enn betri hlaut fyrsta stóra platan, Thank Me Later, þar sem Alicia Keys, Jay Z og Lil Wayne voru á meðal gesta. Hún fór beint á topp Billboard-listans í Bandaríkjunum. Sú næsta, Take Care, kom út 2011 og fór einnig á toppinn hjá Billboard og tryggði Drake að auki Grammy-verðlaunin. Sú plata festi hann í sessi sem einn vinsælasta tónlistarmann Kanada.

Platan Nothing Was The Same hefur fengið mjög góða dóma bæði hjá Rolling Stone og Pitchfork. Fyrrnefnda tímaritið gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum en síðarnefnda vefsíðan gefur henni 8,6 af 10.

freyr@frettabladid.is

## Leikur í gamanmyndinni Anchorman 2

Drake fer með lítið hlutverk í gamanmyndinni Anchorman 2: The Legend Continues sem kemur í bíó um næstu jól. Rapparinn spurði aðalleikarann Will Ferrell hvort hann mætti leika í myndinni. Honum og leikstjóranum Adam Kay leist vel á það. Rapparinn Kanye West kemur einnig lítillega við sögu í myndinni.

## 19.9.2013 ➜ 25.9.2013






### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Lorde | Royals |
| ▲ | 2 | Katy Perry | Roar |
| ▼ | 3 | Dikta | Talking |
| ▲ | 4 | Lana Del Ray | Summertime Sadness |
| ▲ | 5 | Arctic Monkeys | Do I Wanna Know? |
| ▲ | 6 | Ellie Goulding | Burn |
| ▲ | 7 | Miley Cyrus | We Can't Stop |
| ▲ | 8 | Emiliana Torrini | Speed Of Dark |
| ▲ | 9 | Taylor Swift / Ed Sheeran | Everything Has Changed |
| ▲ | 10 | Naughty Boy / Sam Smith | La La La |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | Pottþétt 60 |
| ▼ | 2 | Emilíana Torrini | Tookah |
| ▲ | 3 | Úr söngleik Borgarleikhússins | Mary Poppins |
| ▼ | 4 | Pálmi Gunnarsson | Þorparinn |
| ▲ | 5 | Ýmsir | Inspired by Harpa |
| ▼ | 6 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▶ | 7 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▶ | 8 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▲ | 9 | Sigur Rós | Kveikur |
| ▼ | 10 | Samaris | Samaris |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir
**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.




YvesSaintLaurent

**HAUST- OG VETRARLOOK 2013/2014**




YvesSaintLaurent

KYNNING Í DEBENHAMS 26. SEPTEMBER TIL 2. OKTÓBER

**20 % KYNNINGARAFSLÁTTUR AF:**

augnskuggum, Forever Youth Liberator og Forever Light Creator kremlínum.

50 ml serumdropar á sama verði og 30 ml.

Finndu okkur á facebook

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**



**Á FLÓTTA** Justin Timberlake og Ben Affleck fara með aðalhlutverkin í Runner Runner sem frumsýnd er annað kvöld.

# Tveir á flótta

## Tvær spennumyndir verða frumsýndar annað kvöld.

Tvær kvikmyndir verða frumsýndar annað kvöld, önnur er Runner Runner með Ben Affleck og Justin Timberlake í aðalhlutverkum, og hin er Welcome to the Punch með James McAvoy og Mark Strong í aðalhlutverkum.

Runner Runner segir frá ungum námsmanni sem tapar aleigu sinni í netpóker. Hann grunar eiganda pókersíðunnar um að hafa svindlað á sér og ákveður að hitta hann undir fjögur augu. Þegar alríkislögreglan blandast í málið áttar ungi maðurinn sig á því að hann er fastur milli steins og sleggju og ætli hann að lifa af þarf hann að koma með krók á móti bragði.

Welcome to the Punch fjallar um breskan glæpamann sem kemur úr felum þegar sonur hans verður fyrir byssuskoti. Um leið gefur hann lögreglumanninum Max Lewinsky enn eitt tækifærið til að handsama sig, en þegar þeir mættust síðast lá Lewinsky eftir óvígur en glæpamaðurinn flúði til Íslands.

Loks hefst kvikmyndahátíðin RIFF í dag en hún stendur til 6. október. Opnunarmyndin hátíðarinnar er This is Sanlitun í leikstjórn Róberts Inga Douglas.

# Bíósýning fyrir blinda og sjónskerta

## Kvikmyndin Í Myrkri, eftir Agnieszku Holland, verður sýnd á Evrópsrki kvikmyndahátíð á laugardag.

„Við viljum með þessu verkefni hvetja sem flest kvikmyndahús á Íslandi til þess að nýta sér þessa tækni, svo hægt sé að auka þjónustu við blinda og sjónskerta í kvikmyndahúsum. Þetta felur auðvitað í sér aukinn kostnað fyrir kvikmyndahúsin, en við erum viss um að þetta er mögulegt. Tæknin er mikið notuð í Bretlandi þar sem hún nýtur mikilla vinsælda,“ segir Ewa Marcinek, verkefnastjóri menningarverkefnisins Iceland and Poland Against Exclusion From Culture sem stendur til ársins 2016. Verkefninu verður ýtt úr vör í tengslum við Evrópska kvikmyndahátíð með myndinni Í myrkri eftir leikstjórann Agnieszku Holland. Hátíðin hefst á laugardag og fer fram í Bíói Paradís.

Umrædd tækni er sjónlýsing og töluð þýðing á samtölum leikara yfir á íslensku í gegnum heyrnartól. Markmiðið með þessu er að gera kvikmyndina aðgengilegri fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga. Þetta er í annað sinn sem boðið er upp á sjónlýsingu á kvikmynd á Íslandi. Reglulegir menningarviðburðir verða haldnir bæði á Íslandi og í Póllandi á meðan á verkefninu stendur. - áo



**AUKIÐ AÐGENGI** Ewa Marcinek, verkefnastjóri menningarverkefnisins Iceland and Poland Against Exclusion From Culture. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➜ Í Myrkri var tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokknum besta erlenda myndin árið 2012. Leikstjórinn Agniezka Holland hefur starfað mikið við sjónvarpsþáttagerð og leikstýrði meðal annars þáttum af Treme, The Wire og The Killing.



**KVENNABÓSI** Joseph Gordon-Levitt fer með hlutverk Don Jon. Þetta er jafnframt hans fyrsta leikstjórnarverkefni.

# Kvennabósi í leit að lífsfyllingu

## Kvikmyndin Don Jon verður frumsýnd annað kvöld. Myndin er í leikstjórn Josephs Gordon-Levitt sem skrifaði einnig handritið og fer með titilhlutverkið.

Gamanmyndin Don Jon er frumraun leikarans Josephs Gordons-Levitt sem leikstjóra. Myndin segir frá Jon Martello, ungum manni sem háður er netklámi og á í vandræðum með að upplifa nánd með öðrum. Gordon-Levitt skrifaði einnig handrit myndarinnar.

Það sem skiptir Martello mestu máli í lífinu er líkamsrækt, fjölskyldan, vinirnir, íbúðin hans, bíllinn, kærusturnar og síðast en ekki síst, netklámið sem hann horfir á dag hvern. Í vinahópnum gengur Martello undir nafninu Don Jon vegna kvenhylli sinnar. Líf hans tekur þó óvænta stefnu þegar hann kynnist Barböru og í kjölfarið ákveður hann að taka líf sitt fastari tökum og öðlast meiri lífsfyllingu um leið.

Gordon-Levitt fer með hlutverk kvennabósans Jons Martello, en hann hafði í fyrstu ætlað vini sínum, Channing Tatum, hlutverkið. Scarlett Johansson fer með hlutverk Barböru Sugarman, kærustu Martello, og Tony Danza fer með hlutverk föður söguhetjunnar. Með önnur hlutverk fara Julianne Moore, Glenne Headly og Brie Larson.

Gordon-Levitt skrifaði uppkast að myndinni árið 2008 og fékk ráðgjöf frá leikstjóranum Rian Johnson við skriftirnar. Johnson og Gordon-Levitt unnu saman að gerð myndanna Brick frá 2005 og Looper frá árinu 2012. Leikstjórinn Christopher Nolan, sem leikstýrði Gordon-Hevitt í The Dark Knight Rises, varaði leikarann við því að taka einnig að sér aðalhlutverkið í Don Jon vegna álagsins sem því mundi fylgja.

Don Jon hefur fengið misjafna dóma í hinum ýmsu miðlum. Myndin fær 82 prósent í einkunn á Rotten Tomatoes en aðeins 57 prósent í einkunn á Metacritic. Myndin naut vinsælda á Sundance-kvikmyndahátíðinni og þótti gagnrýnanda Entertainment Weekly myndin vera sú besta á hátíðinni.

### Þoldi ekki frægðina

Joseph Gordon-Levitt vakti fyrst heimsathygli er hann tók að sér hlutverk Tommy Solomon í gamanþáttaröðinni 3rd Rock from the Sun. Þar lék hann á móti John Lithgow, Kristen Johnston og French Stewart en þættirnir fjölluðu um geimverur sem sendar voru í könnunarleiðangur til jarðarinnar.

Gordon-Levitt var vinsæll meðal jafnaldra sinna á þessum tíma og tíður gestur í unglingablöðum, sem honum líkaði illa. Síðan þá hefur hann leikið í fjölda kvikmynda:

- 10 Things I Hate About You, 1999
- Havoc, 2005
- (500) Days of Summer, 2009
- Inception, 2010
- The Dark Knight Rises, 2012
- Looper, 2012
- Sin City: A Dame to Kill For, 2014








OPNUNAR
TILBOÐ
16BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF OPNUNARTILBOÐUM
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI
Stærsta tölvuverslun landsins Hallarmúla 2
Úrvalið er hjá okkur í Tölvutek
OPNUNAR
TILBOÐ
ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
NÝ VERSLUN
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS Í HALLARMÚLA 2
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI
UPPFÆRÐU MEÐ STÆL
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL




# Vinsælasti íþróttaleikur landsins

Mikil eftirvænting er eftir fótboltaleiknum Fifa 14 sem þykir ákaflega vandaður.

„Þetta er stærsti íþóttaleikurinn hér á landi, á ári hverju. Fyrstu þrjá til fjóra dagana seljast að jafnaði svona 600 til 700 stykki,“ segir Ágúst Guðbjartsson, framkvæmdastjóri Skífunnar og Gamestöðvarinnar. Knattspyrnuleikurinn vinsæli verður fáanlegur í Gamestöðinni frá deginum í dag en leikurinn er talinn einn sá allra vinsælasti hér á landi.

„Allra hörðustu aðdáendurnir gátu tryggt sé leikinn í forsölu í gær. Sama dag fór einnig fram Íslandsmeistaramót Gamestöðvarinnar í Fifa,“ segir Ágúst en um 150 manns tóku þátt í mótinu.

Sigurvegari mótsins hlaut að launum tvo miða á leik með sínu uppáhaldsliði í ensku úrvalsdeildinni, ásamt flugi og hóteli.

- glp




**FIFA 14 FLOTTUR** Ágúst Guðbjartsson, framkvæmdastjóri Skífunnar og Gamestöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hversu oft er nógu oft?

Það var á köldu mánudagskvöldi er mávabjargið hittist á velvöldu kaffihúsi miðbæjarins. Lattelepjandi læður báru saman bækur sínar um móðurhlutverkið, eiginmennina og kynlífið. „Stelpur, hversu oft sofiði hjá? Æ, þið vitið, í mánuði“. Nú er öldin önnur og tölfræðin hefur breyst. Ekki er lengur talað um daglegar samfarir, né vikulegar, kynlíf glímir nú við skipulagsvanda og tímafrekt uppeldi og heimilisþrif. Eftir miklar umræður komumst við að því að við kysum gæði fram yfir tíðni. Það nennir enginn að sofa hjá bara til að tikka í eitthvert box. Við viljum njóta ásta og njóta þess í botn, en fullnæging fyrir mig og ein fyrir hann. Ekki annað hægt á heimilum þar sem jafnræði ríkir. Við sammæltumst um að það ríkti aukinn heimilisfriður ef hinu gullna samfaralágmarki væri viðhaldið.

Nú voru flest sambönd komin með reikniformúlu um hversu oft væri ákjósanlegast að vera inniieg til að viðhalda góðri stemmingu og nánd. Ef kynlífið „gleymdist“ var ástin fljót að súrna og þráðurinn styttist til muna. Ef hins vegar allt skipulag gekk upp, og jafnvel fékkst ein næturpössun fyrir börnin, þá jókst gleðin og þolinmæðin í garð hvors annars og barnanna. Sem sönnum kynfræðingi sæmir þá gat ég ekki látið staðar numið við umræður um samfarir og vildi vita nákvæmlega hvað þær meintu með að sofa hjá, þýðir það alltaf inn-út?

Ég sá spurningarmerki í augum þeirra og þær virtust hugsa hvort þær hefðu misst af einhverju, á maður að vera gera eitthvað meira og annað en að sofa hjá? Gleymdi ég að segja þeim frá nýjasta kynlífsæðinu? Ég áréttaði að ég meinti bara hvort þau keluðu aldrei. Svona eins og í gamla daga þegar maður var unglingur og vildi bara vera í sleik og kela.

Þetta þótti nokkuð framúrstefnulegt eða kannski öllu heldur öfugt. Af hverju ætti einhver sem er byrjaður að stunda samfarir að fara til baka og bara kela? Til að viðhalda nándinni og eiga saman smá sexí stund, þegar tími er af skornum skammti, þá getur verið kósí að kela smá. „Ertu að meina að strjúka og sleikja?“ Einmitt. Stundum getur smá kelerí verið eins og að fara í nudd. Þú bara hallar þér aftur og þiggur, eða gefur, allt eftir hvort við á. Þetta gleymist oft.

Til að senda þær heim með enn eina hugleiðinguna þá lagði ég til að við reyndum að finna okkar eigin kósístund þar sem við myndum sinna okkur sjálfum. Það féll í misgrýttan jarðveg en við sammæltumst um að vænlegast til vinnings væri að fá að fara ein í sturtu. Þær okkar sem virðast bara fjölga baðfélögunum sáu í hillingum lás á baðherbergisdyrnar og smá stund, bara einar. En, koma tímar, koma ráð, og allt eru þetta jú bara tímabil. Reynum að kela aðeins og splæsa í einn sleik af og til, það getur gert kraftaverk fyrir alla fjölskyldumeðlimi.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is







Vísindakaffi á Súfistanum,
Máli og menningu í kvöld kl. 20:00 - 21:30

Málefnið í kvöld er:

Nýja norðrið: hvernig mótar fólkið sjálft samfélög norðurslóða?

**Katla Kjartansdóttir** þjóðfræðingur hjá EDDU - Öndvegissetri og **Kristinn Schram** forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir.

Myndun og mótun samfélaga norðurslóða fer fram með margvíslegum hætti, en rétt eins og náttúran og umhverfið, eru samfélög breytingum háð. Stöðug endursköpun samfélaga fer ekki síður fram í hversdagslegum samskiptum fólks og í fjölmiðlum en á hinu opinbera sviði. Frá hversdagslegu sjónarhorni má varpa ljósi á leiðarstef í menningarpólitík norðurslóða, á hugmyndir sem liggja þar að baki og á þær væntingar sem gerðar eru til hins „nýja norðurs“.

rannís
Vísinda kaffi Allir velkomnir!
Vísinda Vaka www.visindavaka.is


DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
Barna úlpa
Verð áður kr. 5.990
Nú kr. 4.792
Dömu kápa
Verðu áður kr. 19.990
Nú kr. 15.992
Herra úlpa
Verð áður kr. 15.990
Nú kr. 12.792
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ÚLPUM OG KÁPUM
FYRIR DÖMUR, HERRA OG BÖRN
OPIÐ FRÁ 11 TIL 21
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Gísli, Eiríkur og Helgi

**BAKÞANKAR**
Dóra
DNA



Gísli Marteinn Baldursson ætlar að yfirgefa stjórnmál – í bili. Skoðanir hans rúmast ekki innan Sjálfstæðisflokksins. Mögulega er ekki einu sinni pláss fyrir þær innan borgarmálanna almennt. Skoðanir Gísla Marteins – í stóru málunum almennt eru settar fram af skynsemi og yfirvegun. Þetta eru yfirleitt mjög faglega hanteraðar skoðanir og stefnumál, byggðar á innsýn, menntun, reynslu, ást á Reykjavík og ást á borgarhugtakinu almennt. Að það skuli ekki vera pláss fyrir þessar skoðanir innan Sjálfstæðisflokksins er sorglegt – ef það er ekki pláss fyrir þær innan borgarstjórnarinnar er það óhugnanlegt.

**VIÐ** höfum pláss fyrir allt pípið í Vigdísi Hauksdóttur og sammæriskenningar Framsóknarmanna almennt. Við höfum pláss fyrir innihaldslaust gelt og gaul og framapot – en ekki skoðanir og baráttumál sem teygja sig skör ofar en hin almenna tækifærismennska sem einkennt hefur íslensk stjórnmál frá því við fórum að kalla Ísland lýðræðisríki.

**FYRIR** mann eins og mig, sem er alinn upp af tveimur allaböllum í Mosfellsdalnum, þá var Gísli Marteinn síðasti móhíkani Sjálfstæðismanna. Hann er virkilega viðkunnanlegur náungi líka – kannski ágætt að hann dagi ekki upp í þessu flagi sem stjórnmál á Íslandi eru. Að sama skapi vil ég ekki að Jón Gnarr fari aftur fram. Sem ókjörinn og eigingjarn fulltrúi Grínverjahrepps verð ég að segja: við söknum þín maður, hættu að borgarstjórast og komdu aftur að djóka.

**ÞEGAR** Jón Gnarr fór í framboð fannst mér það virkilega flott skref. Eins og kaninn segir, „if you can't beat them – join them". Hann var kominn með leiða á að gera grín að ástandinu og gagnrýna það og vildi heldur taka þátt, reyna að breyta. Ég held að Gísli hafi gengið í gegnum sömu krísu, fengið leiða á að taka þátt og heldur viljað gagnrýna og gera grín. Mér finnst virkilega flott skref hjá Gísla Marteini að ætla að stjórna pólitískum umræðuþætti á RÚV. Kaninn á annan frasa, „if you can't beat them – eat them". Gísli, ég hlakka til að sjá þig grilla þessa helvítis gelti í beinni!

# Ferðast um landið

## Skúli Sverris og Óskar Guðjóns farnir í tónleikaferð.

Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson eru lagðir af stað í tónleikaferð um landið. Þeir hafa starfað saman í fimmtán ár og gefið út tvær plötur, Eftir þögn og The Box Tree. Þær unnu báðar til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins í flokki djasstónlistar. Skúli hefur að mestu leyti starfað í Bandaríkjunum með þekktum listamönnun eins og Allan Holdsworth, Laurie Anderson, David Sylvian og Blonde Redhead. Óskar er einn af fremstu djasstónlistarmönnum landsins. Hann hefur leikið með fjölda hljómsveita og má þar helstar nefna ADHD og Mezzoforte.

**Tónleikaferðin:**
26. sept kl. 20 Akureyrarkirkja
27. sept kl. 20 Ólafsfjarðarkirkja
28. sept kl. 14 Reykjahlíðarkirkja
28. sept kl. 20 Seyðisfjarðarkirkja
29. sept kl. 14 Norðfjarðarkirkja
29. sept kl. 21 Hornafjarðarkirkja
1. okt kl. 20 Hannesarholt



**FERÐAST UM LANDIÐ** Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson eru lagðir af stað í tónleikaferð.


SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

„EIN SÚ SVALASTA Í ÁR"
RIDDICK
Á TOPPNUM Í USA 3 VIKUR Í RÖÐ
FORREST WHITTAKER OG OPRAH WINFREY FARA ALGJÖRLEGA Á KOSTUM!
THE BUTLER
„HRESSASTA, LÍFLEGASTA OG LITRÍKASTA FJÖLSKYLDUMYNDIN SEM ÞÚ FINNUR Á ÞESSU ÁRI. BETRI EN FYRRI."
T.V. - BÍÓVEFURINN/S&H
AULINN ÉG 2
PARANOIA
THE MORTAL INSTRUMENTS CITY OF BONES
WE'RE THE MILLERS
THE CONJURING
FLUGVÉLAR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D
KVIKMYNDADAGAR Í KRINGLUNNI 11.- 26. SEPT.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| RIDDICK | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| RIDDICK VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| THE BUTLER | KL. 6 - 9 | 14 |
| PARANOIA | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ENS TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RIDDICK | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 8 | 14 |
| PARANOIA | KL. 10:40 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:30 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| RIDDICK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 14 |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| PARANOIA | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:20 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE BUTLER | KL. 5 - 8 - 10:30 | 14 |
| RIDDICK | KL. 10:45 | 16 |
| CITY OF BONES | KL. 8 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| KVIKMYNDADAGAR 11. - 26. SEPTEMBER | | |
| MUD ÓTEXTUÐ | KL. 10:20 | 12 |
| MIDNIGHT'S CHILDREN ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 12 |
| TO THE WONDER ÓTEXTUÐ | KL. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| RIDDICK | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 8 | 14 |
| PARANOIA | KL. 10:40 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
RIDDICK LÚXUS
DIANA
AULINN ÉG 2
MALAVITA
Blue Jasmine
„STERK MYND SEM SPYR ÁLEITINNA SPURNINGA" -S.B.H., MBL
"EIN BESTA MYND ÁRSINS!" - T.V., BÍÓVEFURINN/S&H

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| RIDDICK | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 16 |
| RIDDICK LÚXUS | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.20 - 5.45 | L |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 3.20 | L |
| MALAVITA | KL. 10.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL 5.45 | 10 |
| THIS IS US 3D | KL 5.45 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.30 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

HÁSKÓLABÍÓ 5%
RIFF Í HÁSKÓLABÍÓ
UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA Á RIFF.IS

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DIANA | KL. 8 - 10.10 | | | | 12 |
| BLUE JASMIN | KL. 6 | 10 | / MALAVITA | KL. 8 | 16 |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | L | / JOBS | KL. 10 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ 5%
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
NAOMI WATTS DIANA
ÍSL OG ENS TAL AULINN ÉG 2
MALAVITA
ASHTON KUTCHER JOBS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| DIANA | 5.30, 8, 10.30 | 12 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.30 2D | L |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 5.30, 8 2D | L |
| MALAVITA | 8, 10.20 | 16 |
| JOBS | 10.20 | 12 |

DAGSKRÁ FIMMTUDAGINN 26. SEPTEMBER
www.riff.is
26.9–6.10 2013 RIFF ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Í TÍU ÁR
HÁSKÓLABÍÓ – TJARNARBÍÓ – NORRÆNA HÚSIÐ
Reykjavík International Film Festival 10

| TÍMI | STAÐUR | MYND |
|---|---|---|
| 13.00 | Tjarnarbíó | Indian Summer |
| 14.00 | Norræna húsið | Revolution |
| 15.00 | Tjarnarbíó | Valentine Road |
| 16.00 | Norræna húsið | A fierce green fire |
| 17.00 | Tjarnarbíó | GMO OMG |
| | Háskólabíó 2 | Love Marilyn |
| | Háskólabíó 3 | A story of children and film |
| 18.00 | Háskólabíó 4 | Spaghetti Story |
| | Háskólabíó 1 | Tom at the farm |
| 18.15 | Norræna húsið | Double play |
| 19.00 | Tjarnarbíó | Expedition to the end of the world |
| | Háskólabíó 2 | Miss Violence |
| | Háskólabíó 3 | A pervert's guide to ideology |
| 20.00 | Háskólabíó | This is Sanlitun – Opnunarmynd |
| | Norræna húsið | A River Changes Course |
| | Háskólabíó 4 | Enzo Avitable |
| | Háskólabíó 1 | Celestial Wives of the meadow |
| 21.00 | Tjarnarbíó | Naked Opera |
| | Háskólabíó 2 | White Shadow – Q&A |
| | Háskólabíó 3 | Lunchbox |
| 22.00 | Norræna húsið | The age of aluminium |
| | Háskólabíó 4 | FoxFire |
| 22.30 | Háskólabíó 1 | Gerontophilia |
| 23.00 | Háskólabíó 2 | Sex Drugs and Taxation |
| 23.30 | Háskólabíó 3 | Free Fall |



SVONA ER SANLITUN – Opnunarmynd
20.00 – Háskólabíó

Róbert Ingi Douglas (Íslenski draumurinn) snýr aftur með grínmynd sem gerist í Kína. Gary er í Peking til að meika það. Eftir að honum mistekst að vekja hrifningu kínverskra fjárfesta fer hann að kenna ensku og soga í sig lífsspeki Franks, hins óhæfa lærifóður. Raunverulegu ástæðurnar fyrir dvölinni verða ljósar þegar sonur hans og fyrrverandi eiginkona koma til sögunnar.

RÚV DHL WOW Síminn

Evrópustofa
BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS
EVRÓPSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ
SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




Vnr. 86620040/3737
KÓPAL glitra, innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.
**5.990 kr.**




Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki og penslasett.
**1.290 kr.**



Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla og skaft, 25 cm.
**1.850 kr.**



Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l.
**499 kr.**



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla og bakki, 25 cm.
**990 kr.**

# MYGLUSVEPPAPRÓF

IAQ Pro

## ER HEILSA ÞÍN Í HÆTTU?

### Einfalt í notkun

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.




AÐEINS 5 MÍN. MYGLUSVEPPAPRÓF

Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
**4.690 kr.**

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is




**BAKTERÍUEYÐIR**
Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr íþróttafatnaði, sótthreinsun án klórs.

Vnr. 42301947
Grænsápa, 4 l.
**790 kr.**

Vnr. 41111123
RODALON 1 l, 5% lausn.
**1.890 kr.**



Vnr. 74807555
EINHELL ryksuga, 1250W, 15 l tankur, ryksugar bæði þurrt og blautt.
**9.990 kr.**



Vnr. 38913500
Járnhillur með tréplötum 45x90x180 cm.
Hver hilla þolir 265 kg.
**9.990 kr.**




Vnr. 42376161
Pappakassi, medium, 37x27x38 cm.
**290 kr.**



Vnr. 50170181
Trappa með þremur þrepum, þolir 120 kg þunga,
**3.695 kr.**



Vnr. 42378559
TRISTAR hitablásari, 2000W.
**3.990 kr.**



Vnr. 423779301
Plastbox með loki, 31 l, svart eða fjólublátt.
**1.990 kr.**

## ÖRUGGARA HEIMILI!



Vnr. 50006004
ABC duftslökkvitæki með mæli og bílfestingu, 2 kg.
**4.890 kr.**




Vnr. 50006013
Eldvarnarteppi, 1x1 l.
**2.990 kr.**

Vnr. 50005035
Jónískur reykskynjari, 9V rafhlaða fylgir, 14x12 cm, með prufuhnapp og gaumljósi.
**995 kr.**





Vnr. 50005926
Gasskynjari 230V F911
**7.490 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

## Búin að bæta sig mikið á þremur árum

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, segist sjá mikinn mun á Katrínu Jónsdóttur frá því að hann þjálfaði hana í Val fyrir aðeins þremur árum.

„Ég þjálfaði hana fyrir þremur árum þegar hún var þrjátíu og eitthvað. Hún er búin að bæta sig í grunntækni, sendingum og móttöku síðan þá. Það er ótrúlegt að sjá það," segir Freyr. Katrín fór í atvinnumennsku til Svíþjóðar í framhaldi af síðasta tímabili hennar með Val og hún var þá 33 ára gömul.

„Það er frábært að hafa Kötu og gaman að kveðja hana á heimavelli. Okkur langar að kveðja hana með sigri. Ég var fyrst og fremst að biðja hana um að koma og taka þennan leik með okkur því ég veit að hún getur styrkt liðið. Ég er mjög þakklátur fyrir það að hún tók mjög vel í það. Hún er í ótrúlegu formi," segir Freyr.

## Liverpool tapaði í fyrsta leik Luis Suarez



**MÆTTUR** Hlutirnir gengu ekki upp hjá Luis Suarez í gær. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Javier Hernández skaut Manchester United áfram í enska deildabikarnum í gærkvöldi þegar hann skoraði eina markið í 1-0 sigri á Liverpool í fjörugum leik á Old Trafford. Luis Suárez lék þarna sinn fyrsta leik með Liverpool á tímabilinu en þegar tímabilið hófst átti hann enn eftir að taka út sex leiki í banni sínu fyrir að bíta Chelsea-manninn Branislav Ivanovic.

Luis Suárez var alltaf hættulegur og átti meðal annars skot í slá úr aukspyrnu í seinni hálfleiknum en United-menn skoruðu eina mark leiksins og eru komnir áfram í sextán liða úrslitin. - óój

**ÍA 3-1 KR**
**Akraneshöllin**
500 áhorfendur
**Magnús Þórisson (7)**

**Mörkin:** 0-1 Gary Martin (61.), 1-1 Jón Vilhelm Ákason (69.), 2-1 Jorge Corella Garcia (86.), 3-1 Andri Adolphsson (88.).

**ÍA (4-4-2): *Árni Snær Ólafsson 7** - Hector Pena Bustamante 6, Kári Ársælsson 5, Ármann Smári Björnsson 4, Thomas Sörensen 5 - Eggert Kári Karlsson 4, Jóhannes Karl Guðjónsson 6, Joakim Wrele 5, Hafþór Ægir Vilhjálmsson 6 (71., Andri Adolphosson -) - Jón Vilhelm Ákason 6 (85., Alexander Már Þorláksson -), Garðar Gunnlaugsson 4 (76., Jorge Garcia -).

**KR (4-3-3):** Rúnar Alex Rúnarsson 6 - Haukur Heiðar Hauksson 4, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 5, Aron Bjarki Jósepsson 5, Gunnar Þór Gunnarsson 5 - Brynjar Björn Gunnarsson 6, Atli Sigurjónsson 3 (64., Emil Atlason 5), Baldur Sigurðsson 6 - Þorsteinn Már Ragnarsson 4, Óskar Örn Hauksson 5, Gary Martin 6.

**Skot (á mark):** 9-15 (7-8) **Horn**: 0-4

**Varin skot:** Árni Snær 7 - Rúnar Alex 3.

## PEPSI DEILDIN 2013

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 21 | 16 | 1 | 4 | 48-26 | 49 |
| FH | 21 | 13 | 5 | 3 | 43-22 | 44 |
| Stjarnan | 21 | 13 | 4 | 4 | 34-21 | 43 |
| Breiðablik | 21 | 10 | 6 | 5 | 34-25 | 36 |
| Valur | 21 | 7 | 9 | 5 | 40-31 | 30 |
| ÍBV | 21 | 8 | 5 | 8 | 25-26 | 29 |
| Keflavík | 21 | 7 | 3 | 11 | 31-44 | 24 |
| Fylkir | 21 | 6 | 5 | 10 | 30-32 | 23 |
| Fram | 21 | 6 | 4 | 11 | 25-35 | 22 |
| Þór | 21 | 5 | 6 | 10 | 29-43 | 21 |
| Víkingur Ó. | 21 | 3 | 8 | 10 | 21-30 | 17 |
| ÍA | 21 | 3 | 2 | 16 | 28-53 | 11 |

### MARKAHÆSTIR

| | |
|---|---|
| Gary John Martin, KR | 12 |
| Viðar Örn Kjartansson, Fylkir | 12 |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 11 |
| Hólmbert Aron Friðjónsson, Fram | 10 |
| Chukwudi Chijindu, Þór | 9 |
| Hörður Sveinsson, Keflavík | 9 |
| Halldór Orri Björnsson, Stjarnan | 9 |
| Björn Daníel Sverrisson, FH | 9 |
| Baldur Sigurðsson, KR | 8 |
| Árni Vilhjálmsson, Breiðablik | 8 |

### LOKAUMFERÐIN

**Laugardagur 28.september** 14.00 FH - Stjarnan, ÍBV - Þór, Breiðablik - Keflavík, ÍA - Fylkir, KR - Fram og Víkingur Ó. - Valur.

**visir.is**
Frekari umfjöllun um Pepsi-deildina

# Kata kveður okkur í kvöld

Katrín Jónsdóttir spilar 133. og síðasta landsleik sinn í kvöld þegar Ísland mætir Sviss á Laugardalsvellinum í fyrsta leiknum í undankeppni HM 2015. Stelpurnar ætla að gera allt til að kveðja fyrirliðann sinn með sigri.

**FÓTBOLTI** Það verður kveðjustund í Laugardalnum í kvöld þegar Katrín Jónsdóttir klæðist íslenska landsliðsbúningnum í síðasta sinn. Það eru liðin 19 ár síðan landsliðsferill hennar hófst en nýráðinn þjálfari liðsins, Freyr Alexandersson, gaf Kötu tækifæri til að kveðja á heimavelli.

Það leit annars út fyrir að 0-4 tap á móti Svíþjóð í átta liða úrslitunum á EM í sumar yrði síðasti landsleikurinn en Freyr sannfærði Katrínu um að hjálpa liðinu að komast af stað í undankeppni HM 2015.

### Átti ekki von á símtalinu

„Ég átti ekki endilega von á þessu símtali frá Freysa en það var mikill heiður að vera spurð og það er alltaf heiður að spila fyrir landsliðið," segir Katrín. Það var dramatísk stund í Halmstad þegar hún faðmaði alla liðsfélagana og tárin féllu.

„Ég var ekki búin að ákveða það fyrir Svíaleikinn að það yrði síðasti leikurinn því við ætluðum okkur áfram. Svo töpuðum við honum og það voru miklar tilfinningar og læti þarna eftir leikinn. Þetta er ný keppni og mér finnst gaman ef ég get hjálpað til. Ég mun leggja allt í sölurnar til þess að liðið fari vel af stað í þessari keppni," segir Katrín. Hún er einbeitt og leggur mikla áherslu á að þetta kvöld eigi ekki að snúast um hana.

„Ég verð ekki í fókusnum í þessum leik því þetta er mótsleikur og mjög mikilvægur leikur," segir Katrín. Er alveg öruggt að þetta sé síðasti leikurinn?

„Nú þori ég varla að segja neitt," segir Katrín hlæjandi en bætir svo við: „Þetta er mitt síðasta tímabil með félagsliði og ég get fastlega ráð fyrir því að fá engin símtöl þegar ég er hætt að æfa," segir Katrín í léttum tón.

Svissneska liðið skoraði níu mörk í stórsigri á Serbíu um síðustu helgi og það mun því reyna á Katrínu og félaga í varnarleiknum í kvöld.

### Ætla að vinna fyrir hana

Tveir leikmenn liðsins sem gera tilkall til fyrirliðabandsins þegar hún er farin fagna því að Katrín fái að kveðja liðið á heimavelli.

„Það er skemmtilegt fyrir hana að koma og fá að spila síðasta leikinn á heimavelli. Við ætlum klárlega að vinna þennan leik fyrir hana og fá þrjú stig. Það er kannski aðeins meira undir út af þessu en það er skemmtilegt að fá hana aftur og ná að kveðja hana hérna heima," sagði Sara Björk Gunnarsdóttir, sem var varafyrirliði Katrínar síðustu ár.

„Gamla er að hætta og hún á það skilið frá okkur leikmönnunum, þjálfurunum og landsmönnum öllum að við kveðjum hana með stæl. Við leikmennirnir reynum að gera okkar inni á vellinum og vonandi koma sem flestir í stúkuna og gefa henni eitt gott lófaklapp þegar hún gengur af velli. Það er þvílíkt sem hún hefur gert fyrir þetta lið og hjálpað því að komast á þann stall sem það er á í dag," segir Margrét Lára Viðarsdóttir.

### Kvöldið verður tilfinningaríkt

Margrét Lára gerir sér samt vel grein fyrir því að kveðjuleikur Katrínar mun reyna á liðið andlega enda stelpurnar að kveðja magnaðan liðsfélaga.

„Það verða tilfinningar í þessum leik en fyrsta og fremst eru það leikurinn og úrslitin sem skipta máli. Það er okkar að einbeita okkur að því," sagði Margrét Lára.

Leikur Íslands og Sviss fer fram á Laugardalsvellinum og hefst klukkan 18.30.

ooj@frettabladid.is



**NÝTUR SÍÐASTA VERKEFNISINS** Katrín Jónsdóttir á æfingu með íslenska landsliðinu fyrir leikinn á móti Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Magnaður landsliðsferill í tölum

**11273**
Katrín er búinn að spila 11273 mínúturfyrir íslenska kvennalandsliðið eða með öðrum orðum í 187 klukkutíma og 53 mínútur.

**126**
Katrín hefur verið í byrjunarliðinu í 126 landsleikjum eða í öllum leikjum nema sex.

**90**
Katrín spilar í kvöld sinn 90. landsleik sem miðvörður en hún hefur einnig spilað á miðjunni (23), sem bakvörður (15) og sem framherji (5).

**75**
Katrín hefur spilað 75 keppnisleiki fyrir landsliðið þar af hafa 45 í Evrópukeppni.

**72**
Katrín mun í kvöld leiða íslenska liðið inn á völlinn í 72. sinn sem fyrirliði.

**52**
Katrín hefur tekið þátt í 52 sigurleikjum með landsliðinu en 61 leikja hennar hafa tapast.

**31**
Sviss verður 31. þjóðin sem Katrín mætir með íslenska landsliðinu

**30**
Katrín spilar 30. landsleikinn sinn á Laugardalsvellinum í kvöld.

**21**
Katrín er fjórða markahæsta landsliðskonan.

**10**
Katrín hefur spilað flesta landsleiki sína á móti Svíþjóð en hún hefur níu sinnum mætt Noregi og Þýskalandi.

**8**
Freyr Alexandersson er áttundi landsliðsþjálfarinn sem Katrín spilar fyrir.

EASY hægindastól
með skemli



TAXFREE TILBOÐSVERÐ 69.900
FULLTVERÐ KR. 89.900

JAZZ hægindastól
með skemli

4 litir: Brúnn, koníaksbrúnn, ljós og svartur.



Topgrain leður á slitflötum.
Hægt að halla aftur og á snúningsfæti.

TAXFREE TILBOÐSVERÐ 95.538
FULLTVERÐ KR. 119.900

FREDO hægindastól
með skemli



Topgrain leður á slitflötum.
Hægt að halla aftur og á snúningsfæti.

TAXFREE TILBOÐSVERÐ 69.900
FULLTVERÐ KR. 89.900

Holtagörðum
Pöntunarsími 512 6800
DORMA
DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI
Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík
OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00 (Akureyri lokað á sunnudögum)


í ábyrgð!
Tilboð: 1.950.000 kr.
Citroën C3 Seduction Airdream YEA15
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.090.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 1.890.000 kr.
Ford Fiesta Trend GNT74
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: dökkgrár
Ásett verð: 2.090.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 2.790.000 kr.
Mazda3 Advance JYE69
Árgerð 2013, dísil, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 2.990.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 1.550.000 kr.
Mazda2 Takara PBU12
Árgerð 2012, bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 1.730.000 kr.
Kauptu í dag
NÝLEGIR
BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI
Á FRÁBÆRU VERÐI
Tökum allar gerðir bíla uppí!
Tilboð: 3.490.000 kr.
Ford Kuga Trend AWD GXZ15
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 69.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 3.990.000 kr.
Verð: 2.850.000 kr.
Citroën C4 Comfort JGS79
Árgerð 2013, dísil, beinskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: brúnn
í ábyrgð!
Tilboð: 1.890.000 kr.
Mazda2 Premium UTL82
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 55.000 km. Litur: blár
Ásett verð: 2.090.000 kr.
ÁRGERÐIR 2011, 2012 og 2013
MINNI EYÐSLA
MEIRA ÖRYGGI
í ábyrgð!
Verð: 4.290.000 kr.
Ford Mondeo Titanium KZE18
Árgerð 2013, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: grár
í ábyrgð!
Tilboð: 4.480.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD ROF80
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 4.820.000 kr.
Tilboð: 3.550.000 kr.
Ford Escape Limited AWD UZT34
Árgerð 2011, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: ljósgulur
Ásett verð: 3.940.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 3.290.000 kr.
Ford Focus Titanium BNL50
Árgerð 2013, bensín, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Litur: grár
Bílafjármögnun Landsbankans
í ábyrgð!
Tilboð: 2.290.000 kr.
Citroën C4 Comfort KDM73
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 63.000 km. Litur: rauður
Ásett verð: 2.520.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 2.990.000 kr.
Ford Mondeo Trend HFL40
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 54.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.200.000 kr.
Tilboð: 1.990.000 kr.
Ford Focus Trend Collection LZK01
Árgerð 2011, dísil, beinskiptur
Ekinn 71.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.250.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 3.650.000 kr.
Ford Focus Titanium STW YHK53
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 51.000 km. Litur: dökkgrár
í ábyrgð!
Tilboð: 3.290.000 kr.
Mazda6 Premium LHP94
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.530.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 2.640.000 kr.
Citroën Berlingo Multispace FID95
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 40.000 km. Litur: hvítur
Verð: 3.790.000 kr.
Ford Galaxy Trend 7 sæta HHB27
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 83.000 km. Litur: grár
Skoðaðu úrvalið og finndu bílinn þinn á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

# Gylfi orðaður við Liverpool

**FÓTBOLTI** Samkvæmt enskum fjölmiðlum mun Brendan Rodgers, knattspyrnustjóri Liverpool, gera allt sem hann getur til að lokka Gylfa Þór Sigurðsson frá Tottenham Hotspur í janúar.

Liverpool tapaði fyrir Southampton, 1-0, um síðustu helgi og vantaði töluvert upp á miðjuspilið hjá liðinu í leiknum. Stjórinn vill því fjárfesta í skapandi miðjumanni og það sem allra fyrst.

Brendan Rodgers fékk Gylfa Þór til liðs við Swansea á sínum tíma og þekkir vel til leikmannsins.

Rodgers mun líklega leggja fram tilboð upp á 12 milljónir punda í Íslendinginn í janúar.

Gylfi hefur verið frábær að undanförnu bæði með Tottenham Hotspur og íslenska landsliðinu. Samkeppnin hjá Tottenham er aftur á móti orðin gríðarlega hörð og verður Íslendingurinn að halda vel á spöðunum til að halda sæti sínu í liðinu. - sáp



**EFTIRSÓTTUR** Gylfi Þór hefur ítrekað verið orðaður við Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY



**GAMAN Í FOSSVOGINUM** Leikmenn Víkings fagna einu af fjölmörgum mörkum sínum í Víkinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Víking í fremstu röð

**Formaður knattspyrnudeildar Víkings segir deildina vel í stakk búna til að taka þátt í baráttunni á leikmannamarkaðnum fyrir komandi sumar í efstu deild.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var skýrt markmið svo árangurinn var alveg í takt við væntingar," segir Björn Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Víkings. Karlalið félagsins tryggði sér sæti á meðal þeirra bestu í dramatískri lokaumferð í 1. deild karla um liðna helgi. Gengi liðsins var upp og niður í allt sumar en svo fór að góð markatala tryggði liðinu 2. sætið í deildinni á kostnað Hauka og Grindvíkinga.

„Þetta var frábært tímabil og við misstum aldrei trúna," segir Björn. Hann segir liðið heilt yfir hafa spilað afar vel þótt erfiðlega hafi gengið í upphafi seinni umferðar. Liðið steinlá 6-1 á Selfossi og liðið var án sigurs í næstu þremur leikjum.

„Annars spilaði liðið frábærlega og var að mínu mati besta liðið í deildinni."

Víkingur kom upp úr 1. deildinni sumarið 2010 en féll jafnharðan sumarið á eftir. Þá vann liðið aðeins þrjá leiki og hafnaði í neðsta sæti með 15 stig.

„Ég held að við séum mun betur í stakk búnir fyrir skrefið en þegar við förum upp 2010," segir Björn. „Það gekk á ýmsu sumarið 2011 en menn náðu í gríðarlega mikla reynslu."

### Á skilið ÍMARK-verðlaunin

Formaðurinn segir fjárhagsstöðu knattspyrnudeildar Víkings góða og félagið vel búið undir skrefið upp. Liðið verði styrkt.

„Félagið er tilbúið að taka þátt í öllu sem hægt er að gera á leikmannamarkaðnum," segir Björn en ljóst er að Ólafur Þórðarson verður áfram með liðið. Skagamaðurinn lauk sínu öðru ári á þriggja ára samningi við Fossvogsklúbbinn. Hann fær þá miklu áskorun að festa Víking í sessi en liðið hefur staldrað stutt við í heimsóknum sínum í efstu deild undanfarna tvo áratugi.

Í nýárskveðju knattspyrnudeildar Víkings til stuðningsmanna sinna í árslok 2010 var yfirlýst markmið að Víkingur yrði „besta knattspyrnulið landsins eigi síðar en árið 2014". Liðið féll strax um sumarið en nú er markmiðið aftur orðið að möguleika.

„Mér finnst að þessi kveðja ætti að fá ÍMARK-verðlaunin. Þetta situr svo fast í mönnum," segir Björn léttur og vísar í árleg markaðsverðlaun. „Kannski þurfum við að dusta rykið af markmiðunum."

Björn segir að fljótlega muni þeir setjast niður með Ólafi þjálfara og skoða framhaldið. „Við erum rétt að rakna úr rotinu eftir fagnaðarlætin," segir Björn sem er stórhuga sem fyrr. Víkingur varð síðast Íslandsmeistari árið 1991.

„Við ætlum með liðið í fremstu röð. Það er ljóst." - ktd

# Gattuso rekinn frá Palermo

**FÓTBOLTI** Forráðamenn ítalska knattspyrnufélagsins Palermo hafa rekið Gennaro Gattuso sem stjóra liðsins en Ítalinn stýrði liðinu aðeins í sjö deildarleikjum.

Palermo leikur í ítölsku B-deildinni og náði aðeins í sjö stig í stjóratíð Gattuso.

Palermo tapaði fyrir Bari, 2-1, á þriðjudagskvöldið og var það kornið sem fyllti mælinn.

Giuseppe Iachini mun taka við liðinu út leiktíðina en þetta er í tólfta sinn sem forráðamenn Palermo reka stjórann sinn á síðustu tveimur árum.

Sem leikmaður var Gattuso ávallt skrautlegur og olli oft á tíðum miklum usla inn á miðsvæðinu.

Sem leikmaður lék Ítalinn með Perugia, Rangers, Salernitana og í heil þrettán ár með AC Milan.

Gattuso, sem er 35 ára, hóf stjóraferil sinn fyrr á þessu ári þegar hann var spilandi þjálfari hjá svissneska liðinu Sion. Þaðan var hann ráðinn til Palermo í vor en dvöl hans þar varð mjög svo stutt. - sáp



**REKINN** Þjálfaraferill Gattuso fer ekki vel af stað. Hann á að baki magnaðan feril sem leikmaður. NORDICPHOTOS/GETTY



# SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic




**Panasonic TXL42E6**

# 169.990

## GLÆSILEG HÖNNUN

**Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+**

**Framúrskarandi myndgæði**
100Hz Backlight Blinking tryggir flöktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

**Viera Connect WiFi snjallsjónvarp**
Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen" getur notandinn aðlagað að sínum þörfum hvað birtist á skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.

FULL HD 1920X1080p · 100Hz blb Back Light Blinking · my Home Screen · HIGH CONTRAST · SWIPE & SHARE · VIERA Connect · Wireless LAN Built-in · SLIM LED

AVForums HIGHLY RECOMMENDED AWARD · Trusted Reviews RECOMMENDED · HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED · EDITORS' CHOICE MAR 2013 cnet

„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an atrractively slim design" cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

# DAGSKRÁ



## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl 20.05
**Sælkeraferðin**



Glæsilegir þættir þar sem sjónvarpskonan Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera, veitingahúsafólk og sveitamenn og -konur sem bjóða upp á það allra besta af íslenskum sælkeramat. Farið er í alla landshluta og falin leyndarmál skoðuð. Í hverjum þætti fáum við að heyra sögu viðmælendanna og svo matreiða þeir fyrir okkur einfalda en um leið lygilega góða rétti úr hráefni sveitanna. Sannkölluð sælkeraferð um Ísland!



### Landsleikur í fótbolta
**SJÓNVARPIÐ KL. 18.20** Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Sviss í forkeppni HM.



### 30 Rock
**SKJÁR EINN KL. 20.45** Liz Lemon og félagar í 30 Rockefeller snúa loks aftur með frábæra þáttaröð sem hlotið hefur fjölda verðlauna.

TV.COM 8,7 IMDb 7,9



### The X-Factor US
**STÖÐ 3 KL. 20.30** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið sitja söngkonurnar Demi Lovato, Kelly Rowland og Paulina Rubio.

### Rás 1 kl. 09.05
**Segðu mér**



Segðu mér er heiti á nýjum viðtalsþætti, sem Sigurlaug Margrét Jónasdóttir hefur umsjón með. Hún fær til sín gesti úr öllum kimum þjóðlífsins til að segja frá sér og hugðarefnum sínum. Það verður ljúf stund að morgni dags þegar Sigurlaug tekur á móti gestum sínum.







## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Touch**
**11.50** **Hell's Kitchen**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The New Normal**
**13.25** **Lego. The Adventures of Clutch Powers**
**14.50** **The Glee Project**
**15.35** **Ofurhetjusérsveitin**
**16.00** **Tasmanía**
**16.25** **Ellen** *(53:170)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(2:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Meistaramánuður** *(1:6)*
**20.05** **Sælkeraferðin** *(2:8)*
**20.25** **Masterchef USA** *(12:20)* Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**21.10** **The Blacklist** *(1:13)* Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstastasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington, sem gefur sig fram við FBI og býður fram aðstoð sína við að klófesta hættulega glæpa- og hryðjuverkamenn.
**21.55** **NCIS. Los Angeles** *(7:24)*
**22.40** **Breaking Bad** *(7:8)* Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.
**23.25** **Ástríður** *(2:10)*
**23.50** **The Way of War**
**01.20** **Broadchurch**
**02.10** **Boardwalk Empire**
**03.05** **Death Race 2**
**04.40** **Into The Blue 2. The Reef**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Man. United - Liverpool**
**16.00** **Spænsku mörkin**
**16.30** **Evrópudeildarmörkin**
**17.25** **Man. United - Liverpool**
**19.05** **Þýski handboltinn**
**20.25** **Elche - Real Madrid**
**22.05** **Barcelona - Real Sociedad**
**23.45** **M. Haifa - AZ Alkmaar**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30** **Messan**
**16.40** **Arsenal - Stoke**
**18.20** **West Ham - Everton**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.25** **Football League Show**
**21.55** **Liverpool - Southampton**
**23.35** **Crystal Palace - Swansea**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**17.10** **The Great Escape** *(2:10)*
**17.50** **Smash** *(2:17)*
**18.35** **Game tíví**
**19.00** **The Choice** *(3:6)*
**19.45** **Bunheads** *(3:18)*
**20.30** **The X-Factor US** *(5:26)*
**21.55** **Shameless** *(3:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman er löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.
**22.45** **Banshee** *(3:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrverandi fangi og afar útsmoginn þjófur.
**23.35** **Hunted** *(1:10)*
**00.35** **Strike back**
**01.20** **The Choice**
**02.10** **Bunheads**
**04.20** **Shameless**
**05.10** **Banshee**
**06.00** **Tónlistarmyndbönd**

## krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Svampur Sveinsson **15.46** Elías **15.58** Áfram Diego, áfram! **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty **19.00** Unstable Fables

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(7:24)*
**20.00** **Fóstbræður** *(3:7)*
**20.30** **Mið-Ísland** *(4:8)*
**21.00** **Steindinn okkar** *(4:8)*
**21.25** **The Drew Carey Show** *(8:24)*
**21.50** **Curb Your Enthusiasm** *(3:10)*
**22.25** **Game of Thrones** *(1:10)*
**23.30** **Fóstbræður**
**23.55** **Mið-Ísland**
**00.25** **The Drew Carey Show**
**00.45** **Steindinn okkar**
**01.05** **Curb Your Enthusiasm**
**01.40** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.25** **Spy Next Door**
**14.00** **I Don't Know How She Does It**
**15.30** **The Vow**
**17.10** **Spy Next Door**
**18.45** **I Don't Know How She Does It**
**20.15** **The Vow**
**22.00** **Rock of Ages**
**00.05** **J. Edgar**
**02.20** **Other Side of the Tracks**
**03.55** **Rock of Ages**

## RÚV

**15.45** **Kiljan**
**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Franklín og vinir hans**
**17.45** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **Fréttir og veður**
**18.20** **Landsleikur í fótbolta** *(Ísland - Sviss)* Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Sviss í forkeppni HM.
**20.35** **Gunnar á völlum - Maður í bak** Gunnar Sigurðarson spjallar við íþróttafólk af hóflegri alvöru.
**20.45** **Fagur fiskur** *(4:8) (Skötuselur)* Matreiðslumaðurinn Sveinn Kjartansson eldar gómsætt sjávarfang.
**21.15** **Sönnunargögn** *(10:13) (Body of Proof)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Veðurfréttir**
**22.30** **Djöflar Da Vincis** *(2:8) (Da Vinci's Demons)* Þáttaröð um snillinginn Leonardo Da Vinci og ævintýri hans þegar hann var ungur maður í Flórens á endurreisnartímanum.
**23.30** **Hálfbróðirinn** *(4:8) (Halvbroren)*
**00.15** **Kynlífsráðuneytið** *(9:15) (Sex ministeriet)* Dönsk þáttaröð.
**00.45** **Fréttir**
**00.55** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.30** **Once Upon A Time**
**17.10** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.40** **Dr. Phil**
**18.20** **America's Next Top Model**
**19.05** **America's Funniest Home Videos**
**19.30** **Cheers** *(11:26)*
**19.55** **Solsidan** *(7:10)*
**20.20** **Save Me - NÝTT** *(1:13)* Skemmtilegir þættir með Anne Heche í hlutverki veðurfræðings sem lendir í slysi og í kjölfar þess telur hún sig vera komin í beint samband við Guð almáttugan.
**20.45** **30 Rock - NÝTT** *(1:13)* Liz Lemon og félagar í 30 Rockefeller snúa loks aftur með frábæra þáttaröð sem hlotið hefur fjölda verðlauna.
**21.10** **Happy Endings** *(5:22)* Bandarískir gamanþættir um vinahóp sem einhvern veginn tekst alltaf að koma sér í klandur. Það er rómantík í loftinu en það er erfitt að líta vel út þegar maður þarf að vera með hjálm út af nýlegum heilahristingi.
**21.35** **Parks & Recreation** *(5:22)*
**22.00** **Flashpoint** *(15:18)*
**22.45** **Under the Dome** *(1:13)* Dularfullir þættir eftir meistara Stephen King.
**23.35** **Dexter** *(11:12)*
**00.25** **Olivia Lee. Dirty, Sexy, Funny**
**00.50** **Excused**
**01.15** **Unforgettable**
**02.05** **Flashpoint**
**02.50** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.40** Tour Championship **2013 13**.40 Tour Championship **2013 18**.40 PGA Tour - Highlights **19.35** Inside the PGA Tour **20.00** Tour Championship **2013 01**.00 Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# BORG RESTAURANT



**BRUNCHFJARKINN** 1990 KR.
HELGAR FRÁ 11.30-15.00

**HÁDEGISFJARKINN** 1590 KR.
VIRKA DAGA FRÁ 11.30-14.00

BORG RESTAURANT
**Hótel Borg - Pósthússtræti 11 - 101 Reykjavík**
s: 578-2020 - info@borgrestaurant.is - www.borgrestaurant.is

## BESTI BITINN



**„Þegar skipulagið býður ekki upp á að elda kvöldmat heima er gott að leita til Tókýó Sushi í Glæsibæ. Svo eru mjög góðar pitsur á Eldofninum á Bústaðaveginum.“**

Birta Björnsdóttir, sjónvarpskona í Íslandi í dag.

# Erfiðir orðaleikir í Spamalot

Bragi Valdimar Skúlason þýðir söngleikinn Spamalot fyrir Þjóðleikhúsið.

Bragi Valdimar Skúlason úr Baggalúti er að þýða enska söngleikinn Spamalot fyrir uppfærslu Þjóðleikhússins á næsta ári.

„Ég var að þýða Jeppa á Fjalli fyrir Borgarleikhúsið og stökk svo yfir borgina og er á kafi í Spamalot núna. Það er rosa gaman,“ segir Bragi Valdimar.

Aðspurður segist hann mikill aðdáandi Monty Python en söngleikurinn er að mestu byggður á kvikmynd grínhópsins, The Holy Grail. „Ég er löngu forfallinn aðdáandi. Maður gleypti þetta í sig allt í barnæsku,“ segir hann og er sammála því að Baggalútur hafi verið undir áhrifum frá Monty Python í gegnum árin. „Ætli maður verði ekki að fallast á það. Það eru einhvers konar súrheit sem hafa fylgt manni.“

➜ Spamalot er fyrsti söngleikurinn sem Bragi Valdimar Skúlason þýðir.

Hann segir erfitt að þýða söngleikinn yfir á íslensku. „Það er mikið af orðaleikjum. Þetta er skrifað fyrir fólk sem þekkir söngleiki og það er eiginlega verið að gera grín að söngleikjum, sem er dálítið skemmtilegt. Þarna eru tilvísanir í allar áttir og það er gaman að glíma við þetta.“



**BRAGI VALDIMAR** Baggalúturinn er að þýða söngleikinn Spamalot fyrir Þjóðleikhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Söngvari Yes stígur á svið með Todmobile

Jon Anderson, stofnmeðlimur Yes, syngur með Todmobile í Eldborg.

„Við erum mjög spennt fyrir þessu samstarfi,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson í Todmobile.

Jon Anderson, upprunalegur söngvari ensku proggsveitarinnar heimsfrægu Yes, kemur fram á árlegum tónleikum Todmobile í Eldborgarsal Hörpu 15. nóvember. Flutt verða vinsælustu lög Yes og Todmobile.

Anderson er einn af stofnmeðlimum Yes en hætti í sveitinni undir lok áttunda áratugarins. Hann sneri aftur í hana á þeim níunda og þá kom út eitt vinsælasta lag hennar, Owner Of A Lonely Heart. Tvær plötur sveitarinnar náðu efsta sæti breska vinsældarlistans á áttunda áratugnum.

Þorvaldur Bjarni kynntist Anderson þegar sá síðarnefndi var að leita að samstarfsmönnum fyrir sinfóníska tónlist sem hann var að vinna. Þorvaldur sendi honum hluta af þeirri sinfónísku tónlist sem hann var að gera á þeim tíma, þar á meðal tónlist fyrir kvikmyndina Astropíu og söngleikinn Gosa, og hitti hún í mark hjá honum. „Við vorum í sambandi eftir það og fundum út að við vorum algjörlega á sömu blaðsíðu í músíkinni,“ segir Þorvaldur Bjarni, spurður út í vináttu þeirra. Í framhaldinu skiptust þeir á að senda á milli sín tónlist og sömdu þeir einhver lög saman, þar á meðal eitt lag sem verður frumflutt á tónleikunum í Hörpu.

Aðspurður segir Þorvaldur Bjarni að hljómsveitin Yes sé tvímælalaust einn af stórum áhrifavöldum sínum í tónlistinni, ásamt David Bowie, Led Zeppelin, Roxy Music og King Crimson. „Ef hægt er að flokka Todmobile í einhvern geira í íslensku tónlistarlífi höfum við alltaf verið að míga utan í progg. Þótt sum af popplögunum okkar hafi slegið í gegn er uppistaðan alltaf þessi stóru lög sem hafa nýst okkur frábærlega á tónleikum. Við erum fyrst og fremst tónleikasveit og það sama má segja um Yes.“

Miðasala á tónleikana í Eldborg hefst í næstu viku.

freyr@frettabladid.is



**ÁHUGAVERT SAMSTARF** Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og félagar í Todmobile spila með Jon Anderson á tónleikum í Eldborg.

### Tvöföld plata frá Todmobile

Hljómsveitin Todmobile er að undirbúa tvöfalda plötu. Á fyrri helmingnum verða glæný lög en á þeim síðari verður upptaka frá fyrstu tónleikum Todmobile í Eldborg. Mynddiskur frá tónleikunum fylgir einnig í kaupbæti. Halldór Baldursson, skopmyndateiknari hjá Fréttablaðinu, hannar umslag plötunnar. Hann var einnig maðurinn á bak við umslag Spillt, sem kom út með Todmobile fyrir tuttugu árum við miklar vinsældir.



**JON ANDERSON** Tónlistarmaðurinn er einn af stofnendum hljómsveitarinnar Yes. NORDICPHOTOS/GETTY






# Hlakkar til að verða skólastjóri

Ástrós Erla Benediktsdóttir er nýráðin yfirkennari og skólastjóri í förðunarskóla.

„Ég er ótrúlega spennt fyrir þessu nýja verkefni. Ég er á fullu í háskólanum og er í Stúdentaráði líka,“ segir Ástrós Erla Benediktsdóttir, nýráðinn yfirkennari og skólastjóri við förðunarskólann NN Make Up School.

NN Make Up School er í eigu förðunarmeistarans Kristínar Stefánsdóttir, sem gaf nýverið út bókina Förðun skref fyrir skref, og opnar skólinn í byrjun október.

„Það er svolítið skondið hvernig þetta byrjaði. Ég var fengin til þess að sitja fyrir í förðunarbók Kristínar og áður en ég vissi af var ég farin að aðstoða við stíliseringu í bókinni og hjálpa til við hitt og þetta. Í framhaldi af því kynntist ég Kristínu betur og hún sagði mér frá skólanum sem hún stefndi á að opna. Við náðum mjög vel saman og henni leist vel á mig. Þegar hún svo bauð mér að vera yfirkennari og skólastjóri kom ekkert annað til greina en að taka starfinu. Það hefur verið draumur lengi að kenna förðun,“ segir Ástrós, sem útskrifaðist sem förðunarfræðingur fyrir þremur árum.

Ástrós hefur í nógu að snúast en hún er að klára B.A-nám í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands, ásamt því að sitja í Stúdentaráði fyrir hönd Vöku og vera í félags- og menningarmálanefnd Háskólans.



**MJÖG SPENNT** Ástrós Erla Benediktsdóttir er spennt fyrir nýja hlutverkinu. Hún verður yfirkennari og skólastjóri í nýjum förðunarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég hef engar áhyggjur af því að þetta gangi ekki upp. Ég þarf bara að skipuleggja mig rosalega vel og vakna snemma. Kærastinn minn er bakhöndin mín og ef hann treystir mér veit ég að ég er að gera rétt,“ segir Ástrós að lokum. - áo


FÁÐU Lemon TIL ÞÍN!
Lemon Pop-Up mætir á staðinn með grillaðar sælkerasamlokur og djúsar ferskustu djúsa landsins á staðnum í takt við eðaltónlistina frá DJ Margeir sem hjá okkur hljómar.
Lemon sælkerasamloku-bakkar fyrir hádegið, fundi, partýið eða hvaða viðburð sem er.
Lemon djúsbakkar við öll tækifæri.
Lemon morgunverður: Grísk jógúrt, ferskir ávextir og hollur & góður hafragrautur.
POP-UP@LEMON.IS
Lemon POP-UP
Lemon * Laugavegur 24 * Suðurlandsbraut 4 * 519-5555

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skálað fyrir ferlinum

Margt var um manninn á Kexinu í gær þegar skálað var fyrir pólitískum ferli **Gísla Marteins** og nýju starfi hjá RÚV. Pólitískir samherjar og mótherjar mættu, svo sem Hildur Sverrisdóttir flokkssystir hans, Kristín Soffía Jónsdóttir úr Samfylkingunni og Elsa Yoman úr Besta flokknum.



Einnig voru góðir vinir Gísla Marteins á svæðinu, Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður og Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri RÚV sem hefur ráðið Gísla Martein í vinnu. **- ebg**

### Bjór og trú í Laugardal

Októberfest verður haldið í risatjaldi í Laugardalnum á föstudag og laugardag. Á meðal atriða verða fræðsluleikritið Bjórsaga með Víkingi Kristjánssyni, fullorðinssirkusinn Skinnsemi, pub-quiz með Hjörvari Hafliðasyni og einnig kemur fram hópur listamanna og uppistandara, þar á meðal Halldór Gylfason, Lee Nelson, Sólmundur Hólm, **Steindi jr.** og Bent. Bjórhátíðin skarast á við trúarhátíðina Hátíð vonar sem verður haldin í Laugardalshöll, hinum megin við götuna, á laugardag og sunnudag. Aðstandendur Októberfest vilja endilega fá gesti trúarhátíðarinnar í heimsókn til að smakka á bjórnum og skemmta sér en óvíst er hvort þeim verður að ósk sinni. **- fb**



## Mest lesið VÍSIR

1. Skólastjóri segir samræmt próf í íslensku fáránlegt
2. Eiganda Nuk kom ekki dúr á auga: „Ég er mjög áhyggjufull“
3. Enn bið eftir fríu interneti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
4. Lög í Sádi-Arabíu heimila hýðingar
5. Lögregla kölluð til á yngri flokka leik í Árbænum





